Grúska Babúska

SPILAR HEIMA HJÁ HRAFNI GUNNLAUGS ▶24

JÓN BALDVIN TEKUR TIL VARNA ▶18

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ

31. ágúst 2013

204. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2012

KICKBOX-STELPAN ÚR KÓPAVOGINUM

Sunna Rannveig Davíðsdóttir er fremst íslenskra kvenna í blandaðri bardagalist og tekst á við áföll með átökum. Hinn 14. september fer hún til Írlands og berst í vírbúrinu. ▶26

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KONUR ÁHUGAVERÐARI EN KARLAR Sænski leikstjórinn Lukas Moodysson er heiðursgestur RIFF í ár. ▶34

Forseti bæjarstjórnar Garðabæjar:

„Jæja strákar, erum við þá ekki allir sammála?“ ▶32

HERRALEG HAUSTTÍSKA

Síðar kápur og víðar síðbuxur verða áberandi í haust og vetur. ▶40

SÉR blað um dáleiðslu FYLGIR í dag

OPNUNAR HÁTÍÐ
Í DAG FRÁ 12 TIL MIÐNÆTTIS Í HALLARMÚLA 2
TÖLVUTEK
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS HALLARMÚLA 2

HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
Mikið úrval • Frábær gæði • Betri verð
www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland

FRÉTTIR 2→12

RISAHÓTEL Á HELLU 2
Hundrað og þrjátíu herbergja hótel er að rísa við Hellu. Það á að vera tilbúið 1. maí á næsta ári.

32,6 MILLJARÐA HAGNAÐUR BANKA Á FYRRI HLUTA ÁRS 6
Hagnaður bankanna er ekki óeðlilegur þegar horft er til eigin fjár þeirra, segir sérfræðingur. Samanlagðar eignir bankanna jukust um 69 milljarða króna fyrstu sex mánuði ársins.

AXLA EKKI SAMFÉLAGSÁBYRGÐ 10
Almenningur telur fyrirtæki ekki axla samfélagslega ábyrgð sína, ef marka má nýja rannsókn sem unnin var fyrir Festu. Niðurstaðan sýnir að þörf sé á vitundarvakningu.

LOFA STÆRRA BARNAHÚSI 12
Ráðherrar lofa aðgerðum til að stytta biðlista í Barnahús.

„Við unnum fullnaðarsigur. Þetta er sögulegt mál enda í fyrsta skipti sem stúdentaráð fer í mál og við unnum. Þetta sýnir að hagsmunabaráttan er ekki til einskis.“ 4

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs var hæstánægð eftir að dómur var uppkveðinn í máli LÍN gegn íslenska ríkinu í gær.

SKOÐUN 16→20

FORM ÁKVARÐANA UM AÐILDARVIÐRÆÐUR 16
Þorsteinn Pálsson um viðræðurnar við ESB.

HÁSKÓLI ÍSLANDS: TALIBANAR Í FÍLABEINSTURNI? 18
Jón Baldvin Hannibalsson um ákvörðun háskólans um að afturkalla námskeið hans.

MIKILVÆGI BARNAHÚSS 20
Svala Ísfeld Ólafsdóttir um biðlistana í Barnahúsi.

HELGIN 24→46

EFNA LOFORÐIÐ 24
Grúska Babúska heldur tónleika á heimili Hrafns Gunnlaugssonar.

TÁRFELLT YFIR ÞEYSIREIÐ BISKUPSSONAR 30
Illugi Jökulsson las Íslandssögu Jónasar frá Hriflu spjaldanna á milli sem barn.

VOÐA LÍTIÐ VIÐKVÆM FYRIR UMTALI 32
Áslaug Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Garðabæjar, fór ung að láta til sín taka í pólitík og er óhrædd við að axla ábyrgð.

HATAÐI SVÍÞJÓÐ EN EKKI LENGUR 34
Sænski leikstjórinn Lukas Moodysson er heiðursgestur RIFF í ár.

ÆTLA AÐ VERA Í SJÓNVARPINU ALLA DAGA 44
Atli Svavarsson er sex ára og því eitt þeirra fjölmörgu barna sem eru að hefja skólagöngu þessa dagana.

MENNING 53→70

ER MIÐALDRA Í AUGUM NEMENDANNA 70
Dagur Kári Pétursson leikstjóri hefur tekið við leikstjóradeild hins Den Danske Filmskole.

AIRWAVES Í TÖLUM 58
Fréttablaðið skyggndist á bak við tjöldin hjá starfsfólki tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves.

SPORT 62→64

KVÍÐIR ÞVÍ EKKI AÐ ÞJÁLFA STELPURNAR 64
Freyr Alexandersson er nýr þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta og tekur við af Sigurði Ragnari.

FIMM Í FRÉTTUM BÁTSSTULDUR OG FLUGVALLARMÁLIÐ

Skúli Mogensen lofaði hálfri milljón í fundarlaun fyrir horfinn hraðbát. Báturinn kom síðan í leitirnar og lögregla rannsakar stuldinn. Óvíst er enn hver fær fundarlaunin, þau gætu runnið til góðs málefnis.

Jón Baldvin Hannibalsson verður ekki gestafyrirlesari við Háskóla Íslands eins og til stóð. Forseti félagsvísindadeildar sagði það hafa verið ákveðið með heildarhagsmuni skólans í huga.

Eigandi og leikskólastjóri Leikskólans 101, **Hulda Linda Stefánsdóttir**, hefur ákveðið að leggja niður reksturinn. Er það vegna ásakana um að ung börn hafi verið beitt ofbeldi í dagvistun þar.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir stemningu fyrir því innan VG að flokkar á vinstri vængnum hefji samstarf eða myndi kosningabandalög fyrir sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor.

➜ **Jón Gnarr** tjáði sig í vikunni um flugvallarmálið og taldi einföldun að telja þær mínútur mikilvægastar varðandi líf og dauða sjúklinga í sjúkraflugi sem líða meðan ekið er frá Reykjavíkurflugvelli inn á Landspítala. Sjúkraflutningur geti tekið marga klukkutíma.



SVONA MUN HÓTELIÐ LÍTA ÚT Hægt verður að gista í svefnpokaplássi, herbergi, parhúsi eða svítu. MYND/STRACTA

Hótel nýs hótelrisa að rísa við Hellu

Hundrað og þrjátíu herbergja hótel er að rísa við Hellu. Það á að vera tilbúið 1. maí á næsta ári. Hótelið markar upphaf hótelkeðju Stracta sem áformar að reisa tíu álíka hótel innan þriggja ára. Hótelið er vatn á myllu Hellu segir sveitarstjóri.

FERÐAMENNSKA Framkvæmdir eru hafnar við hundrað og þrjátíu herbergja hótel við útjaðar Hellu. Verða engar vöflur hafðar á því Hreiðar Hermannsson, framkvæmdastjóri Stracta konstruktion ehf, og Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri Rangárþings ytra, skrifuðu undir lóðarsamning í síðustu viku og hótelið á að verða tilbúið fyrir fyrstu gesti í síðasta lagi 1. maí á næsta ári.

HREIÐAR HERMANNSSON

„Þetta hefur gríðarlega þýðingu fyrir okkur,“ segir Drífa. „Bæði fær sveitarfélagið náttúrulega fastaeignagjöld af þessu en svo er þetta mikilvægt fyrir atvinnulífið, það munu að minnsta kosti þrjátíu manns starfa við hótelið.“ Byggðarþróun hefur frekar verið Hellu jákvæð en þar bjuggu innan við sex hundruð manns um síðustu aldamót. Nú eru íbúarnir nálægt því að vera átta hundruð.

Lóðin er 15.000 fermetrar enda er ekki um eina byggingu að ræða heldur nokkrar húsaraðir, tvö einbýlishús og svo trónir stórt hús með veislusal og fleiru í miðið. Utan um allt er síðan mikill garður þar sem gestir eiga að hafa ýmislega við að vera. Þar verða útivistarsvæði þar sem meðal annars verður hægt að grilla og eins verða þar leiksvæði fyrir börn og heitir pottar. „Við viljum halda í gestina svo þeir séu ekki bara að gista í eina nótt og síðan farnir út í bíl og af stað. Þannig að fólk á að geta kynnst öðrum gestum,“ segir Hreiðar.

Áform Stracta ná hins vegar langt út fyrir Rangárþing ytra en stefnt er að því að reisa alls tíu hótel víða um land. Auk hótelsins á Hellu munu álíka hótel í eigu Stracta verða opnuð bæði á Húsavík og á Orrustustöðum, skammt austan við Kirkjubæjarklaustur, á næsta ári. Svo stendur til að reisa svipuð hótel í Hornafirði, á Egilsstöðum, Sauðárkróki, Hólmavík, Stykkishólmi, einhvers staðar í Árnessýslu og svo í Vestmanneyjum, heimaslóðum Hreiðars. Hann segir góðar horfur í þessum málum. „En auðvitað geta orðið einhverjar tafir í skipulagsmálunum sem hafa áhrif á þetta en stefnan er þessi.“ jse@frettabladid.is

Obama segir Bandaríkin ekki geta setið aðgerðarlaus gagnvart Sýrlandi:

Kerry leggur spilin á borðið

BANDARÍKIN John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hélt því fram í gær að efnavopnaárásin í úthverfum Damaskusborgar í síðustu viku hafi kostað að minnsta kosti 1.429 manns lífið, þar af 429 börn og jafnvel fleiri.

Barack Obama forseti sagði Bandaríkin ekki geta setið lengi hjá aðgerðarlaus gagnvart þessum glæp Assads Sýrlandsforseta. Bandaríkjaher sé að skoða hvað hægt sé að gera, en helst kysi hann fjölþjóðlegar aðgerðir gegn Sýrlandi.

Kerry segir engan vafa leika á því að það hafi verið Sýrlandsstjórn sem stóð að þessum árásum. Þremur dögum fyrir árásina hafi menn á vegum stjórnarhersins verið á vettvangi að kanna aðstæður og undirbúa árásina.

„Þetta snýst ekki lengur um það hvað við vitum heldur hvað við ætlum að gera,“ segir Kerry. Bandaríkjastjórn muni nú ræða framhaldið bæði við bandamenn sína og við Bandaríkjaþing.

Trúverðugleiki Bandaríkjanna og Vesturlanda sé í húfi. Ekki megi leyfa stjórn Bashar al Assads í Sýrlandi að komast refsilaust upp með það að beita efnavopnum á eigin þjóð.

Kerry segir leyniþjónustumenn Bandaríkjanna hafa nákvæmar upplýsingar um það sem gerðist. Rannsókn Sameinuðu þjóðanna á vettvangi í Damaskus muni ekki leiða neitt í ljós, sem bandaríska leyniþjónustan veit ekki nú þegar. Sú rannsókn muni ekki sýna fram á hver ber ábyrgð á árásinni, heldur aðeins hvort efnavopn hafi verið notuð. - gb

JOHN KERRY Utanríkisráðherra Bandaríkjanna dregur fram rök fyrir refsiaðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AFMÆLISTILBOÐ!

Í TILEFNI AF 26 ÁRA AFMÆLI RÚMFATALAGERSINS BJÓÐUM VIÐ UPPÁ KAFFI, KLEINUR OG SAFA Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR LAUGARDAG OG SUNNUDAG!

TILBOÐIN GILDA TIL 04.09.2013

ALLIR HÆGINDASTÓLAR **26%** AFSLÁTTUR

ALLAR BASTKÖRFUR **30%** AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL AF SPEGLUM Á FRÁBÆRU AFMÆLISTILBOÐI

26% AFSLÁTTUR

ALLIR DÚNKODDAR **26%** AFSLÁTTUR

SCREEN GARDÍNA

26% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ: **4.436**

SCREEN GARDÍNUR
Góðar SCREEN rúllugardínur. Litur: Hvítt. Stærðir:
80 x 170 sm. **5.995** nú **4.436** 100 x 170 sm. **7.995** nú **5.916**
120 x 170 sm. **8.995** nú **6.656** 140 x 170 sm. **9.995** nú **7.396**
150 x 170 sm. **10.990** nú **8.132** 160 x 170 sm. **11.990** nú **8.872**
180 x 170 sm. **12.990** nú **9.612** 200 x 170 sm. **14.990** nú **11.092**
150 x 250 sm. **14.990** nú **11.092** 90 x 250 sm. **9.995** nú **7.396**
Vnr. 69060124

26% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ FRÁ: 399

295

MAGIC GLOVES FINGRAVETTLINGAR
Nokkrir litir. 1 par í pakka. Barnastærð **399** nú **295**
Fullorðinsstærð **499** nú **369**
Vnr. 23000295

KAUPTU 2 OG SPARAÐU **26%**

1 STK.

995

ANIMAL SOKKABUXUR
Með mynd á rassinum.
Fáanlegar í 4 gerðum.
Stærðir: 56-98.1 stk. **995**
2 stk. **1.470** Vnr. 24000606

GÓLFMOTTUR NÚ FRÁ: **1.476**

26% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL

Vnr. 12001/650
Vnr. 14115/265
Vnr. 3055/92
Vnr. 3490/75
Vnr. 4840-90
Vnr. 5870313
Vnr. 5870363
Vnr. 5881400
Vnr. 5879500
Vnr. 5876863
Vnr. 12004/11
Vnr. 14104/265
Vnr. 2620/32
Vnr. 42043/90
Vnr. 4201/90
Vnr. 5846303

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

24.08.2013 → 30.08.2013

28% aukning hefur orðið á neyðarútköllum þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar fyrstu átta mánuði þessa árs. Þetta er rakið til fjölgunar erlendra ferðamanna og aukningar ferðalaga Íslendinga innanlands, þá sérstaklega í áhættusamari ferðum.

12.849

nemar höfðu skráð sig í Háskóla Íslands 23. ágúst síðastliðinn. Viðskiptafræðin er vinsælust, en 280 skráðu sig þar í nám fyrir næsta vetur.

10

myndir hafa verið staðfestar á kvikmyndahátíðina RIFF sem hefst fimmtudaginn 26. september. Þetta er tíunda hátíðin og þess má geta að hún stendur yfir í tíu daga.

42.300

krónur er fæðisféð sem fangar fá til þess að kaupa mat fyrir á mánuði. Það gera 1.300 krónur á dag. Aðstandanda fanga í Kvennafangelsinu í Kópavogi blöskraði lágt fæðisfé fanga.

46

ár eru liðin frá upptöku Ríkisútvarpsins á Dýrunum í Hálsaskógi. Ekkert verður af dómsmáli sem Þjóðleikhúsið höfðaði gegn Senu vegna ágreinings um útgáfurétt á leikritinu eftir að frumskjöl komu í leitirnar.

Eistland vill Jón Baldvin:

Boðin staða gestaprófessors

MENNTUN Háskólinn í Tartu í Eistlandi hefur boðið Jóni Baldvini Hannibalssyni að gerast gestaprófessor við Rannsóknastofnun Evrópumála á næsta vormisseri. Háskólinn hefur jafnframt skrifað Jóni Baldvini og stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands með beiðni um að námskeiðið sem hann og deildin stóðu sameiginlega að í Vilníus í Litháen á sl. vormisseri verði endurtekið fyrir meistaraprófsnema í alþjóðasamskiptum og Evrópufræðum við Háskólann í Tartu.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu á bls. 18 fjallar Jón Baldvin um þá ákvörðun Háskóla Íslands að afturkalla námskeiðið hér heima. - ibs

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Lögreglumaður á Laugavegi:

Ákærður fyrir líkamsárás

LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært lögreglumann fyrir líkamsárás og brot í opinberu starfi vegna handtöku á konu í miðborg Reykjavíkur í byrjun júlí. Íbúar á Laugavegi náðu handtökunni á myndband.

Þar sést hvar lögreglumaðurinn snýr konuna niður eftir samskipti þeirra á milli, en í látunum skellur hún utan í garðbekk áður en hún er handtekin og sett aftur í lögreglubílinn.

Málið vakti mikla athygli þegar það kom upp í sumar vegna meints harðræðis. Lögreglumaðurinn var leystur undan skyldum sínum á meðan það var til rannsóknar. - þj

Lágmarksframvinda áfram 18 einingar

Héraðsdómur ógilti breytingar á úthlutunarreglum LÍN, í máli Stúdentaráðs gegn LÍN og íslenska ríkinu. Lágmarksnámsframvinda áfram 18 einingar á önn. Formaður Stúdentaráðs lýsti yfir sigri. LÍN mun sennilega áfrýja til Hæstaréttar.

DÓMSMÁL „Við unnum fullnaðarsigur. Þetta er sögulegt mál enda í fyrsta skipti sem stúdentaráð fer í mál og við unnum. Þetta sýnir að hagsmunabaráttan er ekki til einskis," segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs eftir að dómur var uppkveðinn í máli LÍN gegn íslenska ríkinu í gær.

Málið var höfðað vegna breytinga sem gerðar voru á útlánareglum sjóðsins.

Fallist var á kröfu Stúdentaráðs að fella niður breytingu á einni grein í úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem fólst í að lágmarksnámsframvinda var hækkuð í 22 einingar úr 18 einingum.

„Þetta þýðir að lágmarksframvindan verður áfram 18. Við erum algjörlega í skýjunum," segir María Rut. „Við erum búin að vera í allt sumar að vinna að þessu markmiði, fengum lítinn fyrirvara til að bregðast við og höfum nýtt alla okkar klukkutíma í að vinna í þágu stúdenta og tryggja að þessi breyting verði ekki að veruleika."

María Rut segir að breytingin hefði verið verulega íþyngjandi fyrir hátt í tvö þúsund námsmenn.

„Mjög margir voru uggandi yfir framtíð sinni og við vorum búin að fá ótal sögur frá fólki sem þurfti ef til vill að hætta við að fara í skóla út af þessum breytingum," segir María Rut.

Rétt eftir að dómur var kveðinn upp sagði lögmaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna að sjóðurinn myndi að öllum líkindum áfrýja niðurstöðunni til Hæstaréttar. María Rut segir að nú verði bara að bíða og sjá. „Þetta er ekki í okkar höndum. Í dag fögnum við. Mér líður allavega stórvel, var með hita áðan en ég held hann sé bara farinn," segir María Rut.

erlabjorg@365.is

Í SKÝJUNUM María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs, segir að búið sé að vinna að þessu markmiði í allt sumar. Stúdentaráðið sé að vonum ánægt með niðurstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Mjög margir voru uggandi yfir framtíð sinni**
>
> *María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ*

VIÐ JÖKULSÁRLÓN Mikil aðsókn ferðamanna er við lónið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Náttúruperla fær skipulag:

Mannvirki við Jökulsárlón

SKIPULAGSMÁL Umhverfi Jökulsárlóns hefur nú fengið deiliskipulag eftir að Skipulagsstofnun afgreiddi tillögu bæjarstjórnar Hornafjarðar.

Að því er segir á vef sveitarfélagsins felst deiliskipulagið í afmörkun bílastæða, bílaumferðar og byggingarreita. Þá eru skilgreindar byggingarheimildir fyrir þjónustubyggingar sem nauðsynlegt verður talið að byggja. Þá eru markaðar helstu gönguleiðir og útsýnisstaðir þar sem æskilegt og nauðsynlegt má telja að „gripið verði til markvissrar mannvirkjagerðar og yfirborðsfrágangs til að forða sliti og skemmdum". - gar

AUSTURLAND

Vilja göng og heilsársveg

Samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi segir að Fjarðarheiðargöng og heilsársvegur um Öxi eiga að vera fremst í forgangsröðun framkvæmda við nýframkvæmdir í vegagerð á Austurlandi.

LEIÐRÉTTING

Í frétt sem birtist í gær um flíkur búnar til úr trjákvoðu urðu þau mistök á að viðmælandi var rangfeðraður í tvígang. Rétt nafn hennar er Heiðrún Ósk Sigfúsdóttir. Biðjumst við velvirðingar á þessu.

Píanónám fyrir þig

popp blús djass sönglög

Tónheimar bjóða upp á píanónám fyrir alla aldurshópa sniðið að þörfum og áhugasviði hvers og eins.

Láttu drauminn rætast og lærðu að spila þín uppáhaldslög eftir eyranu.

Fristundakort

Haustönn hefst 16. september

Upplýsingar og skráning á www.tonheimar.is

tónheimar

Síðumúla 8 - sími 846 8888 - tonheimar@tonheimar.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HAUSTLEGT Dregur úr vindi og úrkomu í dag. Sést til sólar S- og V-til um tíma en þykknar upp SV-til aftur í kvöld. Rigning um mest allt land á morgun einkum fyrrihluta dags. Úkomuminnst NA-til. Hiti 5-13 stig, hlýjast sunnanlands.



Á morgun
5-10 m/s S- og V-til, hægari NA-til.



Mánudagur
8-15 m/s

Alicante	28°	Billund	20°	Gautaborg	19°	London	19°
Basel	26°	Frankfurt	22°	Kaupmannahöfn	19°	Mallorca	29°
Berlín	21°	Friedrichshafen	23°	Las Palmas	26°	New York	28°
Orlando	31°	San Francisco	20°				
Ósló	21°	Stokkhólmur	19°				
París	23°						

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Opið hús í dag!

Frábær dagskrá og uppákomur út um allt Borgarleikhús milli kl. 13 og 16

Mary Poppins og **Íslenski dansflokkurinn**
á Stóra sviðinu

Skoppa og Skrítla í forsal

Rautt, **Lalli töframaður** og **Sönglist** á Litla sviðinu

Opnar æfingar á **Jeppa á Fjalli**, **Húsi Bernhörðu Alba** og **Óskasteinum**

Skoðunarferðir um töfraveröld leikhússins

Myndatökur með Skoppu og Skrítlu, Mary Poppins, Bert og sóturum

Tæknifikt, búninga- og hárkollumátun

Ratleikur, blöðrur og **happdrætti**

Ljúfir **leikhústónar**, **kaffi** og **ilmandi vöfflur** í forsal

Verið hjartanlega velkomin í Borgarleikhúsið!

568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Tvennt handtekið syðra:

Gæti verið um mansal að ræða

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum handtók á fimmtudag lettneska konu og íslenskan karlmann í tengslum við meinta vændisstarfsemi.

Rannsókn lögreglu hefur leitt í ljós að umrædd kona stundaði vændi hér á landi og karlmaðurinn aðstoðaði hana við þá iðju. Rannsóknin snýst um hvort konan hafi staðið að flutningi annarra kvenna til landsins.

Tugir ætlaðra viðskiptavina hennar hafa verið yfirheyrðir. - þj

Háskólinn á Bifröst tekur þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni til að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga:

Vilja efla sköpunarkraft lögfræðinga

MENNTAMÁL Háskólinn á Bifröst tekur nú þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni lagadeilda um allan heim með það að markmiði að bregðast við breyttri stöðu lögfræðinga á atvinnumarkaði.

Verkefnið snýst um að þróa aðferðir við lögfræðikennslu til þess að laganemar fái víðari sýn á fræðin og geti nýtt menntun sína í auknum mæli til nýsköpunar. „Offramboð á lögfræðingum virðist vera orðið vandamál víðs vegar um heim og sú tíð er liðin að lögfræðimenntun sé ávísun á starf á lögmannsstofu," segir Helga Kristín Auðunsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs við Háskólann á Bifröst.

Verkefnið nefnist Law Without Walls og taka margir af virtustu háskólum heims þátt. Þar má nefna lagadeildir Harvard-háskóla, Stanford og Peking-háskóla. Verkefnið er skipulagt af háskólanum í Miami og aðeins 21 háskóli hefur fengið þátttökurétt.

Bifröst hefur boðið upp á nám í viðskiptalögfræði frá árinu 2001. „Það sem framkvæmdastjóra verkefnisins þótti merkilegt við Bifröst var að við vorum að útskrifa annars konar lögfræðinga með þekkingu á viðskiptum. Hugmyndin að baki verkefninu er að laganám megi nýta á fleiri sviðum og að hvetja laganema að hugsa á skapandi hátt. Með því aukast tækifæri þeirra," bætir Helga við.

Á hverju ári munu tveir nemendur frá Bifröst vera valdir til að taka þátt í verkefni með nemendum úr öðrum samstarfsskólum. „Þetta er frábært tækifæri fyrir nemendur og kennara á Bifröst til að starfa með úrvalsnemendum og kennurum úr bestu háskólum heims." - le

HELGA KRISTÍN AUÐUNSDÓTTIR Sviðsstjóri lögfræðisviðs við Háskólann á Bifröst.

Í VÍN Auðunn Atlason, sendiherra í Vín, er fastafulltrúi Íslands gagnvart ÖSE. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

Auðunn Atlason sendiherra:

Afhenti ÖSE trúnaðarbréf

UTANRÍKISMÁL Auðunn Atlason, sendiherra í Vín, afhenti í vikunni Lamberto Zannier, framkvæmdastjóra Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), trúnaðarbréf sitt sem fastafulltrúi Íslands hjá stofnuninni.

Meginhlutverk ÖSE er að vinna að öryggi, friði og mannréttindum og er stofnunin stærsta svæðisbundna alþjóðastofnunin af sínu tagi með alls 57 aðildarríki frá Evrópu, Norður-Ameríku og Mið-Asíu.

Áður hafði Auðunn afhent fulltrúa Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, trúnaðarbréf sitt sem fastafulltrúi Íslands. - þj

Umdeild stöðuhækkun:

Byltingarstjóri hækkar í tign

MALÍ, AP Amadou Haya Sanogo var aðeins liðsforingi þegar hann stjórnaði valdaráni hersins í Malí á síðasta ári en er nú orðinn fjögurra stjarna hershöfðingi.

Gagnrýnisraddir segja þetta furðu sæta. Það ætti að draga hann fyrir rétt fyrir mannshvörf og pyntingar, sem stundaðar voru þann stutta tíma sem hann stjórnaði landinu í mars árið 2012.

Borgaraleg bráðabirgðastjórn tók fljótlega við af herstjórninni, og hún er nú hvött til þess að lækka hann aftur í tign. - gb

Hagnaður bankanna 32,6 milljarðar á fyrri hluta árs

Hagnaður bankanna er ekki óeðlilegur þegar horft er til eigin fjár þeirra, segir sérfræðingur IFS-greiningar. Samanlagðar eignir bankanna jukust um 69 milljarða króna fyrstu sex mánuði ársins. Vanskilahlutfall lækkar.

FRÉTTASKÝRING
Hverju munar í ársuppgjörum stóru viðskiptabankanna þriggja?

Af viðskiptabönkunum þremur var hagnaður Landsbankans mestur fyrstu sex mánuði ársins, ríflega 15,5 milljarðar króna. Næstmestur var hagnaðurinn hjá Íslandsbanka 11,2 milljarðar, en minnstur hjá Arion banka, 5,9 milljarðar króna.

Bankarnir hafa allir nýverið birt uppgjör sín. Samanlagður heildarhagnaður þeirra á fyrri helmingi ársins er rúmlega 32,6 milljarðar króna. Þá hafa þeir sameiginlega frá áramótum bætt við sig eignum upp á 69,2 milljarða króna. Eignir bankanna námu í lok árs 2012 tæplega 2.809 milljörðum króna, en voru nú í lok annars ársfjórðungs 2.878 milljarðar.

Ari Freyr Hermannsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu, segir í fljótur bragði ekkert óeðlilegt að sjá við hagnaðartölur viðskiptabankanna. „Það er auðvitað þannig að um stórar tölur er að ræða. Bankarnir eru með mikið eigið fé sem krefst þess að hagnaður sé mikill til að arðsemi eiginfjár sé viðunandi," segir hann.

Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, segir í tilkynningu bankans að afkoman hafi verið góð á öðrum fjórðungi. Hálfsársuppgjörið litist hins vegar af fyrsta fjórðungi sem hafi verið undir væntingum. Þar hafi ráðið mestu óhagfelld þróun gjaldmiðilsins og einskiptiskostnaður sem fallið hafi til hjá dótturfélagi bankans. Hann vísar þar til 500 milljóna króna sektar sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor fyrir alvarleg brot á samkeppnislögum. Upphæðin var bókfærð þrátt fyrir að tekist sé á um sektina fyrir dómi.

Í afkomutilkynningu Íslandsbanka sagði Birna Einarsdóttir bankastjóri afkomuna í takt við áætlanir og jákvæð samlegðaráhrif vegna sameininga sem koma fram í rekstrarreikningi bankans.

Eins er í afkomutilkynningu Landsbankans haft eftir Steinþóri Pálssyni bankastjóra að rekstur bankans sé stöðugur og í samræmi við áætlanir. Hagnaður bankans sé vel viðunandi.

Þá verður að líta til þess í samanburði á bönkunum að nokkur munur er á starfsemi þeirra. Þannig er til að mynda áhersla lögð á eignastýringarstarfsemi hjá Arion banka og um 100 starfmenn sem vinna við hana. Þessi starfsemi er nálægt því átta sinnum stærri en eignastýring Landsbankans, sem þó er stærri viðskiptabanki. Íslandsbanki er svo þarna á milli. Því er eðlilegt að nokkru muni í rekstrarkostnaði á milli bankanna.

Hjá Íslandsbanka voru lán í vanskilum (lán með yfir 90 daga vanskil) óbreytt milli fjórðunga sex prósent. Það hlutfall var 6,2 prósent hjá Landsbankanum í lok annars ársfjórðungs. Sama hlutfall hjá Arion banka er 5,6 prósent.

Vanskilahlutfall bankanna hefur lækkað hratt síðustu ár líkt og lesa má úr ársskýrslu Bankasýslu ríkisins um starfsemi fjármálageirans. Hlutfall lána í vanskilum var þannig 17,5 prósent í árslok 2011 og var komið í 10,6 prósent í árslok 2012. Síðustu tölur sýna því áframhald á þessari þróun, þótt hlutfall vanskilalána þyki enn hátt í alþjóðlegum samanburði.

olikr@frettabladid.is

BANKARNIR Landsbankinn græddi mest á fyrri helmingi ársins en arðsemi eigin fjár var mest hjá Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Kennitölur úr rekstri viðskiptabankanna

Banki	Hagnaður	Heildareignir	Eiginfjárhlutfall	Arðsemi eigin fjár
Íslandsbanki	11.208*	822.929	27,4%	14,77%
Landsbankinn	15.525	1.126.094	25,9%	13,54%
Arion banki	5.911	929.030	24,3%	8,87%

Allar tölur eru í milljónum króna.

BANKASTJÓRAR STÓRU VIÐSKIPTABANKANNA PRIGGJA Höskuldur Ólafsson stýrir Arion, Birna Einarsdóttir Íslandsbanka og Steinþór Pálsson Landsbankanum.

FERÐAMÁLASAMTÖK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Hittumst!

Kaupstefna Ferðaþjónustunnar
Grand hótel í Reykjavík, 6. september

Hittumst! er vettvangur aðila ferðaþjónustunnar til að hittast, kynnast og tengjast.

Hittumst! er kjörinn viðburður fyrir fyrirtæki að kynna sér möguleika og tækifæri sem ferðaþjónustan á Íslandi hefur upp á að bjóða.

Dagskrá

Kl. 10:00 - Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferðamála opnar kaupstefnuna.

Milli kl. 10:00 og 12:00. - Ferðaþjónar hittast.

Milli kl. 12:00 og 14:00. - Hádegisverður:
Fyrirlesarar: Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu
og Trond Overås, framkvæmdarstjóri Visit Tromsö.

Milli kl 14:00 og 16:00. - Opið fyrir almenning og fyrirtæki.

Hittumst! er ferðakaupstefna sem fyrirtæki ættu ekki að láta fram hjá sér fara.
Iðunn Jónsdóttir, Stjórnarformaður Norvíkur.

fsh@ferdamalasamtok.is | www.ferdamalasamtok.is

NÝJAR NÁMSLÍNUR Á HAUSTMISSERI

LEIÐTOGAHÆFNI

– LEIÐ AÐ AUKINNI SJÁLFSÞEKKINGU OG ÁRANGURSRÍKRI STJÓRNUN

Fjallað er m.a. um:

- Ólík hlutverk stjórnenda
- Áherslur þjónandi forystu
- Eiginleika teyma
- Aðferðir breytingastjórnunar
- Vakandi athygli (Mindfulness)
- Aðferðir markþjálfunar
- Samningatækni, sáttamiðlun og siðfræði
- Lausn ágreiningsmála

Kennarar:

- Anna Valdimarsdóttir, sálfræðingur
- Arndís Ósk Jónsdóttir, MS í vinnusálfræði
- Elmar H. Hallgrímsson, lögfræðingur
- Kristín Baldursdóttir, hagfræðingur
- Sigurður Ragnar Eyjólfsson, MS í íþróttasálfræði

Hefst 27. september. Kennt er í lotum.
Umsóknarfrestur er til 13. september

ÁFALLASTJÓRNUN (CRISIS MANAGEMENT)

– Í FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM

Fjallað er m.a. um:

- Áfallastjórnun frá sjónarhorni stjórnenda/leiðtoga
- Forvarnir, viðbúnað, viðbrögð og endurreisn m.a. við efnahagsleg áföll, tæknislys, umhverfisslys, pólitísk áföll og áföll vegna náttúruhamfara

Kennari:

- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, sérfræðingur í áfallastjórnun hjá Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði

Hefst 27. september. Kennt er í lotum.
Umsóknarfrestur er til 13. september

VINNUSTOFUR Á HAUSTMISSERI

MANNAUÐSSTJÓRNUN – skráningarfrestur er til 13. september

FJÁRMÁL FYRIR STJÓRNENDUR – skráningarfrestur er til 27. september

VERKEFNASTJÓRNUN – skráningarfrestur er til 3. október

GÆÐA- OG STRAUMLÍNUSTJÓRNUN – skráningarfrestur er til 8. nóvember

STOFNUN OG REKSTUR SMÁFYRIRTÆKJA – skráningarfrestur er til 13. nóvember

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

LÖGÐU HALD Á FÍLABEIN Tollverðir í Bangkok fundu 105 kíló af fílabeini. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tollverðir hrósa happi:

Fundu fílabein í miklu magni

TAÍLAND, AP Tollverðir í Taílandi hafa lagt hald á 105 kíló af fílabeini á alþjóðaflugvellinum í Bangkok. Fílabein er afar verðmætt á svarta markaðnum og hefur eftirspurn aukist á síðustu árum. Fyrir þetta magn fengist líklega um 30 milljónir króna. Öll viðskipti með fílabein eru hins vegar bönnuð í Taílandi, eins og víðast hvar annars staðar. - gb

Tekinn í Leifsstöð:

Kannaðist ekki við graslyktina

LÖGREGLUMÁL Maður var tekinn með kannabisefni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í vikunni. Kannabislykt lagði upp úr tösku hans við tollskoðun og var lögreglu gert viðvart. Hann kannaðist ekki við lyktina, en þegar kannabis fannst í vasa buxna sem í töskunni voru játaði hann að hafa neytt slíks í útlöndum og líklega gleymt efninu í vasanum. - þj

Enginn vill lenda í því sama og í fyrra

Bændur á Norðurlandi kepptust við að smala fé sínu af fjalli fyrir vonskuveðrið sem spáð var í gær. Réttarstjóri í Reykjahlíðarrétt sagði að menn hefðu óttast að sagan frá fyrrahausti endurtæki sig, en þá drápust um tíu þúsund fjár eftir óveður.

VEÐUR Bændur á Norðurlandi hafa keppst við að ná fé í hús síðustu daga vegna vonskuveðurs sem spáð er á svæðinu um helgina. Því voru víða haldnar réttir nyrðra í gær, en þær áttu upphaflega að vera á morgun, sunnudag.

Ástæðan fyrir þessu er sú að bændur á svæðinu, minnugir veðurofsans á Norðurlandi í september í fyrra þegar tíu þúsund fjár urðu úti, ætluðu ekki að lenda aftur í því sama.

Þeir bændur sem Fréttablaðið ræddi við í Reykjahlíðarrétt í Mývatnssveit í gær voru staðráðnir í að koma í veg fyrir svipað tjón og í fyrra. Féð var rekið yfir Námaskarð klukkan sex í gærmorgun og svo hófust réttirnar klukkan tíu.

„Menn eru svolítið hvekktir eftir síðasta haust náttúrulega, þess vegna bregðumst við svona við núna. Bændur hér á svæðinu hefðu bara blásið á þetta í fyrra og ekki hlustað á veðurfræðingana," segir Halldór Árnason, réttarstjóri í Reykjahlíðarréttum.

Ólöf Hallgrímsdóttir, bóndi í Vogum, tekur í sama streng. „Það langar engan að lenda í því sem við lentum í í fyrrahaust, þegar féð var enn á fjalli og margt af því lenti undir snjó," segir hún og bendir á að smalar hafi fundið mikið af því fé sem drapst í fyrra þegar farið var í göngurnar í síðustu viku.

Það var ekki eins fjölmennt í réttunum í Reykjahlíð eins og síðustu ár, enda margir fastir í vinnu og skóla. Þó voru margir sem fengu frí til þess eins að finna sínar ær.

Rúta, full af ferðamönnum sem átti leið um Mývatnssveitina í gær, stoppaði og ferðalangarnir fylgdust með. „Þegar við sáum kindurnar urðum við að stoppa. Þetta er svo fallegt, alveg eins og landið ykkar. Það er mjög gaman að fylgjast með þessu," sagði Beth Terry frá Arizona í Bandaríkjunum.

DREGIÐ Í DILKA Unga kynslóðin lét ekki sitt eftir liggja og tók fullan þátt í hamaganginum í Reykjahlíðarrétt. FRÉTTABLAÐIÐ/INGIMAR

Í réttirnar þrjátíu og eitt ár í röð

Grétar Ásgeirsson, Mývetningur búsettur á Akureyri, var léttur þegar Fréttablaðið tók hann tali í gær. Hann segir að það hafi ekki verið inni í myndinni að láta sig vanta, enda vanur maður.

„Ég er búinn að fara í réttirnar í þrjátíu og eitt ár í röð. Þetta er alltaf jafn skemmtilegt."

Hann segir að Mývetningar hafi vissulega haft miklar áhyggjur vegna veðurspárinnar og því sé gott að féð sé komið af fjöllum. „Það náðist nú að manna þetta ágætlega, enda fengu menn frí í vinnu og skóla til þess eins að koma hingað."

Veðurstofan spáði hvassviðri eða stormi um mest allt land í gærkvöldi og að vindhviður á Norðurlandi gætu farið allt upp í 28 metra á sekúndu. Þá var spáð mikilli úrkomu og snjókomu ofan við 150 til 250 metra yfir sjávarmáli. bodi@365.is

ELDAR LOGA Skógareldar loga á sex stöðum í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gróðureldar í Portúgal:

Hafa beðið um fleiri flugvélar

PORTÚGAL, AP Portúgal hefur beðið önnur Evrópuríki um að útvega sér tvær flugvélar til viðbótar til slökkvistarfa, en nú geisa miklir skógareldar þar í landi.

Frakkar hafa nú þegar sent Portúgölum þrjár flugvélar og Spánverjar hafa einnig sent þrjár, en þörf er á fleiri vélum.

Um 1.300 slökkviliðsmenn reyna nú að koma böndum á eldana. - gb

Heaney látinn, 74 ára að aldri

ANDLÁT Nóbelsverðlaunahafinn og rithöfundurinn Seamus Heaney er látinn. Hann lést í gær eftir skamma sjúkralegu á sjúkrahúsi í Dublin á Írlandi.

Heaney fékk bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1995 og var hann fyrsti Írinn til þess að hljóta þau verðlaun síðan W.B. Yeats fékk Nóbelinn árið 1923. Í ljóðabók hans „District and Circle" er ljóð sem heitir Höfn og Heaney samdi þegar hann dvaldi á Höfn í Hornafirði árið 2004. - hrs

HELGAR SPRENGJA

HÚSASMIÐJAN OG BLÓMAVAL

ERIKA OG CALLUNA
3 stk.
1.290kr

BERJATÍNA
1.689kr

BEKA POTTAR
verð frá
3.850kr

30% afsláttur

POTTAPLÖNTU ÚTSALA

Drekatré
1.290 kr
~~1.690~~

Orkidea
1.590 kr
~~1.990~~

Friðarlilja
1.449 kr
~~1.990~~

FICUS MICROCARPA
2.583 kr
~~3.690~~

Kaktus
verð frá
489 kr
~~699~~

ÚTSALA FRYSTIKISTUR OG FRYSTISKÁPAR

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 127.900
NÚ 95.900 kr.

Frystikista 325 ltr.
EG315, Orkunýting **A++**
85.5x141x74.5 cm
1805517

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 96.295
NÚ 71.990 kr.

Frystikista 248 ltr.
TM-300, Orkunýting B
85x102x60 cm
1805487

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 77.900
NÚ 58.425 kr.

Frystikista 203 ltr.
G215, Orkunýting A+
84.5x94x55 cm
1805482

ÚTSALA ÚTSALA
VERÐ ÁÐUR 63.900
NÚ 47.900 kr.

Frystiskápur 88 ltr.
FHF85. Orkunýting A+
1805492

Heilsu torgið
Blómavali Skútuvogi

Ókeypis fyrirlestur

Benedikta og Matti Osvald verða með fyrirlestur í Heilsutoginu þriðjudaginn 3. september kl. 17:30 – 19:00.

Benedikta segir okkur hvernig við getum gert lífið að ævintýri og látið drauma okkar rætast.
Matti Osvald mun skoða hin einföldu lykilatriði þegar kemur að heilbrigðum lífstíl og hvort markþjálfun geti hjálpað þér með heilsumarkmiðin.

Allir velkomnir. Tryggðu þér sæti í tíma, skráning fer fram í Heilsutorginu Skútuvogi!

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

FRÁ ÁLFSNESI Áhugasömum býðst að fara í skoðunarferð um urðunarsvæðið í Álfsnesi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sorpa býður í heimsókn:

Sýna urðunarstað í Álfsnesi

UMHVERFISMÁL Sorpa býður áhugasömum í stutta ökuferð um urðunarstaðinn í Álfsnesi um helgina.

Uppákoma þessi er í tengslum við bæjarhátíðina „Í túninu heima“ sem haldin verður í Mosfellsbæ um helgina, en Sorpa verður einnig með kynningu á fyrirtækinu fyrir gesti og gangandi í Álafosskvos.

Lagt verður af stað klukkan 14 á laugardag frá Þverholti í Mosfellsbæ. Farið verður með gesti um svæði urðunarstaðarins undir leiðsögn, starfsemin skoðuð og spurningum svarað. Að heimsókn lokinni er gestum ekið til baka á upphafsstað. - þj

ORKUMÁL

Hálslón við það að fyllast

Yfirborð Hálslóns er nú komið í tæpa 625 metra yfir sjávarmáli. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landsvirkjun. Síðustu viku hefur lónið hækkað yfir tvo metra, þannig að búast má við að það fari á yfirfall um helgina. Það er rúmum þremur vikum síðar en síðasta sumar.

Íslendingar telja fyrirtæki ekki axla samfélagsábyrgð

Stór hluti almennings telur fyrirtæki ekki axla samfélagslega ábyrgð sína, ef marka má nýja rannsókn sem unnin var fyrir Festu. Framkvæmdastjóri Festu segir niðurstöðuna vísbendingu um að þörf sé á vitundarvakningu í samfélaginu.

SAMFÉLAGSMÁL Um 42 prósent almennings telja íslensk fyrirtæki axla samfélagslega ábyrgð sína illa, samkvæmt nýrri rannsókn sem framkvæmd var fyrir Festu, en Festa er miðstöð um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

KETILL B. MAGNÚSSON

Í könnuninni var viðhorf almennings og stjórnenda til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja rannsakað. Niðurstöðurnar gefa til kynna að stór hluti almennings telji fyrirtæki ekki axla ábyrgð sína. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að stór hluti almennings og stjórnenda tekur ekki afstöðu til málsins.

„Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingu um að þörf sé á vitundarvakningu um samfélagsábyrgð meðal fyrirtækja og almennings og að leiðbeina þurfi fyrirtækjum betur í átt að samfélagslegum starfsháttum,“ segir Ketill B. Magnússon, framkvæmdastjóri Festu. Flestir svarendur í könnuninni tengdu hugtakið samfélagsábyrgð við umhverfismál og samfélagsstyrki, sem Ketill segir áhugavert og benda til þess að þörf sé á aukinni umræðu og þekkingu á samfélagsábyrgð og hvernig fyrirtæki geta staðið að innleiðingu ábyrgra stjórnarhátta. „Hlutfall þeirra sem eru óvissir um afstöðu sína gagnvart hugtakinu er ofsalega hátt, sem bendir hreinlega til þess að fólk sé ekki með skýra skoðun á samfélagsábyrgð fyrirtækja.“

Ketill segir að mikilvægt sé að stjórnendur í fyrirtækjum átti sig á því í hverju samfélagsábyrgð felst, að hún sé meira en einungis umhverfismál og samfélagslegir styrkir. „Fyrirtæki þurfa að taka ákvörðun um að innleiða ábyrga starfshætti og sýna fram á að starfsemi þeirra sé ábyrg og heiðarleg í gegn. Þetta gera þau ekki með tímabundnu ímyndunarverkefni heldur algjörri breytingu í starfsemi og menningu fyrirtækisins.“

lovisa@frettabladid.is

ALMENNINGUR TELUR FYRIRTÆKI EKKI HEGÐA SÉR Á ÁBYRGAN HÁTT

SPURNING TIL ALMENNINGS HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR ÍSLENSK FYRIRTÆKI AXLA SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ SÍNA?



Heimild: Festa og Capacent Gallup

Hvað er samfélagsábyrgð fyrirtækja?

Þegar almenningur og stjórnendur eru spurðir hvað þeim dettur fyrst í hug þegar þeir hugsa um samfélagsábyrgð fyrirtækja nefna flestir umhverfismál eða styrki og stuðning við samfélagsverkefni. Meðal annarra atriða sem almenningur nefndi voru skattgreiðslur, atvinnusköpun, heiðarleiki, velferð og öryggi starfsmanna.

Ketill segir að margt í niðurstöðunni gefi til kynna að fólk túlki hugtakið samfélagsábyrgð á mismunandi hátt.

Festa bendir á að hugtakið samfélagsábyrgð fyrirtækja hafi þróast frá því að snúast aðallega um góðgerðarmál yfir í að snerta alla þætti starfseminnar og að samfélagsábyrgð eigi ekki einungis að snúast um hvernig fyrirtækin ráðstafa hagnaðinum heldur hvernig þau starfa til að ná fram hagnaðarkröfum.

Samkvæmt skilgreiningu Festu sýnir fyrirtæki samfélagslega ábyrgð þegar það ákveður, að eigin frumkvæði, að leggja sitt af mörkum til uppbyggingar samfélagsins og vinnur markvisst að því að áhrifin af starfsemi fyrirtækisins verði jákvæð fyrir samfélagið og umhverfið.

www.volkswagen.is

Velkomin í reynsluakstur í HEKLU og hjá umboðsmönnum um land allt

Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Nýr Golf kostar frá
3.540.000 kr.
Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

Das Auto.

Volkswagen Golf eyðir aðeins frá 3,8 l/100 km

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2259

OPIÐ HÚS HJÁ STARTUP REYKJAVIK

Laugardaginn 31. ágúst býður Startup Reykjavík þér og öllum áhugasömum í höfuðstöðvar **Arion banka, Borgartúni 19.** Þar munu teymin kynna verkefnin sín og spjalla við gesti um hugmyndir sínar og ferlið frá hugmynd til nýsköpunar.

Húsið verður **opið milli kl 13 og 17**.
Léttar veitingar í boði.

Komdu og kynntu þér spennandi starf íslenskra frumkvöðla.

Dagskrá

13.00 Húsið opnað
Startup Reykjavík fyrirtæki með kynningarbása

14.00 – 14.20 Einar Gunnar Guðmundsson,
Arion banka og Kristján Freyr Kristjánsson,
Klak Innovit segja frá Startup Reykjavík
og íslensku frumkvöðlaumhverfi

14.20 – 15.00 Fyrirtækjakynningar
SAReye
GolfPro Assistant
YZ Creation
Activity Stream
Herberia

15.00 – 15.30 Hlé

15.30 – 16.00 Fyrirtækjakynningar
Zalibuna
Silverberg Technologies
SeeMee
Snjohus Software
Þoran Distillery

17.00 Opnu húsi lýkur

Startup
Reykjavík
Arion banki
Innovit
Klak

Zalibuna
Hönnun og uppsetning eins manns sleðarennibrautar niður Kambana.

Herberia
Framleiðsla og skráning jurtalyfja fyrir Evrópumarkað.

GolfPro Assistant
Vefhugbúnaður fyrir golf-kennara og nemendur.

Activity Stream
Breytir hefðbundnum viðskiptaupplýsingum í rekstrargreind í rauntíma.

SAReye
Lausnir fyrir viðbragðsaðila.

Silverberg Technologies
Þróun á mælingarbúnaði fyrir líkamsræktarstöðvar og hugbúnaði fyrir notendur.

Þoran Distillery
Þróun og framleiðsla fyrsta flokks einmalts viskís til útflutnings.

Snjohus Software
Þróun á hugbúnaði fyrir snjallsíma.
Vinnur núna að þróun á einkaþjálfaraappi.

SeeMee
Ný framsetning á rafrænum ferilskrám.

YZ Creation
Hátískufatnaður með fjölbreytilegt notagildi.

Arion banki

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir **umsóknum um styrki** úr verkefninu **Átaki til atvinnusköpunar.** Átakið veitir styrki til **nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða** starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnis:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða erlendis í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og tækjabúnaði.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is
Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is

Umsóknarfrestur til kl. 12:00 þann 19. september

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Átak til

NIÐURRIF Víst er að margir eiga eftir að sjá á eftir gamla skólahúsinu við MS. Rektor segir húsnæðið hins vegar ekki hafa boðið upp á aðgengi fyrir fatlaða og fagnar því að nýtt hús verði byggt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bætt aðstaða fyrir nemendur í nýrri byggingu:

Gamalt skólahús við MS víkur fyrir nýju

BYGGINGAR Niðurrif á gamalli byggingu Menntaskólans við Sund (MS) hófst í fyrradag. Byggingin sem er frá því um 1950 var í upphafi barnaskóli og hluti af Vogaskóla.

Að sögn Más Vilhjálmssonar, rektors við MS, hefur byggingin verið í fullri notkun þar til síðasta vor. Um áramótin hefjast framkvæmdir á nýrri byggingu sem verður á sama stað og gamli skólinn er nú. Nýja byggingin verður 2700 fermetrar og því er ljóst að skólinn stækkar því töluvert.

Már segir að í nýju byggingunni verði gert ráð fyrir aðgengi fatlaðra. Eins og staðan sé í dag sé í raun útilokað fyrir fatlaða og hreyfihamlaða að komast um skólann.

„Þetta er búið að vera skelfilegt ástand í raun og veru og merkilegt að þetta hafi viðgengist svona lengi," segir Már.

„Opinberar stofnanir eiga að hafa aðgengi fyrir fatlaða og við höfum lent í vandræðum vegna þessa og einnig þegar nemendur fótbrotna þá komast þeir ekki um skólann."

Már segir að það skipti ótrúlega miklu máli fyrir nemendur. Meðal annars verði kominn matsalur og aðstaða til þess að halda samkomur.

„Ástandið hefur verið langt í frá boðlegt miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag og það verður frábært að fá nýju bygginguna," segir Már.

- hrs

LOFA ÚRBÓTUM Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðisráðherra, voru viðstödd fundinn í gær. Þau segja samstöðu ríkja innan ríkisstjórnarinnar um stækkun á húsnæði Barnahúss. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ráðherrar funduðu með sérfræðihópi Unicef:

Lofa stærra Barnahúsi

FÉLAGSMÁL „Við teljum rétt að bregðast strax við því sem fram kemur í þessari skýrslu," sagði Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðisráðherra, á fundi sem fram fór í húsakynnum UNICEF í gær en þar funduðu fjórir ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar með sérfræðihópi barna hjá UNICEF. Sérfræðihópurinn er skipaður ungmennum sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi og fékk hópurinn það verkefni að búa til skýrslu þar sem lagðar voru fram skýrar tillögur til úrbóta í málefnum sem tengjast kynferðisbrotum gegn börnum. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær eru biðlistar í Barnahúsi lengri en nokkru sinni fyrr. Eygló sagði á fundinum að samstaða ríkti innan ríkistjórnarinnar um að auglýsa eftir stærra húsnæði fyrir Barnahús og að verið sé að leggja lokahönd á auglýsingu þess efnis. Hún sagði jafnframt að með stækkun húsnæðisins yrði auðveldara að taka á þeim biðlistum sem þegar eru til staðar.

Eygló segir það mikilvægt að þessi málefni fái góðan framgang í kerfinu. Hún segir að sérfræðihópurinn hafi bent á að margt mætti betur fara við meðhöndlun mála sem þessara. - ka

Staða mála og væntanlegir kjarasamningar

Fundaferð Rafiðnaðarsambands Íslands 2013

Fundir í september 2013

Þriðjudagur 3. september
Reykjavík kl. 17:00 Rafiðnaðarskólinn
Gengið inn Grafarvogsmegin

Fimmtudagur 5. september
Reykjanesbæ kl. 12:00 Flughótel

Fleiri fundir á landsbyggðinni verða auglýstir þegar nær dregur sem og á heimasíðu RSÍ.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Stórhöfða 31, sími: 580 5200, rafis.is

Óska eftir að kaupa
enskt english course tungumálnámskeið.
Vantar 2 námskeið.
Ég borga 30.000 fyrir námskeiðið
Upplýsingar í 865-7013

Einstakt úrval af glæsilegum haustplöntum

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

ZERO EMISSION

RAFMÖGNUÐ R

/nissanleaficeland

www.nissan.is

ENNEMM / SÍA / NM58911

NISSAN

Innovation that excites

FRUMSÝNING UM HELGINA

ÞAÐ ER LEAF EFTIR BENSÍN

Nýr 100% rafknúinn Nissan Leaf lækkar bensínkostnaðinn um 90%

Nissan LEAF
VERÐ 4.990 ÞÚS. KR.



NISSAN LEAF ER MEST SELDI RAFBÍLL Í HEIMI

og fyrsti alvöru fjölskyldubíllinn sem er 100% rafknúinn. Nissan Leaf er fullvaxinn fjölskyldubíll með nægu rými fyrir farþega og farangur. Hann er ríkulega prýddur búnaði svo sem hita í sætum og stýri, ásamt bakkmyndavél. Þú verður að prófa þennan einstaka nýja bíl!

OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16 OG SUNNUDAG 13–16

LÆGRI REKSTRARKOSTNAÐUR

Nissan Leaf er einn hagkvæmasti kostur sem völ er á með tilliti til rekstrarkostnaðar. Rafhlaðan í Nissan Leaf geymir 24 kW og því kostar um **320 kr. að fullhlaða rafgeyminn.** Þú getur síðan keyrt u.þ.b. 160 km sem gerir um 2 kr. á hvern ekinn kílómetra – geri aðrir betur!



KEYPTUR SEM ANNAR BÍLL Á HEIMILIÐ – NOTAÐUR SEM BÍLL NÚMER 1.

Þeir sem eignast Nissan Leaf segja gjarnan:

„Við keyptum hann sem annan bíl á heimilið en staðreyndin er sú að við notum hann Í 95% af öllum ferðum sem við förum“

ORKUVEITAN Í SAMSTARFI

VIÐ NISSAN OG BL

Orkuveita Reykjavíkur

HRAÐHLEÐSLUSTÖÐ

30 MÍN. Orkuveita Reykjavíkur, í samstarfi við Nissan, mun á næstu misserum setja upp hraðhleðslustöðvar á völdum stöðum í Reykjavík og nágrenni. Með hraðhleðslustöðvum gefst rafbíla-eigendum kostur á að hlaða rafgeyminn allt að 80% á aðeins 30 mínútum. Tenging við hraðhleðslustöð er fljótasti hleðslumöguleiki sem fáanlegur er fyrir rafbíla.



HEIMAHLEÐSLUSTÖÐ

4 KLST. Við mælum með Chargemaster heimahleðslustöð sem fullhleður bílinn á aðeins 4 tímum. Umboðsaðili Johan Rönning.

JOHAN RÖNNING

PANTAÐU TÍMA!

ER RAFBÍLL LAUSN FYRIR ÞIG?

KVÖLDKYNNING

Mánudagskvöldið 2. sept. kl. 19
verður ítarleg kynning á rafbílnum Nissan Leaf og eiginleikum hans. **Skráning á leaf@bl.is**

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

5 YEAR WARRANTY 100 000 KM BATTERY AND ALL EV COMPONENTS

NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM
sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.

EURO NCAP

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

Er það þjóðarvilji að hætta viðræðum við ESB?

Sjáum samninginn

Niðurstöður skoðanakönnunar, sem Capacent Gallup gerði fyrir samtökin Já Ísland, benda til að utanríkisráðherrann sé á hálum ís þegar hann vitnar í þjóðarviljann sér til fulltingis um að slíta í raun aðildarviðræðunum við Evrópusambandið.

Meirihluti svarenda í könnuninni, eða tæplega 54 prósent, sagðist vilja klára aðildarviðræðurnar. Rúmlega þriðjungur, 35,1 prósent, segist vilja slíta viðræðunum og 11,3% segjast hlutlaus í málinu. Athygli vekur að stuðningur við að ljúka viðræðunum hefur aukizt nokkuð síðan í júní, á sama tíma og ný ríkisstjórn hefur gert hlé á viðræðunum og látið rækilega í það skína að þær verði aldrei hafnar aftur.

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Nú er það vissulega svo að minnihluti stuðningsmanna stjórnarflokkanna er fylgjandi því að halda viðræðunum áfram. Samt er rúmlega fjórðungur stuðningsmanna Framsóknarflokksins því fylgjandi og rétt tæpur þriðjungur þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Mikill meirihluti stuðningsmanna annarra flokka er því fylgjandi að klára viðræðurnar.

Þessi staða er og mun verða stjórnarflokkunum erfið. Minnihlutinn í Sjálfstæðisflokknum, sem vill klára viðræðurnar, er háværari en í Framsókn. Það eru kjósendur sem tóku mark á því loforði Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, að gert yrði út um það í þjóðaratkvæðagreiðslu á kjörtímabilinu hvort aðildarviðræðunum yrði haldið áfram eða ekki.

Margir af þeim sem segjast í könnunum vilja klára aðildarviðræðurnar svara neitandi þegar þeir eru spurðir hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Enda hafa þeir ekki forsendur til að meta það á þessum tímapunkti, frekar en þeir sem segja já, hvort það sé fýsilegur kostur. Það fer eftir aðildarsamningnum – og niðurstöður kannana sýna ítrekað að meirihluti þjóðarinnar vill sjá slíkan samning.

Andstæðingar þess að aðildarferlinu ljúki með samningum segja gjarnan að það sé ekki hægt að „kíkja í pakkann“ eða „kanna kosti og galla“ eins og fyrri ríkisstjórn var farin að kalla aðildarviðræðurnar vegna innri vandræðagangs. Og það er rétt að því leyti að ríki sem sækir um aðild að ESB hlýtur að stefna að því að verða aðildarríki og ná sem hagstæðustum aðildarsamningi. En þjóðin mun eiga síðasta orðið um aðildina. Engum dettur í hug að Ísland gangi í Evrópusambandið án þess að hún segi álit sitt á samningnum í atkvæðagreiðslu. Norska þjóðin hafnaði aðildarsamningi við ESB í tvígang; enginn þarf að hafa áhyggjur af að lýðræðið virki ekki við þær kringumstæður.

Það getur verið skynsamlegt að fara rólega í aðildarviðræðum við ESB og ljúka þeim á einhverjum árum. Sjá á meðan hvort Ísland kemst út úr gjaldeyrishöftum á eigin spýtur, hvernig efnahagsþróunin verður innan ESB, hvernig makríldeilunni reiðir af og svo framvegis. En það er óskynsamlegt að slíta viðræðunum, skella dyrunum í lás og fækka þannig valkostum Íslands.

Og að sjálfsögðu á að leyfa þjóðinni að höggva á hnútinn sem er í pólitíkinni og gera út um það hvort aðildarviðræðunum verði haldið áfram eða slitið. Sérstaklega þegar menn lofuðu því fyrir kosningar að sú leið yrði farin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Form ákvarðana um aðildarviðræður

Upp á síðkastið hefur farið meiri tími í umræðu um form ákvarðana varðandi hugsanlega aðild að Evrópusambandinu en efni. Form umræðu og ákvarðana skiptir vissulega miklu máli en má þó ekki verða svo ráðandi að efnislega rökræðan gleymist.

Utanríkisráðherra hefur sætt gagnrýni frá andstæðingum aðildar jafnt sem stuðningsmönnum fyrir málsmeðferðina. Það virðist eiga rætur í því að hann hefur leikið tveimur skjöldum með því að gera hvort tveggja, að láta líta svo út sem hlé hafi verið gert á viðræðunum og að umsóknarferlinu sé lokið.

Það þarf snjalla og lipra menn í pólitískum loftfimleikum til að koma standandi niður úr þannig æfingum. Ráðherranum tókst það ekki. Fyrir vikið hefur umræðan um formið orðið fyrirferðarmeiri en ella hefði þurft að vera.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er áformum hennar skipt í þrjá hluta:

Í fyrsta lagi að gert verði hlé á viðræðunum. Það merkir að þar var ekki tekin ákvörðun um viðræðuslit.

Í öðru lagi að gerð yrði úttekt á stöðu viðræðnanna. Niðurstaða hennar yrði síðan lögð fyrir Alþingi. Af sjálfu leiðir að möguleikarnir eftir það verða þrír: Viðræðuslit, framhald eða lengra hlé.

Í þriðja lagi að sá kostur að halda viðræðunum áfram væri háður því að umboð fengist til þess í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta gat samrýmst fyrirheitum forystu Sjálfstæðisflokksins um að kosið yrði um framhald málsins á fyrri hluta kjörtímabilsins. Það var mikilvægt frumkvæði og alvöru tilraun til málamiðlunar um málsmeðferð og form ákvarðana.

Vandamálin byrja þegar utanríkisráðherra sagði að í raun væri samningunum lokið og hvorki ætti að leggja ákvarðanir fyrir Alþingi né þjóðina. Sjálfsagt var hugsunin ekki að setja samstarfsflokkinn í skrúfstykki. Líklegra er að ráðherrann hafi látið undan þrýstingi hauka í báðum flokkum.

Alþingi

Utanríkisráðherra lagði síðan vandað lögfræðiálit fyrir utanríkisnefnd Alþingis. Þar segir réttilega að ályktanir Alþingis hafi almennt ekki réttargildi. Ráðherrann og haukarnir í baklandi hans töldu að með þessu áliti hefði hann fengið vopn í hendur til að sniðganga Alþingi og þjóðina. En þar voru þeir aftur komnir út í móa.

Deilan um aðkomu Alþingis snerist ekki um réttarstöðu þingsályktana. Flestum er ljóst að þær fela í sér pólitíska stefnuyfirlýsingu en ekki réttarreglu. Ráðherrann sætir því ekki neins konar lagalegri ábyrgð þó misbrestur verði á framkvæmd. Hann gæti sætt pólitískri ábyrgð sem þó kemur ekki til álita í þessu falli því meirihluti Alþingis styður ráðherrann efnislega.

Málið snýst um hitt hvernig ríkisstjórnin virðir fullveldi Alþingis. Með ályktun um aðildarumsóknina ákvað það pólitíska stefnu í einu stærsta utanríkismáli þjóðarinnar fyrr og síðar. Breyti ráðherra þeirri ákvörðun upp á eigin spýtur hefur hann óvirt fullveldisrétt Alþingis. Menn gerðu aðeins þá kröfu að sá réttur yrði virtur en ekki að ráðherrann sætti ella lagalegri ábyrgð.

Eftir umræðuna hefur ráðherrann dregið í land og segist ekki ætla að hindra að málið komi til ákvörðunar á Alþingi. Yfirlýsingar hans um að koma í veg fyrir þjóðaratkvæði um framhald viðræðnanna virðast þó standa enn.

Þjóðin

Vitaskuld er álitamál hvort setja á mál í þjóðaratkvæði í miðjum klíðum. Í þessu tilviki er þó ekki unnt að horfa fram hjá snúinni taflstöðu. Búið er að ljúka samningum um meirihluta kaflanna, en þeir erfiðustu eru eftir. Ríkisstjórnin er efnislega á móti aðild en mikill meirihluti þjóðarinnar vill ljúka viðræðunum.

Frumkvæði forystu Sjálfstæðisflokksins að málamiðlun um hvernig þetta vandasama mál yrði útkljáð var skynsamlegt. Vinstri stjórnin var líka í klípu með það. Hún gat látið kjósa um það samhliða kosningum í vor. Það er til marks um pólitískt ráðleysi forsætisráðherra þeirrar stjórnar að hafa ekki frumkvæði að slíkri lausn á einhverju stigi. Þeir stjórnarþingmenn sem vilja nú leita skjóls í samjöfnuði við þá stjórnfimi vinstri stjórnarinnar ættu að leiða hugann að kosningaúrslitunum.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins hrapaði niður fyrir tuttugu af hundraði eftir landsfund. Bjarni Benediktsson reif það með einleik upp aftur. Ekki er unnt að útiloka að málamiðlunin hafi átt þátt í því. Það er aukaatriði. Aðalatriðið er að hitt yrði enn eitt álitshrapið fyrir pólitíkina í landinu og Alþingi ef fyrirheitið um þessa málamiðlun stæði ekki.

Utanríkisráðherra hefur nefnt þjóðaratkvæði um ímyndaðan aðildarsamning. Það er út í hött. Ákvörðunin á þessu stigi snýst aðeins um slit eða framhald viðræðna. Málamiðlunin gekk út á að Alþingi vísaði þeirri spurningu til þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
VÍSIR: Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Ljósanótt

Reykjanesbær **2013**

Velkomin á björtustu fjölskylduhátíð landsins

Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar
verður haldin dagana 5.–8. september.

Laugardagur 7. september

Blönduð fjölskyldudagskrá á útisviðinu allan daginn.
Ávarp forseta bæjarstjórnar • Bryn Ballett Akademían • Léttsveit Tónlistarskóla
Reykjanesbæjar • Sveppi og Villi • Danskompaní • Grease • Taekwondo
Fyrsti kossinn: Hljómar í 50 ár • Hljómsveitin Valdimar • Ásgeir Trausti
Dr. Gunni og vinir hans • Ojba rasta

Listsýningar um allan bæ og hin ómissandi árgangaganga.
Tónlistarveisla, kjötsúpa, skottsala og sagnakvöld. Með blik í auga,
bryggjuball, kvikmyndasýningar, söguganga og bíla- og bifhjólasýning.
Sjá dagskrá á ljosanott.is

Bjartasta flugeldasýning landsins.
Landsbankinn er aðalstyrktaraðili Ljósanætur.

Láttu sjá þig!

Fáðu dagskrá ljósanætur í símann þinn: ljos.ymir.is

ljosanott.is

Háskóli Íslands: Talíbanar í fílabeinsturni?

MANNRÉTTINDI

Jón Baldvin Hannibalsson
fv. ráðherra
Höfundur gegndi m.a. starfi kennara og skólameistara í 17 ár.

Ég hef að undanförnu orðið æ meir undrandi vitni að sjónarspili innan veggja Háskóla Íslands. Málið snýst vissulega um heiður háskólans. En það varðar ekki bara forráðamenn þessarar æðstu menntastofnunar Íslands. Það varðar alla sem skilja mikilvægi þess að halda í heiðri grundvallarreglur réttarríkisins og að virða mannréttindi.

Vissulega ber forráðamönnum háskólans að standa vörð um heiður hans. Spurningin er: Hvort verður það betur gert með því að halda í heiðri grundvallarreglur og mannréttindi? Eða með því að láta öfgafullan minnihluta kúga sig til að fórna grundvallarsjónarmiðum – í nafni friðarins? Hvar endar það? Málavextir eru í stórum dráttum sem hér segir:

Að beiðni Háskólans í Vilníus í Litháen tók ég að mér að kenna námskeið á vormisseri 2013 um stöðu smáþjóða í alþjóðakerfinu. Boðið var upp á samanburðargreiningu á því hvernig smáþjóðum hefði farnast í yfirstandandi alþjóðlegri fjármálakreppu, innan og utan bandalaga. Námskeiðið var fjölsótt. Það stóð öllum opið og vakti umfjöllun í fjölmiðlum. Þetta námskeið var undirbúið í samstarfi við Háskóla Íslands. Prófessor við háskólann lagði fræðilegan grunn að námskeiðinu og fylgdi því úr hlaði. Ég gegnumlýsti sjö dæmi um ofangreind efni og tók þar m.a. mið af eigin pólitískri reynslu. Kenningin var studd reynslurökum.

Námskeiðið í Vilníus þótti takast með þeim hætti að ég var spurður hvort ég vildi endurtaka það að ári. Í framhaldinu var þess óskað f.h. Háskóla Íslands að ég kenndi sambærilegt námskeið við HÍ nú á haustönn. Ég var tregur til í fyrstu, þar sem tímasetningin kallaði á breyttar ferðaáætlanir, en féllst þó á þessa beiðni að lokum.

Blygðunarkennd

Nú hefur mér borist orðsending um að háskólinn hafi afturkallað þessa beiðni. Af samtölum við (fyrrverandi) samstarfsmenn við HÍ má ráða, að skýringarnar séu þessar: Kennarar við HÍ í einhverju sem kallast „kynjafræði“ munu hafa sett fram skriflega kröfu um atvinnubann – „Berufsverbot“, eins og þetta hét í Þýskalandi nazismans – á undirritaðan. Þetta mun hafa verið stutt ákæruskjali um meintar ávirðingar mínar, samkvæmt glansritinu „Nýju lífi“ og DV.

Hverjar eru þessar sakargiftir? Árið 2005 var lögð fram kæra til lögreglu á hendur mér um meinta kynferðislega áreitni. Kærunni var vísað frá sem tilefnislausri. Kæran var tekin upp aftur við embætti saksóknara. Í það skiptið snerist hún um að ég hefði „sært blygðunarkennd“ viðtakanda bréfs, sem fylgdi bókargjöf eftir Nóbelsverðlaunahafa. Þessari kæru var líka vísað frá, þar sem ekki væri tilefni til sakfellingar.

Málið hefur sumsé haft sinn gang í réttarkerfinu. Þar með var því lokið samkvæmt viðteknum starfsreglum réttarríkisins. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu reyndu sumir fjölmiðlar að dusta af því rykið snemma árs 2012. Í þeirri umfjöllun var málið afflutt á þann veg að það hefði snúist um kynferðislega áreitni gagnvart stúlku undir lögaldri. Það var og er staðleysustafir (sjá málsgögn á heimasíðu minni www.jbh.is). Þótt maðurinn væri að vísu saklaus samkvæmt niðurstöðum ákæruvaldsins – sem treysti sér ekki til málshöfðunar – skyldi hann samt dæmdur sekur í fjölmiðlum. Á þessu munu kynjafræðingar háskólans byggja málflutning sinn.

En hvernig hefur hinn ákærði brugðist við? Hefur hann forherst og neitað allri sök? Nei – því fer fjarri. Hann hefur viðurkennt dómgreindarbrest og beðist fyrirgefningar og reynt sáttaumleitanir oftar en tölu verði á komið, bæði í einkaerindum og opinberlega. En eitt er að biðjast fyrirgefningar, annað að verða við henni. Mikilvægi fyrirgefningarinnar í boðskap fjallræðumannsins er vonandi enn kennd í guðfræðideildinni, þótt hún hafi ekki náð landi þarna í kynjafræðinni. Sá yðar sem syndlaus er, kasti fyrsta steininum.

Trúverðugleiki?

Hvað segir afhjúpun þessa máls okkur um það andlega ástand sem ríkir innan veggja Háskóla Íslands? Háskóli Íslands leitaði eftir starfskröftum mínum – væntanlega á faglegum forsendum – haustið 2009. Það var tveimur árum eftir að réttarkerfið hafði vísað frá kærumálum, þar sem ekki væri tilefni til sakfellingar. Háskólinn virtist ekki óttast það þá að þar með væri „þolendavænu umhverfi“ stúdenta stefnt í voða. Hvað hefur breyst? Fjölmiðlafár?

Háskólinn efndi til samstarfs við mig um undirbúning og framkvæmd námskeiðshalds við Háskólann í Vilníus á sl. vori. Að fenginni reynslu falaðist háskólinn eftir mér sem kennara í námskeiði fyrir innlenda og erlenda stúdenta á þessu hausti. Undirbúningur hefur verið í fullum gangi þar til nú, að þessi samstarfsbeiðni er afturkölluð. Hvers vegna? Opinberlega hefur háskólanum, enn sem komið er, láðst að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Í einkasamtölum er mér sagt að forsvarsmenn háskólans óttist neikvæða umfjöllun um háskólann, einkum í fjölmiðlum. Þeir segjast einfaldlega hafa látið undan hótunum kynjafræðinga um linnulaus klögumál og jafnvel rof á starfsfriði ef þeir hefðu staðið við samstarfsbeiðni sína. Þeir hafi með öðrum orðum „beygt sig fyrir hótunum“. Sjálfir hafa þeir sagt, að þá „hrylli við“ því hugarástandi sem að baki býr; og að þeir viðurkenni að uppgjöfin skapi alvarlegt fordæmi varðandi starfshætti innan háskólans í framtíðinni. Þeir viðurkenna að hér sé verið að brjóta mannréttindi og grundvallarreglur réttarríkis. Hvað er þá orðið af „orðspori og trúverðugleika“ Háskóla Íslands?

Það hefði varla hvarflað að neinum að fetta fingur út í það, þótt forráðamenn háskólans hefðu neitað að ráða mann í sína þjónustu sem hefði verið sekur fundinn í réttarkerfinu fyrir alvarleg brot; t.d. með Hæstaréttardóm á

→ Sjálfir hafa þeir sagt, að þá „hrylli við“ því hugarástandi, sem að baki býr; og að þeir viðurkenni, að uppgjöfin skapi alvarlegt fordæmi varðandi starfshætti innan háskólans í framtíðinni. Þeir viðurkenna, að hér sé verið að brjóta mannréttindi og grundvallarreglur réttarríkis. Hvað er þá orðið af „orðspori og trúverðugleika“ Háskóla Íslands?

bakinu fyrir þau brot sem þykja hvað alvarlegust í akademísku samfélagi – til dæmis ritstuld. Forráðamenn háskólans hljóta að vega og meta vandlega, hvenær „orðspor og trúverðugleiki“ æðstu menntastofnunar þjóðarinnar er að veði.

Hvað er að frétta af útvörðum réttarríkis og mannréttinda innan hins akademíska samfélags á Íslandi? Munu þeir nú láta til sín heyra af þessu tilefni? Eða eigum við að trúa því að þeir sem öðrum fremur eiga að standa vörð um mannréttindi í siðaðra manna samfélagi láti kúgast af hótunum ofstækisfulls sértrúarsafnaðar, sem gengur fram í nafni pólitísks rétttrúnaðar? Nýliðin saga segir okkur hvar sú vegferð endar. Var einhver að tala um talíbana? Fyrst svo er um hið græna tré, hvað þá um lággróður almenninganna?

LAUGARDAGUR 31. ÁGÚST

BYLGJAN SENDIR ÚT BEINT FRÁ MOSFELLSBÆ FRÁ KL.12.20-16.00

FRÍTT Í STRÆTÓ, leið 15

08.00-17.00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ AÐ VARMÁ OG VIÐ TUNGUBAKKA
- **08.00** Fótboltamót Aftureldingar og Intersport 6. 7. og 8. flokk karla og kvenna á Tungubökkum
- **14.00** Meistaraflokkur Aftureldingar tekur á móti Sindra frá Hornafirði
- **16.17** Ólympíuleikar vinnustaða

11.00 - 18.00 OPNAR VINNUSTOFUR LISTAMANNA

11.00 - 16.00 HRAFNSHÖFÐI 14, OPIÐ HÚS
Myndó ljósmyndastofa, Ólína Margeirsdóttir.
Tilboð á passamyndatöku í opnu húsi.

11.00 - 16.00 ÁSLAND 12, OPIÐ HÚS
Helga Sigurðardóttir - Leðurvörur, veski o.fl.

11.00 - 16.00 FLUGUMÝRI 34, OPIÐ HÚS
Asdesign, Alda Kristinsdóttir, Kvenfatnaður og fylgihlutir
Herdís og Hjördís, Bath and Body works vörur

13.00 - 18.00 HELGALAND 9, OPIÐ HÚS
Þórunn Símonardóttir, Gallerý hjá Tótu.
Ýmsar vörur úr ull, peysur, jakkar og fylgihlutir.

15.00 - 17.00 FELLSÁS 9A, OPIÐ HÚS
Bryndís Brynjarsdóttir - Málverk

15.00 - 17.00 LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR
Veisla í farangrinum
Opnun myndlistarsýningar systranna Söru og Svanhildar Vilbergsdætra. Sýningin er afrakstur mánaðarlangrar vinnuferðar til Gammel Have á Fjóni 2012. Þær kalla athæfi sitt dúett-málun, þar sem þær vinna verk sín í sameiningu allt frá hugmynd til framkvæmdar.

12.00 - 17.00 MOSSKÓGAR Í MOSFELLSDAL
Útimarkaður: Sultukeppni, grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl.,
- **14.00** Kammerkór Mosfellsbæjar syngur.
- **15.00** Úrslit í sultukeppni

11.00 - 17.00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL
Heimalingar, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr
Börnin fá að fara á hestbak kl. **14.00-15.00**
www.facebook.com/husdyragardurinnhradastadir

12.00 - 17.00 FLUGVÖLLURINN Á TUNGUBÖKKUM
Fornvélasýning: Gamlar flugvélar, forn-dráttarvélar úr Mosfellsbæ, mótorhjól,fornbílar og flugsýning. Elsta flugvél landsins, sem smíðuð var af tveimur Íslendingum á árunum 1931-2 verður til sýnis og reynt verður að setja hana í gangi í fyrsta skipti í tæp 30 ár.

13.00 - 15.00 ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ ELDRI BORGARA EIRHÖMRUM
Vetrardagskráin kynnt fyrir eldri borgurum. Allir velkomnir og heitt á könnunni.

13.00 TÍVOLÍ Á KAUPFÉLAGSPLANINU

13.00 - 18.00 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS
ÁLAFOSSBÚÐIN – ÁSGARÐUR - KAFFIHÚSIÐ ÁLAFOSSI OG SUNDLAUGIN
- **–13.15** Kammerkór Mosfellsbæjar syngur
- **–14.00** Þjóðdansafélagið með danssýningu barna og fullorðinna og að henni lokinni verður gömludansaball.
- **–14.00** Handboltastrákarnir í Aftureldingu grilla kjúkling frá Ísfugli og bjóða gestum að smakka á meðan birgðir endast.

13.00 - 15.00 ÞRAUTABRAUT FYRIR KRAKKA AÐ VARMÁ
Hjalti Úrsus og Halla Heimis með þrautabraut fyrir krakka og aflraunir fyrir fullvaxna. við Íþróttamiðstöðina að Varmá.

14.00 BARNADAGSKRÁ Á MIÐBÆJARTORGI
Lalli töframaður - Sveppi og Villi

14.00 DÝRAHJÁLP Í KJARNA VIÐ MIÐBÆJARTORG
Ættleiðingardagur hjá Dýrahjálp
Sætar kisur og kátir hundar sem leita að heimili. Varningur til sölu til styrktar hjálparstarfinu. Tekið á móti dóti og mat fyrir fósturdýrin.

15.00 - 17.00 RITUHÖFÐI
Íbúar verða með bílskúrssölu, þar verður hægt að finna handverk, fatnað, bakkelsi og fleira.

15.00 BÓKMENNTAKYNNIG Á HVIRFLI Í MOSFELLSDAL.
Kynning á glænýrri bók: **Sérðu harm minn, sumarnótt?** eftir Bjarka Bjarnason. Sérðu harm minn, sumarnótt? er söguleg skáldsaga sem gerist á Austfjörðum á fyrri hluta síðustu aldar. Bókaútgáfa Óðinsauga í Mosfellsbæ gefur verkið út og bókin verður til sölu á staðnum á sérstöku kynningarverði.
Kammerkór Mosfellsbæjar syngur kl 14:40.

15.00 AKURHOLT 21
Hljómsveitin Kynslóðabilið heldur tónleika út í garði. Söngvarar eru Nonni Maggi og Siggi Hansa. Hljómsveitina skipa Hans Þór Jensson, Páll Helgason, Arnór Sigurðarson og Jón Bjarni Jónsson.

16.00 ÁLMHOLT 10
Útitónleikar í garðinum heima: Davíð Ólafsson óperusöngvari og gestir skemmta. Davíð fær Garðar Thor Cortes og Kristján Jóhannsson í heimsókn.

Sjá nánar á www.mos.is/ituninuheima

16.30 SKÁLAHLÍÐ 46
Útitónleikar í garðinum heima hjá bæjarstjóranum: Hljómsveitin Kókos hitar upp fyrir götugrill. Safnast saman í brekkunni fyrir neðan húsið og ofan Hulduhlíðar. Gústi, Hrafnhildur og Öddi halda uppi fjörinu. www.facebook.com/kokosband

16.00 BÆJARLEIKHÚSIÐ
Álfabörnin Þorri og Þura kíkja í heimsókn í Bæjarleikhúsið með glænýja sýningu sem hentar börnum á öllum aldri. Miðaverð 1500 kr. Miðapantanir í síma 692 7408

16.30 KARAMELLUKAST Á FLUGVELLINUM TUNGUBÖKKUM

17.00 - 20.00 GÖTUGRILL Í MOSFELLSBÆ
Íbúar í Mosfellsbæ halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins.

20.00 - 23.00 STÓRTÓNLEIKAR Á MIÐBÆJARTORGI
- **Hljómsveitin Solar – Hera Björk Þórhallsdóttir**
- **Hljómsveitin Kaleo – Raggi Bjarna og gestir**
- **Stormsveitin – Páll Óskar Hjálmtýsson – Kynnir: Steindi jr.**

23.00 BJÖRGUNARSVEITIN KYNDILL MEÐ FLUGELDASÝNINGU.

23.30 STÓRDANSLEIKUR MEÐ PÁLI ÓSKARI AÐ VARMÁ

SUNNUDAGUR 1. SEPTEMBER

11.00 - 17.00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL
Heimalingar, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr
Börnin fá að fara á hestbak kl. **14.00-15.00**

13.00 - 18.00 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS
ÁLAFOSSBÚÐIN – ÁSGARÐUR - KAFFIHÚSIÐ ÁLAFOSSI OG SUNDLAUGIN
- **14.00** Handboltastrákarnir í Aftureldingu grilla kjúkling frá Ísfugli og bjóða gestum að smakka á meðan birgðir endast.

14.00 BÆJARLEIKHÚSIÐ
Álfabörnin Þorri og Þura kíkja í heimsókn í Bæjarleikhúsið með glænýja sýningu sem hentar börnum á öllum aldri. Miðaverð 1500 kr.
Miðapantanir í síma 692 7408

14.00 HLÉGARÐUR - HÁTÍÐARDAGSKRÁ
- Karlakórinn Stefnir syngur. Stjórnandi: Julian M. Hewlett.
- Umhverfisnefnd veitir umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar 2013.
- Útnefning bæjarlistarmanns.
- Karlakórinn syngur í lok dagskrár.

16.00 STOFUTÓNLEIKAR Á GLJÚFRASTEINI
Halldór Sveinsson pianóleikari og Sigrún Harðardóttir fiðluleikari
Á tónleikunum verður hægt að ylja sér um hjartarrætur með því að hlusta á ljúfar íslenskar dægurlagaperlur, m.a. eftir Sigfús Halldórsson, Þórarin Guðmundsson og Jón Múla. **Aðgangur er ókeypis.**

ÍSTAK · Íslandsbanki · Mosfellsbær

Vnr. 42378856
MELISSA brauðrist.
1.990 kr.

Vnr. 42378857
MELISSA samloku-grill, 750W.
3.990 kr.

Vnr. 42372865
MELISSA rafmagns-hitapanna, 1500W.
5.990 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is

Vnr. 42376269
TRISTAR vöfflujárn fyrir belgískar vöfflur.
3.990 kr.

Vnr. 42378870
Vöfflujárn, tvöfalt, 1200W.
9.990 kr.

Vnr. 42378859
MELISSA handþeytari.
2.990 kr.

Vnr. 42378866
MELISSA eggjasuðutæki.
3.990 kr.

Vnr. 42378855
MELISSA hraðsuðu-kanna, 1,7 l.
2.990 kr.

Vnr. 42373867
SEVERIN kaffivél.
5.990 kr.

Vnr. 42378854
MELISSA kaffivél, 1,2 l.
2.490 kr.

Vnr. 42374683
MELISSA töfrasproti.
1.990 kr.

Vnr. 42376032
Trappa með þremur þrepum.
3.990 kr.

Vnr. 42376665
Trappa með tveimur þrepum.

KLÚBB verð
2.990 kr.
Almennt verð 3.990 kr.

Vnr. 42379046
MELISSA ryksuga, 1200W.
5.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

UMMÆLI VIKUNNAR
24.08.2013 → 30.08.2013

„Það var nú aðallega það að ég var búin að lofa þessu og vildi standa við loforðið, eins og ég er alin upp við.“

Agnes M. Sigurðardóttir biskup um þá ákvörðun sína að halda erindi á Hátíð vonar. Aðalræðumaðurinn, predikarinn Franklin Graham, er umdeildur vegna ummæla sinna um múslíma og afstöðu til samkynhneigðra.

„Sveitarfélögin nyrðra virðast ekki eins hrædd við okkur og sveitarfélögin fyrir sunnan. Við tökum lífræna úrganginn í sömu ferð og við náum í annan úrgang.“

Elías Ólafsson, stjórnarmaður í Gámaþjónustunni sem ekki fær að safna lífrænum úrgangi frá heimilum í Reykjavík.

„Þetta dugir ekkert út vikuna, þeir borða brauð og afganga síðustu dagana.“

Gunnar Davíðsson, aðstandandi fanga í Kvennafangelsinu.

Einstök eign í Þingholtunum

RE/MAX Borg
Úlfar Davíðsson
897-9030
ulfar@remax.is

Um að ræða stórglæsilegt og vel skipulagt c.a 470 fm. einbýlishús sem hefur allt nýlega verið endurnýjað að utan jafnt sem innan. Húsið skiptist í tvær hæðir, kjallara og risloft ásamt bílskúr. Húsið var teiknað af Sigurði Guðmundssyni árið 1927. Húsið er nýuppgert bæði að innan og utan á afar smekklegan hátt. Allar innréttingar og gólfefni eru sérsniðin að húsinu en Hallgrímur Friðgeirsson, innanhúsarkitekt, sá um alla innri hönnun þess. Eftirtaldir fasteignasalar gefa frekari upplýsingar um húseignina

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík
Kjartan Hallgeirsson
s.824-9093
kjartan@eignamidlun.is

Sunddeild Ármanns

Barnasund

Sundnámskeið fyrir börn 2ja-6 ára hefst Föstudaginn 20.Sept .Nk. í Árbæjarlaug

Ungbarnasund

Námskeiðið hefst 10. Sept 2013 í Árbæjarlaug.

Innritun virka daga frá kl. 17.00 og um helgar frá kl. 13.00 í síma 557-6618 Stella, stella.gunnars@gmail.com stella.gunnarsdottir@reykjavik.is

Námsorlof
kennara og stjórnenda í framhaldsskólum
Umsóknarfrestur til 1. október

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um námsorlof á framhaldsskólastigi fyrir skólaárið 2014-15. Um námsorlof geta sótt kennarar og stjórnendur í framhaldsskólum. Einnig geta skólar sótt um námsorlof fyrir hönd kennara viðkomandi skóla.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á www.rannis.is
Umsóknum skal skila á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Sverrisdóttir, margret.sverrisdottir@rannis.is, sími 515 5837.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs auk menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Dunhaga 5, 107 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Mikilvægi Barnahúss

KYNFERÐISOFBELDI

Svala Ísfeld Ólafsdóttir
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

→ Ég dáist að þeim fimm börnum sem komu fram fyrir fjóra ráðherra ríkisstjórnarinnar og skýrðu þeim á opinskáan og einlægan hátt frá þeirri reynslu sem þau hafa gengið í gegnum.

Á forsíðu Fréttablaðsins 30. ágúst er skýrt frá því að biðlistar í Barnahúsi séu lengri en nokkru sinni fyrr og að stjórnvöld hafi ekki staðið við loforð um stærra og betra húsnæði. Þá séu yngstu börnin sem bíða meðferðar vegna kynferðisofbeldis yngri en fjögurra ára. Yngsta barnið er þriggja ára.

Þetta er sláandi frétt í því ljósi að ríkisstjórnin sem var að ljúka kjörtímabili sínu í vor líkti ástandinu í málaflokknum við „neyðarástand“ og lagði til að 200 milljónir yrðu settar í að bregðast við því. Í kjölfar máls Karls Vignis voru helstu sérfræðingar í málaflokknum boðaðir á fund allsherjar- og menntamálanefndar auk yfirmanna þeirra stofnana sem sinna þessum málum. Í kjölfarið var komið á fót samstarfsnefnd fjögurra ráðuneyta sem hefur það markmið að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi, efla lögreglu og ákæruvald við rannsókn og meðferð þessara mála og vinna að bættum úrræðum fyrir þolendur brotanna. Nefndin skilaði aðgerðaáætlun í aprílbyrjun og forgangsraðaði þar þeim verkefnum sem brýnast væri að sinna. Það sem fyrst var talið upp var kaup á nýju Barnahúsi.

Þolendum verði hjálpað

Biðlistar í Barnahúsi þýða tvennt og er hvort tveggja jafn alvarlegt. Í fyrsta lagi að starfsmenn anna ekki eftirspurn eftir fjölda viðtala sem þörf er á í því skyni að staðreyna og upplýsa hvort brot hefur verið framið til að koma megi lögum yfir gerendurna. Í öðru lagi þýðir það að þau börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi og skaðast af því fá ekki þá hjálp sem þau þurfa. Börn hrista ekki af sér afleiðingar kynferðisofbeldis og þær líða ekki hjá óméðhöndlaðar.

Það þarf að vinna úr þeim og er aðkoma fagaðila og sérfræðinga þar nauðsynleg.

Þýðingarmikill liður í að aflétta þögguninni sem hefur umlukið þennan brotaflokk og skömminni sem þolendurnir upplifa er að stjórnvöld viðurkenni mikilvægi þess að greiða fyrir rannsókn þessara brota og meðferð þeirra innan refsivörslukerfisins og hjálpa þolendunum til að vinna úr þeim alvarlegu afleiðingum sem þau hafa í för með.

Ég dáist að þeim fimm börnum sem komu fram fyrir fjóra ráðherra ríkisstjórnarinnar og skýrðu þeim á opinskáan og einlægan hátt frá þeirri reynslu sem þau hafa gengið í gegnum. Til þess þarf mikið hugrekki. Börnin skipa sérfræðihóp barna hjá UNICEF á Íslandi. Þau eiga það sameiginlegt að hafa verið beitt kynferðisofbeldi og hafa sótt meðferð í Barnahúsi eftir að upp komst um ofbeldið. Megi frásögn þeirra opna enn frekar augu þeirra sem á hlýða þannig að allt sem mögulegt er verði gert til að upplýsa þessi brot og hjálpa þeim sem orðið hafa fyrir þeim til að fóta sig í lífinu. Ég skora á núverandi ríkisstjórn að standa við fyrirheit fyrri ríkisstjórnar um umbætur í þessum málaflokki. Þessi málaflokkur á að vera hafinn yfir pólitískan ágreining.

Sýrland þarfnast þinnar hjálpar

HJÁLPARSTARF

Hermann Ottósson
framkvæmdastjóri Rauða krossins

→ Sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða hálfmánans hætta lífi sínu á hverjum degi við störf sín við sjúkraflutninga og neyðaraðstoð.

Rauði krossinn á Íslandi hefur hrundið af stað söfnun meðal almennings fyrir fórnarlömb borgarastríðsins í Sýrlandi. Með söfnuninni vill Rauði krossinn opna vettvang fyrir þá sem vilja sýna Sýrlendingum samstöðu og veita þeim aðstoð í þeim hræðilegu aðstæðum sem þar ríkja.

Rauði krossinn hefur unnið mikilvægt hjálparstarf í Sýrlandi frá því að átökin brutust út í mars 2011. Alþjóða Rauði krossinn er meðal fárra samtaka sem veitir aðstoð á svæðum sem stjórnarherinn hefur á valdi sínu. Rauði krossinn og Rauði hálfmáninn hafa dreift matvælum og hreinu vatni auk þess að viðhalda vatnsveitu í landinu sem þjónar um tuttugu milljónum manna. Lyfjum og skurðáhöldum hefur verið komið til lækna og hjúkrunarfólks sem hlúa að særðum við ömurlegar aðstæður.

Rauði krossinn vinnur einnig það erfiða og hættulega starf að hafa eftirlit með því að fangar séu meðhöndlaðir samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða hálfmánans hætta lífi sínu á hverjum degi við störf sín við sjúkraflutninga og neyðaraðstoð. Alls hafa 22 starfsmenn Rauða hálfmánans látið lífið við skyldustörf frá því átökin hófust, þar af tveir í þessari viku.

Íslendingar á vettvang

Þá vinnur Rauði krossinn viðamikið hjálparstarf í nágrannaríkjum Sýrlands til að aðstoða milljónir manna sem flúið hafa átökin og búa við kröpp kjör ýmist í flóttamannabúðum, hjá vandamönnum eða hafast við undir berum himni.

Alþjóða Rauði krossinn vinnur nú að því að setja upp fullkomið tjaldsjúkrahús í flóttamannabúðum við landamæri Sýrlands í norðurhluta Jórdaníu. Rauði krossinn á Íslandi styður verkefnið í samvinnu við Rauða krossinn í Finnlandi, Noregi, Þýskalandi og Kanada, og munu íslenskir læknar og hjúkrunarfólk verða sendir þangað til starfa á næstu mánuðum.

Rauði krossinn á Íslandi hefur þegar varið um 60 milljónum króna í neyðaraðstoð Alþjóða Rauða krossins, með stuðningi utanríkisráðuneytis og Fatímusjóðs. Atburðir liðinna daga og möguleg notkun efnavopna kalla á frekari aðstoð frá Rauða krossinum á Íslandi. Því vill Rauði krossinn gefa almenningi kost á að styðja hjálparstarfið með því að hringja í söfnunarsímann 904-1500 eða leggja fé á reikning Rauða krossins 342-26-000012, kt. 530269-2649.

Sýrland þarfnast þinnar hjálpar.

MARÍA HEKLBÓK

Bókin sem heklarar hafa beðið eftir!

Önnur bók Tinnu Þórudóttur Þorvaldar er komin í búðir. Sú fyrri, *Þóra heklbók*, hlaut frábærar viðtökur og er sívinsæl.

Í hönnun sinni tvinnar Tinna saman handbragð formæðra sinna og eigin sköpunargleði. Í bókinni er kafli með gagnlegum leiðbeiningum sem nýtast þeim sem leggja stund á þessa skemmtilegu og skapandi iðju.

25 glænýjar og spennandi uppskriftir fyrir reynda sem óreynda.

- Barnapeysur
- Leikföng
- Teppi
- Hárskraut
- Skartgripir
- Húfur
- Vettlingar
- Sjöl
- Töskur
- Herraslaufur
- Dúkar
- Svuntur
- Jólakúlur
- Jólaljós

Þóra heklbók:
4. prentun er komin!

Salka

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík

LA-Z-BOY®

LIFÐU LÍFINU ÞÆGILEGA!

Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

TILBOÐ Á STÓLUM FRÁ LA-Z-BOY

59.990
FULLTVERÐ: 89.990

LA-Z-BOY

UTAH La-z-boy stóll. Áklæði tveir litir. B:78 D:75 H:103 cm.

79.990
FULLTVERÐ: 99.990

LA-Z-BOY

ANDERSON La-z-boy stóll. Áklæði tveir litir. B:80 D:80 H:104 cm.

NÝTT

109.990
FULLTVERÐ: 119.990

LA-Z-BOY

AROS La-z-boy stóll. Grátt, brúnt eða ljóst ákæði. B:85 D:90 H:107 cm.

NÝTT

169.990
NÝR LA-Z-BOY STÓLL

LA-Z-BOY

SUMMIT La-z-boy stóll. Svart og hvítt leður. B:80 D:95 H:10 cm.

159.990
FULLTVERÐ: 179.990

LA-Z-BOY

PINNACLE
La-z-boy stóll.
Svart, ljóst eða brúnt leður.
B:80 D:85 H:104cm.

FULL BÚÐ AF NÝJUM STÓLUM FRÁ LA-Z-BOY

LA-Z-BOY

CARDINAL
La-z-boy stóll.
Svart leður.
B:96 D:100
H:107 cm.

179.990
FULLTVERÐ: 199.990

IDdesign

DÖNSK HÖNNUN!

AÐEINS 32.077 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

UMBRIA HORN-TUNGUSÓFI – ÁKLÆÐI

369 .990

FULLT VERÐ: 419.990

Stærð: 330X265 H: 78 cm.
Umbria sófarnir eru til í ótal útfærslum. 2ja og 3ja sæta, hornsófar og með eða án tungu. Þeir fást bæði í áklæði og leðri.

AÐEINS 30.352 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

COSTA – TUNGUSÓFI

349 .990

FULLT VERÐ: 399.990

COSTA tungusófi. Dökk- og ljósgrátt áklæði.
Fæst einnig í leðri. Stærð: 305X95/215 H: 84 cm.

Hnakkapúðar ekki innifaldir í verði.

AÐEINS 29.489 KRÓNUR

Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

UMBRIA – HORNSÓFI

339 .990

FULLT VERÐ: 399.990

Umbria 2H2 hornsófi. Dökk- og ljósgrátt áklæði.
Fæst einnig í leðri. Stærð: 262x261 H: 78 cm.

Orange áklæði

Grátt áklæði

Hvítt áklæði

Svart leður

HAVANA Í ÁKLÆÐI
HÆGINDASTÓLL

69.990

FULLT VERÐ: 79.990

HAVANA LEÐUR
HÆGINDASTÓLL

99.990

FULLT VERÐ: 119.990

Fjólublátt áklæði

GHOST Í ÁKLÆÐI
HÆGINDASTÓLL

119.990

FULLT VERÐ: 139.990

GIRO Í ÁKLÆÐI
HÆGINDASTÓLL

139.990

FULLT VERÐ: 159.990

Karrígult áklæði

HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

HELGIN

Hrefna Ósk Sætran veitingamaður

Sushi úr maríulaxi

„Ég er að fara í þrítugsafmæli hjá Steinari kokki á Grillmarkaðnum í dag. Svo förum við í bröns á Loftleiðum á morgun og um kvöldið ætla ég að gera sushi úr maríulaxinum mínum."

Guðríður Haraldsdóttir aðstoðarritstjóri

Gripin heklæði

Ég er í sumarfríi og þar sem ég er gripin heklæði sit ég við að hekla röndótt lopateppi. Svo fylgist ég með vefsjá því ég er áhugamaður um vont veður og finnst afleitt að Siglingastofnun tók út upplýsingar um ölduhæð.

Þorsteinn Guðmundsson kúnstner

Frestar kartöflu-upptöku

„Ég ætlaði að taka upp kartöflur í dag en verð að fresta því vegna veðurs, hins vegar fresta ég ekki gríni hringborðsins á Rás 2. Svo er ég farinn upp á Kjalarnes með krakkana í afmæli."

Jóhann Ágúst Jóhannsson framkvæmdastjóri

Tónleikar og fótbolti

Það verður ekki hægt að láta sig vanta á tónleika Of Monsters and Men við Vífilsstaði. Þangað er stefnan tekin með fjölskylduna. Á morgun er svo mjög mikilvægt að horfa á leik Liverpool og Man U.

BORGARLEIKHÚSIÐ Verður opið fyrir gesti í dag.

Opið hús í leikhúsinu

Opnar æfingar á verkum vetrarins

Leikhús Hið árlega Opna hús Borgarleikhússins fer fram í dag frá klukkan 13 til 16 og verður mikið fjör á öllum sviðum. Sýnd verða brot úr verkunum Mary Poppins og Rautt og hafðar opnar æfingar á verkum vetrarins, auk þess sem boðið er upp á búningamátun, ratleik, happdrætti með veglegum vinningum og ýmislegt fleira.
Þá mun Magnús Geir leikhússtjóri baka vöfflur ásamt leikurum og þarf um 500 lítra af vöffludeigi til. Á síðasta ári voru gestir opna hússins í Borgarleikhúsinu rúmlega 10.000 talsins.

HALLDÓRA BJÖRK „Þessar kisulórur eiga allt það besta skilið," segir hún.

Opið hús

Kisurnar kalla

Dýravernd Opið hús verður í Kattholti í Stangarhyl 2 milli klukkan 11 og 14 í dag fyrir þá sem langar í kisu. Þar verða sýndar fullorðnar kisur sem þarfnast þess sárlega að eignast góð heimili. „Við viljum gefa eldri kisum tækifæri til að sýna sig og þeir sem eru ákveðnir í að fá sér kött, eru hvattir til að koma í heimsókn," segir Halldóra Björk Ragnarsdóttir, formaður Kattavinafélags Íslands.

MARGT AÐ GERAST Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, Guðrún Birna La Sage de Fontenay og Arndís A. K. Gunnarsdóttir skipa Grúsku Babúsku sem kemur fram á tónleikum á heimili Hrafns Gunnlaugssonar í dag. Á myndina vantar Dísu Hreiðarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Efna loforð með tónleikum

Hljómsveitin **Grúska Babúska** heldur tónleika á heimili Hrafns Gunnlaugssonar í dag ásamt Cheek Mountain Thief, Caterpillarmen, Low Roar og DJ Flugvél og Geimskip. Grúska Babúska kemur fram á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í haust og vinnur jafnframt að nýrri breiðskífu.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

„Við höldum þessa tónleika til að efna loforð sem við gáfum þeim sem styrktu útgáfuna á fyrstu plötunni okkar í vor á hópsöfnunarsíðunni Karolinafund.com. Nú er komið að skuldadögum," segir Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, meðlimur hljómsveitarinnar Grúsku Babúsku sem heldur tónleika klukkan 17 í dag á heimili Hrafns Gunnlaugssonar kvikmyndagerðarmanns á Laugarnestanga 65. Ásamt Grúsku Babúsku koma Cheek Mountain Thief, Caterpillarmen, Low Roar og DJ Flugvél og Geimskip fram á tónleikunum.

Grúsku Babúsku-meðlimir, þær Harpa Fönn, Arndís A. K. Gunnarsdóttir, Guðrún Birna La Sage de Fontenay og Dísa Hreiðarsdóttir, nýttu sér hópsöfnunarsíðuna Karolinafund.com til að safna fyrir útgáfu samnefndrar stuttskífu sem var gefin út rafrænt og á USB-kubbi í vor. Í leiðinni lofuðu þær að ef tilsett markmið næðist myndu þær meðal annars gefa babúskur og slæður og halda tónleika í helli, auk þess að koma fram á heimili Hrafns Gunnlaugssonar, en Harpa Fönn er frænka Hrafns og hefur eytt mörgum stundum á heimili hans í gegnum tíðina. Hún segir staðinn mjög sérstakan og vel til þess fallinn að brydda upp á einhverju nýju og öðruvísi þar.

„Við stefnum á að halda tónleika í helli í haust og að því loknu verðum við búnar að efna öll loforðin," segir Harpa Fönn og bætir við að söfnunin á Karolinafund hafi gengið svo vel að sveitin muni ekki hika við að nýta sér síðuna aftur þegar kemur að útgáfu annarrar skífu Grúsku Babúsku. „Við komum fram á Iceland Airwaves núna í haust og erum rosalega spenntar fyrir því. Í kringum hátíðina ætlum við að gefa út fjögur lög, sem komust ekki á fyrstu plötuna okkar, undir heitinu B-sides á þann hátt að við dreifum niðurhalskóðum til áhorfenda á tónleikum. Svo erum við byrjaðar að taka upp nýja breiðskífu og vonumst til að geta sent hana frá okkur með vorinu. Fyrsta platan var ágætis þróun yfir í B-sides, sem aftur er fínasta brú yfir í nýju plötuna sem við erum að taka upp. Það er stöðug þróun í gangi og við höfum breyst nokkuð mikið á stuttum tíma," segir Harpa Fönn.

Minnast rektors með hraðskákmóti

Hraðskákmót í dag og málþing á morgun eru viðburðir í skólahúsi MH í tilefni aldarminningar Guðmundar Arnlaugssonar, fyrsta rektors Menntaskólans í Hamrahlíð. Báðir hefjast þeir klukkan 14.

„Mér þótti Guðmundur tengjast svo mörgum góðum málum á sinni lífstíð og alls staðar á svo vandaðan hátt að mér fannst við hæfi að minnast hans á aldarafmælinu," segir Anna Kristjánsdóttir prófessor sem stendur fyrir hátíð um helgina til heiðurs Guðmundi Arnlaugssyni, fyrsta rektor MH. Anna er tengdadóttir Guðmundar og fyrrverandi samstarfsmaður.

Anna segir vel við hæfi að endurvekja hraðskákmót af þessu tilefni í dag. „Margir af okkar glæsilegustu skákmönnum voru nemendur Guðmundar í Hamrahlíðinni," bendir hún á.

Á málþinginu á morgun verður í stuttum erindum fjallað um framlag Guðmundar í íslensku þjóðlífi því hans er minnst með þakklæti og virðingu sem kennara, skákmeistara, fræðimanns, frumkvöðuls, leiðtoga og tónlistarunnanda. Hann mótaði til dæmis bæði áfangakerfi og öldungadeild við skólann sinn 1972, sama haust og Anna hóf þar störf. „Þarna streymdi inn fullorðið fólk í öldungadeildina fullt alúðarþakklætis í garð skólans fyrir að bjóða þessa leið," minnist hún.

- gun

FORSPRAKKINN Anna Kristjánsdóttir prófessor er frumkvöðull að minningarhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GUÐMUNDUR ARNLAUGSSON

BARNASTARF KIRKJUNNAR

SUNNUDAGASKÓLINN ALLA SUNNUDAGA Í VETUR!

FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI, MÖMMUR OG PABBA – AFA OG ÖMMUR!

REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

ÁRBÆJARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

ÁSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 8. sept.
Nánar á www.askirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.breidholtskirkja.is

DÓMKIRKJAN
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.domkirkjan.is

FELLA- OG HÓLAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.fellaogholakirkja.is

GRAFARVOGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
í Grafarvogskirkju og Borgarholtsskóla
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GRENSÁSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 8. sept.
Nánar á www.grensaskirkja.is

GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI
Alla sunnudaga kl. 11
frá 8. sept.
Nánar á www.gudridarkirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.hallgrimskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.hateigskirkja.is

HJALLAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 13
frá 8. sept.
Nánar á www.hjallakirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.laugarneskirkja.is

LANGHOLTSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.langholtskirkja.is

LINDAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
í Lindakirkju og í Boðaþingi
Nánar á www.lindakirkja.is

NESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.neskirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN
Annan og fjórða sunnudag mánaðarins kl. 14
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

SELJAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 8. sept.
Nánar á www.seljakirkja.is

SELTJARNARNESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.seltjarnarneskirkja.is

HAFNARFJÖRÐUR OG GARÐABÆR

ÁSTJARNARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.astjarnarkirkja.is

BESSASTAÐAKIRKJA
Fyrsta sunnudag hvers mánaðar
í Bessastaðakirkju kl. 11
aðra sunnudaga
í Brekkuskógum 1
Nánar á bessastadasokn.is

FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.frikirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 8. sept.
Nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11
frá 8. sept.
Nánar á www.vidistadakirkja.is

VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ
Alla sunnudaga kl. 11
frá 1. sept.
Nánar á www.vidalinskirkja.is

MOSFELLSBÆR

LÁGAFELLSKIRKJA
Alla sunnudaga
kl. 13 í Lágafellskirkju
frá 8. sept.
Nánar á www.lagafellskirkja.is

Varð ástfangin af glímunni

Glímukonan **Sunna Rannveig Davíðsdóttir** hefur kynnst sorgum og sigrum. Hún missti bæði systur og föður sviplega en lifir fyrir dótturina og bardagalistina. Svo á hún líka kærasta með sama áhugamál – slagsmál. Þau kysstust fyrst í boxhringnum.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

SUNNA „Anna Rakel er hluti af öllu ferlinu hjá mér og á sinn hlut í þeim árangri sem ég hef náð," segir hún um dóttur sína.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það bara kviknaði hjá mér áhugi fyrir glímu. Þetta er eins og að verða ástfangin," segir Sunna Rannveig Davíðsdóttir og brosir breitt, þegar hún er spurð um ástríðu sína fyrir að berjast við annað fólk. Hún er bara 1,60 m á hæð en er fremst íslenskra kvenna í bardagalist og einn af fimm víkingum úr keppnisliði Mjölnis sem ætla til Írlands eftir hálfan mánuð að takast á við erlent áhugafólk í sama sporti. Hinir eru karlmenn.

Langaði að kafa dýpra

Sunna kveðst hafa byrjað í muay thai, sem er taílenskt kickbox. „Svo langaði mig að læra meira, kafa dýpra," segir hún. „Ég var úti að hlaupa í Vesturbæ Reykjavíkur þegar mér datt í hug að stökkva inn í Mjölni og kanna hvað væri í boði og þegar ég labbaði út aftur var ég búin að skrá mig á byrjendanámskeið. Vissi ekkert út í hvað ég var að fara en fann að ég var að taka rétta ákvörðun. Tíu dögum seinna byrjaði námskeiðið og eftir það varð ekki aftur snúið. Bæði iðkendur og starfsfólk var þannig að ég sogaðist inn í þetta umhverfi, samstaðan var svo góð – og er enn þó hópurinn hafi stækkað."

Hún kveðst hafa byrjað að æfa brasilískt jiu-jitsu, kickbox, box og víkingaþrek. Nú leggur hún áherslu á MMA, sem er blönduð bardagalist, og í því ætlar hún að keppa í Írlandi. „Það opnar nýja vídd að læra glímu," segir hún sannfærandi. „Maður á kannski erfiðan dag en fer inn að glíma og skilur allt eftir sem búið er að ganga á, hugsar bara um hvað maður er að gera nákvæmlega á því augnabliki. Glíma er ekki bara líkamleg áreynsla heldur hefur hún áhrif á hugarfarið líka."

Viðtalið fer fram í bardagahúsi Mjölnis, gamla Héðinshúsinu á Seljavegi sem um tíma hét Loftkastalinn. Þar æfir Sunna og þar starfar hún líka, bæði í afgreiðslunni og við þjálfun á svokölluðu víkingaþreki. Þannig sameinar hún vinnu og áhugamál. Hún sýnir mér salina. „Í víkingaþrekinu blöndum við öllu saman, ketilbjöllum, líkamsþyngdaræfingum, spörkum og boxi í púða. Þar mætir alltaf stór hópur, meðaltalið er 40 en hefur farið upp í 70-80. Þegar ég er að þjálfa set ég saman æfinguna og hjálpa fólki að komast í gegnum hana. Þá get ég stundum verið með læti en þó mest uppbyggjandi hávaða," segir hún brosandi. „Svo þegar ég er á æfingu eru aðrir að leiðbeina með viðeigandi hrópum."

Systirin lét lífið

Sunna átti heima í Smálöndunum í Svíþjóð til fimm ára aldurs með foreldrum sínum og tveimur systrum, Rakel Báru og Söndru sem voru 10 og 12 árum eldri en hún. „Það var mikill vinskapur milli systra minna en ég var svona litla stelpan sem alltaf var hægt að atast í," segir hún. Frá Svíþjóð flutti fjölskyldan á Stokkseyri en fljótlega eftir það dró ský fyrir sólu. „Rakel Bára systir mín lést af slysförum," segir Sunna alvarleg. „Það gerði flóð á Stokkseyri því varnargarður gaf sig og vegurinn eyðilagðist. Systir mín var að koma heim um hádegisbil í bíl með stelpu frá Selfossi og þær uggðu ekki að sér. Bíllinn fór á flug og systir mín lét lífið. Í kjölfar slyssins flutti Sandra systir mín að heiman og fór að búa og allt var breytt. Við mamma og pabbi fluttum til Þorlákshafnar og þaðan á sveitabæ í Flóanum en þegar ég var átta ára fluttum við í Kópavoginn."

Hún kveðst muna vel eftir Rakel Báru systur sinni. „Ég vil meina að hún eigi sinn þátt í því að gera mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. Hún fór nefnilega snemma að reyna á þrekið mitt með því að tuskast við mig, kefla mig og fíflast í mér. Ég er sterkari fyrir vikið og tel að þessir leikir hafi mótað mig."

> **Mér var hent út á gólfið því þjálfararnir töldu að ég þyrfti smá líkamlega þolraun. Það var rétt mat. Þegar ég var búin að að veltast í gólfinu í góðan klukkutíma og taka á hjálpaði það mér að opna á sársaukann.**

Pabbi í hjartastopp

Systurmissirinn er ekki eina áfall Sunnu í lífinu því faðir hennar lést í byrjun síðasta árs. „Pabbi fór í hjartastopp," segir hún döpur. „Hann var ótrúlega góður maður. Var á 62. aldursári þegar hann lést. Hann var leigubílstjóri, hafði verið í löggunni áður og sjómaður í gamla daga." Hún segir það huggun harmi gegn að fjölskyldan hafi verið nýbúin að eiga mjög góðar stundir saman. „Þetta gerðist rétt eftir nýárið og hann var búinn að verja hátíðunum með fjölskyldunni á einstakan hátt, það er eins og hann hafi grunað hvað í vændum væri. Hann þurfti svo mikla nærveru. Það var eins og hann væri að njóta þess í botn að vera með fólkinu sínu og hann lét mikla ást og mikið þakklæti í ljós. Svo var hann með vídeóvél í hendinni eiginlega öll jólin, reyndar sjálfur vitlausu megin því við hefðum viljað eiga myndir af honum."

Hún segir fráfall föður síns hafa verið eins og dúndrandi högg í andlitið. „Þetta var hræðilegur skellur sem reyndi mikið á. Ég á litla stelpu sem var alger afastelpa og mamma og pabbi voru auðvitað náin. Þetta hafði líka svakaleg áhrif á mig en einhvern veginn druslaðist ég gegnum dagana. Ég var að byrja í háskólanum á þessum tíma og eitt sinn var ég þar í aukatíma. Það var föstudagur, búin að vera strembin skólavika og jarðarför pabba á miðvikudeginum. Ég leit á klukkuna og hugsaði með mér: Það er glíma eftir hálftíma. Kennslustundin var ekki búin en ég ákvað að taka dótið mitt, hlaupa út í bíl og keyra út í Mjölni. Fann að ég þurfti á því að halda. Þá beið mín þar járnun. Það er athöfn þar sem þjálfarar meta þá sem eru að glíma, bæði ferilinn og frammistöðu þeirra þann daginn. Iðkendurnir fá annaðhvort belti eða strípur í beltið sitt ef þeir hafa unnið til þess. Mér var hent út á gólfið því þjálfararnir töldu að ég þyrfti smá líkamlega þolraun. Það var rétt mat. Þegar ég var búin að að veltast í gólfinu í góðan klukkutíma og taka á hjálpaði það mér að opna á sársaukann. Félagarnir studdu mig og hvöttu og lá við að þeir grétu með mér. Þeir eru eins og önnur fjölskylda mín og það hjálpaði mér mikið í kjölfar þessara hremminga að koma hingað á æfingar."

Fyrsti kossinn í boxhringnum

Í byrjun þessa árs, þegar Sunna var búin að æfa allt sem í boði var í Mjölni í tvö ár og kenna líka víkingaþrekið á köflum, ákvað hún að láta gamlan draum rætast og fara til Taílands að æfa muay thai, fyrstu glímuna sem hún hóf að iðka en hafði ekkert stundað meðan hún var í Mjölni. „Ég planaði ekki mikið áður en ég fór út annað en að einbeita mér að æfingum, rækta sjálfa mig og komast í annað umhverfi. Ég bjó í Tyger Gym bardagahúsinu á Pukhet-eyju, í miðri hringiðunni. Þar voru boxpúðar báðum megin við herbergið mitt og ég vaknaði við fólk að kýla í þá."

Í Taílandi lenti Sunna í hörkubardagakeppni en fram að því hafði hún einungis æft. „Ég fór í einn áhugamannabardaga og fjóra atvinnumannabardaga í muay thai og einn MMA-áhugamannabardaga." Hvernig gekk? „Þetta endaði með sigri á öllum vígvöllum." Þarna var fyrsta atvinnumannaviðureign Sunnu í MMA (blönduðum bardagalistum og sjálfsvörn) orðin að veruleika. Hún er eina íslenska stúlkan sem hefur háð slíkan bardaga. „Ég fattaði það ekki fyrr en eftir á hvað ég væri búin að skrifa í sögubækurnar," segir hún og brosir breitt.

Hún hefur ríka ástæðu til að brosa yfir fleiru sem gerðist í Taílandi því þar kynntist hún kærastanum sínum. Hann er Ástrali og heitir Gokhan. Skyldu þau hafa mæst í hringnum?

„Við hittumst bara í bardagahúsinu. Komum þangað sama dag en sáumst ekki þá. Seinna fórum við að spjalla og fórum á kaffihús og komumst að því að við ættum sama áhugamál, sem er auðvitað bara slagsmál. Við vorum svolítið farin að kynnast og hanga saman þegar við ákváðum að horfa á sólarupprás hjá Big Buddha, sem er búddaklaustur uppi í fjalli. Við gengum að því upp fjögurra kílómetra langa brekku. Þar áttum við rómantíska sunnudagsmorgun. Í kjölfarið gerðist eitthvað, við höfðum enga stjórn á því og það endaði með því að fyrsti kossinn okkar varð í byrjendahringnum í boxi. Ég veit að þetta hljómar mjög væmið!"

Komstu með hann með þér heim? „Hann elti mig. Var kominn hingað tveimur vikum eftir að ég kom heim í maí og var hér í sex vikur. En hann er mikið að flækjast um heiminn því hann er alþjóðlegur bardagamaður sem gerir ekkert annað en að æfa, sofa og borða og svo keppa þess á milli. Hann er bara sóttur þangað sem hann er og skilað til baka. Núna er hann í Ástralíu og keppir annan laugardag. Svo keppir hann í Bangkok fjórum vikum síðar."

Býstu við að hann komi til með að búa hér? „Við sjáum bara til hvað verður úr þessu. Það er svolítið erfitt að segja til um það," segir hún og minnir á að það sé líka bardagi fram undan hjá henni úti í Írlandi.

Í víkingaþreki slösuð

Spurð hvort sigrar hennar í Taílandi hafi ekki verið góðir fyrir egóið svarar Sunna: „Egóið eflist frá fyrsta degi. Ég finn það líka hjá dóttur minni. Hún er átta ára og búin að æfa í tvö ár. Með hverju ▶

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

GOLF ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!

NÚNA 25% AFSLÁTTUR af NIKE KYLFUM

NÚNA 30% AFSLÁTTUR af GOLFPOKUM

NÚNA 30% AFSLÁTTUR af NIKE LEÐUR-HÖNSKUM

NÚNA 35% AFSLÁTTUR af FOOTJOY GOLF-SKÓM

20-50% afsláttur af völdum vörum í golfdeild! **Vandaðar merkjavörur á frábæru verði!**

Callaway GOLF :: NIKEGOLF Cougar Titleist ODYSSEY TaylorMade adidas cobra Wilson Staff PING cross

INTERSPORT LINDUM / SÍMI 585 7260 / lindir@intersport.is / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12 - 18.

▶ skrefi fram á við eykst sjálfsöryggið. Maður kemur heim til sín og hugsar: Ég lærði þetta í dag og nú ætla ég að vinna aðeins í því. Svo festist sú kunnátta í undirmeðvitundinni og hreyfingin verður náttúruleg en alltaf koma ný atriði að vinna með. Svona byggist smátt og smátt ofan á grunninn og alltaf er maður að bæta við sig. Þetta er eins og að synda í óendanlegu hafi en verða aldrei leiður því alltaf er eitthvað sem togar mann áfram í leit að fullkomnun. Það er það sem er heillandi."

En skyldi Sunna aldrei hafa meitt sig í átökum og æfingum?

„Ekki alvarlega. Ég reyni að þekkja takmörk mín og lesa í andstæðinginn. Þjálfararnir halda uppi aga og iðkendur temja sér aga sjálfir. En ég fékk reyndar þreytubrot í vinstri handlegginn síðasta sumar og var með rosaverki í nokkrar vikur, hélt samt áfram að æfa og var líka í vegavinnu svo ég var í miklum átökum. Það endaði með því að beinið sprakk frá úlnlið upp að olnboga á einni æfingunni. Ég fór í gifs en var samt alltaf í víkingaþrekinu."

Stökk á eftir þjófi

Það var ekki aðeins aðdáun á bardagalist sem kom Sunnu af stað. „Ég var að vinna á skemmtistöðum og var leigubílstjóri á tímabili og fannst ég þurfa að kunna að verja mig, ef á mig væri ráðist. Í leigubílaakstrinum lenti ég í alls konar veseni," segir hún og rifjar upp sögu af strák sem stökk út úr bílnum án þess að borga. „Ég var búin að vera að keyra alla nóttina og var með hljóðbók í eyrunum, að hlusta á Njálu. Þegar þessi drengur var að borga rétti hann mér námsmannakort. Ég sagði: „Heyrðu vinur" og sneri mér við en þá var hann horfinn. Ég hentist út á eftir honum, náði ekki að slökkva á bílnum og hljóðbókin flæktist og datt í jörðina. Ég hljóp eins hratt og ég gat en það var smá vegalengd á milli okkar frá upphafi. Svo stoppaði hann og ég líka. Ég vissi að bíllinn var í gangi og staðan var þannig að strákurinn hefði í rauninni getað hlaupið í hann, brunað burtu og gefið mér puttann svo ég sagði bara við hann: „Hvað heldurðu að hún mamma þín segði ef hún vissi að þú hefur ekki merkilegri mann að geyma en þetta?" og labbaði aftur upp í bíl. Ég varð oft að vega og meta aðstæður og stundum var betra að halda áfram að vinna en standa í stappi."

Sunna kveðst glíma meira við stráka en stelpur en segir þó mjög gott að glíma við stelpurnar. „Það er ótrúlegt að sjá hvað margar stelpur eru orðnar góðar og öflugar. Það er svolítið öðruvísi að glíma við þær en stráka en ég er ekki að segja að annað sé betra." Hún segir stelpum líka alltaf að fjölga í Mjölni. „Það eru margar að koma nýjar inn, leita mig uppi að biðja um leiðbeiningar þannig að það er aukin eftirspurn, áhugi og metnaður, enda er bætt við stelpnatímum á nýju stundaskránni. Margar eru bara að æfa en mér finnst þær hafa líka aukinn áhuga á keppni," segir hún og kveðst vona að hún eigi einhvern þátt í þessari þróun. „Það er náttúrlega bara draumur að vera góð fyrirmynd."

BARDAGAKONAN „Það eru allir að hvetja mig til að taka eitt ár í viðbót í glímu og sjá hvað gerist, halda áfram að fylgja flæðinu og sjá hvert það ber mig," segir Sunna.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fylgir flæðinu

Dóttir Sunnu, Anna Rakel, á góða fyrirmynd í mömmu sinni. Hún er búin að keppa einu sinni í glímu og gekk bara vel, að sögn móðurinnar. „Stelpan mín heitir Anna Rakel í höfuðið á ömmu sinni og systur minni. Ég trúi því að systir mín sé öflugur stuðningsaðili okkar mæðgna."

Anna Rakel er hjá pabba sínum á Blönduósi og konu hans, prófaði það í fyrravetur þegar Sunna fór til Taílands. „Anna Rakel er samt hluti af öllu ferlinu hjá mér og á sinn hlut í þeim árangri sem ég hef náð. Hún er það sem ég hugsa um áður en ég stíg inn í hringinn og það fyrsta sem ég hugsa um þegar ég kem út úr hringnum. Hún er númer eitt, tvö og þrjú. Ég hringi í hana áður en ég byrja að slást og aftur þegar ég er búin, til að segja henni hvað ég gerði. Hún hefur svo góðan skilning á því sem ég er að gera og tekur þátt í því af lífi og sál. Það gefur mér mikið og þetta er hennar áhugamál líka. Henni líður vel hjá pabba sínum og hans fólki. Það eru allir að hvetja mig til að taka eitt ár í viðbót í glímu og sjá hvað gerist, halda áfram að fylgja flæðinu og sjá hvert það ber mig. Meðan dóttir mín er sátt og allir í kringum mig ætla ég að njóta þess en það er ekki fyrr en bókin er fullskrifuð sem sést hvernig þetta endar."

MMA (Mixed martial arts)

- **MMA (Mixed martial arts)** byggir á tvenns konar bardagatækni, annars vegar glímu og hins vegar standandi viðureign. Hvorutveggja er samansafn af mörgum mismunandi íþróttum eins og **muy thai, brasilísku jiu jitsu, júdó, karate, boxi, glímu** og **fleiru**. Í standandi viðureign slá andstæðingarnir eða sparka hvor í annan.
- **Kickbox** og **muay thai** samanstanda af spörkum, kýlingum, hnéspörkum, olnbogahöggum, þolæfingum, teygjum og vörnum.
- Prjár leiðir eru til sigurs í **MMA-bardaga**. Þær eru ef keppandi rotar hinn keppandann eða dómarinn stoppar bardagann, keppandi nær hinum í uppgjafarlás eða vinnur bardagann á stigum. Þrír dómarar dæma bardagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sportmenn umboðsaðili **Adidas** og **Reebok** íþróttavara auglýsir.

STARFSMAÐUR Á LAGER?

Við óskum eftir að ráða starfsmann á **lager og til útkeyrslu.**

Hæfniskröfur
· Sjálfstæð vinnubrögð.
· Góður í mannlegum samskiptum og með ríka þjónustulund.
· Almenn tölvukunnáttu.
· Reyklaus.

Nánari upplýsingar og umsókn sendist á netfangið **starf@adidas.is**



Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

Í DAG OG Á MORGUN SUNNUDAG 31. ÁGÚST TIL 1. SEPTEMBER

HANS J. WEGNER, ARNE JACOBSEN, BORGE MOGENSSEN, PHILIPPE STARCK, ERIK MAGNUSSEN, OFL.

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal



TÁRFELLT YFIR ÞEYSIREIÐ BISKUPSSONAR

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson féll fyrir áhrifaríkri frásögn Jónasar frá Hriflu um Árna Oddsson.

Jónas frá Hriflu hefur óvænt skotist fram í sviðsljósið eftir að ný ríkisstjórn virðist á því herrans ári 2013 ætla að taka að einhverju mið af skoðunum hans og viðhorfum.

Ég man það eins og það hefði gerst í gær. Ég var ellefu eða tólf ára og var sumarlangt í Stóru-Ávík í Árneshreppi á Ströndum. Þetta var á vindasömum en heiðskírum degi, ég hafði verið úti við, eitthvað að sýsla, kannski að fleyta stórskipum í líki smáspýtna niður Ávíkurána, kannski að brölta niðrí Bæjarvík að ná netakúlum í land, kannski úti í hlöðu að grafa leynigöng í heyið. Nema hvað nú var ég kominn inn og fór að róta í snjáðri brúnni ferðatösku uppi á efri hæðinni. Hún var full af pappírum allskonar, ég sá fljótt að þetta voru fyrst og fremst gamlar skólabækur Stóru-Ávíkurkrakkanna sem öll voru orðin stálpuð eða fullorðin fyrir löngu.

Nú var ég þeirrar náttúru, sem jafnvel í þá daga þótti ekki alveg nógu gott til afspurnar í barnahópi, að þykja gaman að skólabókum, og því undi ég mér bráðvel þarna á loftinu við að skoða þær hátt og lágt meðan úti hvein í sólríkum vindinum. Þarna var dýrafræðibókin ógleymanlega með hreindýramyndinni framan á, þarna voru lestrarbækur með sumum sögum skemmtilegum og öðrum hjákátlegum, og þarna var landafræði með sleggjudómum um lönd og lýði sem ekki þættu boðlegir nútildags.

Og þarna var Íslandssaga Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Fyrr en varði var ég búinn að stinga öllum hinum bókunum aftur niður í gömlu lúnu ferðatöskuna og farinn að lesa hana spjaldanna á milli.

Bók Jónasar kom fyrst út í tveimur bindum á árunum 1915-16 og bar undirtitilinn Íslandssaga handa börnum. Hún var sem sagt mjög farin að nálgast sextugt þegar ég rakst á hana þarna uppi á lofti í Stóru-Ávík en ég hef þá líklega verið heldur forneskjulegt barn; að minnsta kosti sökkti ég mér á kaf í hana og fannst frásögnin öll svona aldeilis bráðskemmtileg. Ekki skemmdu teikningar Halldórs Péturssonar fyrir en þær prýddu þá útgáfu sem ég hafði komist þarna í. Margar myndanna hafa ekki liðið úr minni mér síðan.

Daufleg sögukennsla

Nú er það mála sannast að þótt Íslandssaga Jónasar muni hafa verið kennd í skólum á sínum tíma var fyrir alllöngu komið á daginn að sem kennslubók dugði hún ekki. Hún var tekin saman upp úr Íslendingasögum og öðrum ritum, jafnvel þjóðsögum og munnmælum, og þurrleg sagnfræðileg gagnrýni mátti ævinlega lúta í lægra haldi fyrir löngun Jónasar til að segja góða sögu. En það var einmitt mjög við mitt hæfi á þeim árum, og sosum löngum síðar. Þarna voru raktir bardagar og átök og stórviðburðir og aðdáun höfundar á hetjum og skörungum fór ekki milli mála. Eftir að hafa komist í Íslandssögu Jónasar þennan eftirminnilega dagspart í Stóru-Ávík fannst mér sú sögukennsla sem mér var sjálfum boðið upp á í skóla næstu misseri og ár verða býsna daufleg.

Ég beið til dæmis lengi eftir því að fá að læra nánar um þann atburð sem mér fannst á þessum barnsaldri vera einn sá fegursti af þeim er Jónas sagði frá – þegar Árni Oddsson síðar lögmaður reið yfir allt landið á fjórum dögum til að hjálpa föður sínum í deilum hans við hinn illa danska hirðstjóra Herlúf Daa. Og svei mér ef það læddust ekki tár fram í augnkrókana, svo hrífandi var sagan.

Hér verður að hafa það í huga að ég var í senn afar væmið barn og með næma tilfinningu fyrir hinu dramatíska. Ég grét þegar mér var sögð sagan um nafna minn Ásmundsson og vörn hans í Drangey, og þó mest þegar Illugi vildi heldur vera höggvinn en lifa við þá smán að hefna ekki bróður síns. Ég táraðist líka þegar ég heyrði fyrst af vörn Leónídasar í Laugaskörðum, og fékk að minnsta kosti kökk í hálsinn í hvert sinn sem talinu vék að Davy Crockett.

Sagan um Árna Oddsson var af því tagi, þótt enginn væri drepinn að lokum – erfið

Landsvirkjun

Nóg er af rokinu!

Fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar hafa nú unnið rafmagn í sjö mánuði. Rekstur þeirra hefur gengið vonum framar og ljóst er að vindorkan hefur að geyma mikla möguleika. Við munum því halda áfram að rannsaka þennan nýja orkukost og standa vonir til að vindorka geti orðið þriðja stoðin í raforkukerfi Landsvirkjunar ásamt vatnsafli og jarðvarma.

Vindmyllur vinna mesta orku á veturna en rennsli til vatnsaflsstöðva er mest á sumrin. Ef frekari rannsóknir staðfesta hagkvæmni vindorku er líklegt að fleiri vindmyllur vinni samhliða vatnsaflsstöðvum okkar allt árið um kring.

Um 2000 gestir heimsóttu vindmyllurnar í sumar, enda nýstárleg sjón í íslensku landslagi. Við þökkum þeim öllum kærlega fyrir komuna.

Afkastageta vindmyllanna á uppitíma 2013:



Aðstæður til virkjunar vindorku eru óvenju hagstæðar á Íslandi. Meðalafkastageta á heimsvísu er 28%.

Fylgjast má með orkuvinnslu vindmyllanna í rauntíma á **www.landsvirkjun.is.** Vindmyllurnar standa við þjóðveg nr. 32, skammt fyrir norðan Búrfell.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

þrekraun, mikil spenna og ósigurinn blasir við. Svona var hún í fáum orðum: Oddur hét maður Einarsson, biskup í Skálholti, hann átti í hörðum deilum við danska hirðstjórann Herlúf Daa sem ekki er farið mjúkum höndum um í íslenskum heimildum, varð af því mikill málarekstur og fór Árni sonur Odds til Kaupmannahafnar að afla föður sínum liðsinnis í konungsgarði, en þegar átti að dæma í málinu á Alþingi var hann ekki kominn til baka með álit æðri dómstóla, því hinir helvísku dönsku kaupmenn höfðu tekið sig saman um að hjálpa hirðstóra og fá ekki hinum frjálsborna biskupssyni far til landsins á skipum sínum, en um síðir komst Árni þó á skip, lenti á Austurlandi og lá nú mikið á, hann fékk að lokum afbragðsgóðan hest svo hann gat riðið dagfari og náttfari, en á þingi gerðist Oddur biskup raunamæddur þegar ekkert bólaði á syni hans, en hirðstjórinn Herlúf Daa varð kampakátur, en sá fagnaði of snemma því á síðustu stundu kom Árni brunandi á Þingvöll eftir fjögurra sólarhringa sleitulausa reið, og aldrei skyldi maður bóka sigur gegn Íslendingi!

Makleg málagjöld

Myndin sem fylgir þessari grein er einmitt túlkun Halldórs Péturssonar af því þegar allshugar feginn biskup fagnar syni sínum úr flengreiðinni.

Það varð úr að á þingi fengu Oddur biskup og Árni sigur í málarekstri sínum, en Herlúf Daa féll í ónáð kóngs, missti embætti sitt og dó snauður. Þetta fannst mér makleg málagjöld fyrir Herlúf Daa, sem bersýnilega hafði verið hið versta fól, enda danskur, en það lærði maður fljótt af Íslandssögu Jónasar frá Hriflu að danskir menn voru varasamir og viðsjálir og vildu okkur Íslendingum sjaldnast nema illt eitt.

Aftur fram í sviðsljósið

Og ég beið sem sagt alla mína skólatíð eftir því að fá að læra meira um þennan mikilfenglega atburð úr sögu okkar, sem Jónas skrifaði um eins og hann væri partur af eilífri sjálfstæðisbaráttu okkar gegn Dönum. Eftir að hafa drukkið í mig Íslandssöguna var ég á því eins og Jónas að þannig væri saga okkar öll – eilíft stríð við útlendinga. En svo heyrði ég aldrei meira um þennan atburð sem hreyfði svo við mér þarna á loftinu í Stóru-Ávík, því í Melaskólanum var ekki minnst á þessa hetjureið Árna, heldur vorum við bara látin læra hvað máldagi væri, eins og það skipti nú einhverju máli, og í Hagaskóla tók Haukur Sigurðsson sögukennari á móti okkur og vildi vita hvað vinnumenn hefðu haft með sér í nesti þegar þeir fóru suður í verið. Og ég efast um að nú á dögum heyri nokkur skólakrakki minnst á Árna Oddsson yfirleitt.

Það var ekki fyrr en löngu löngu síðar að ég skildi þetta. Víst voru margar kynslóðir Íslendinga gegnsýrðir af söguskoðun og sögulegri vitund Jónasar frá Hriflu og samtímamanna hans, sem gekk út á að við hefðum alltaf verið samtaka þjóð sem stundi af frelsisþrá undan vondum Dönum. En sagan um Árna og þeysireið hans sem táknmynd um sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar var þó of stór biti og því hvarf sú saga úr skólabókum.

FLENGREIÐ Túlkun Halldórs Péturssonar af því þegar allshugar feginn biskup fagnar syni sínum úr flengreiðinni.

Sannleikurinn var auðvitað sá að Oddur Einarsson var stórbokki sem átti í deilum við Herlúf Daa eingöngu í eiginhagsmunaskyni, deilurnar snerust um peninga og völd, og sú hugmynd að litlir skólakrakkar ættu að fagna með biskupi þegar hann vann sigur í málarekstri gegn hirðstjóra er svona svipað og ef við ættum nú að líta á það sem fagnaðarefni fyrir alla hina íslensku þjóð, ef Þorsteinn Már Baldvinsson skyldi nú fara með sigur af hólmi í málaþrefi sínu við Seðlabankann. Án þess, vel að merkja, að það hvarfli að mér að hafa einhverja skoðun á þeim málum.

Jónas frá Hriflu hefur óvænt skotist fram í sviðsljósið eftir að ný ríkisstjórn virðist á því herrans ári 2013 ætla að taka að einhverju mið af skoðunum hans og viðhorfum. Og furðu margir hér á landi virðast enduróma þá skoðun að þjóðin hljóti alltaf að sameinast í eldmóði gegn öllu sem frá útlöndum kemur, sé það ekki eintómt lof og prís. En sannleikurinn er sá að íslenskri þjóð hefur alltaf stafað meiri hætta af íslenskri kúgun og íslensku arðráni en útlensku. Og landsetum sínum var Oddur biskup án nokkurs vafa erfiðari í skauti en Herlúf veslingurinn Daa.

Voða lítið viðkvæm fyrir umtali

Áslaug Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Garðabæjar, fór ung að láta til sín taka í pólitík og er óhrædd við að axla ábyrgð. Hún er mikil fjölskyldumanneskja, jákvæð og hress og ekkert fyrir að flækja hlutina um of.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

VIÐ ELDHÚSBORÐIÐ Áslaug Hulda með sonunum Baldri Hrafni og Bjarna Degi. „Við eldum rosa mikið og strákarnir eru orðnir matargúrúar, sem best sést á því að fyrir afmælin þeirra nýlega voru gjafirnar ekki stóra málið heldur hvað við gætum eldað," segir Áslaug Hulda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tveir forsetar eru búsettir í Garðabæ, annar á Bessastöðum, hinn í Arnarnesinu. Ég er í heimsókn hjá öðrum þeirra, Áslaugu Huldu Jónsdóttur, forseta bæjarstjórnar þessa fjölmenna sveitarfélags. Arnarnesið fékk snemma á sig millahverfisstimpil, því spyr ég hana strax hvort hún sé milli. Hún skellihlær.

„Nei, fólk heldur það eflaust þegar það kemur hingað í sunnudagsbíltúrana. En ég er voða lítið viðkvæm fyrir umtali. Þetta hús var byggt sem einbýlishús en síðan skipt upp í tvær íbúðir og við keyptum aðra þeirra fokhelda 2004. Það var góður tími til að kaupa húsnæði, rétt fyrir bóluna miklu, og kostaði þá minna en íbúð í fjölbýli í dag. Við tókum okkur tíma í að innrétta íbúðina, vorum hurðalaus í tvö ár og erum enn með rússnesku ljósin. Við viljum ekki kaupa hluti nema eiga fyrir þeim. Þá eru þeir miklu meira virði."

Áslaug Hulda er glaðleg og það gustar af henni. Samt er ekkert stress í gangi. Synirnir tveir, Baldur Hrafn og Bjarni Dagur, sitja við eldhúsborðið að næra sig. Faðir þeirra, Sveinn Áki Sveinsson, er í vinnunni en Áslaug þarf að fara á bæjarstjórnarfund bráðum. Þá ætlar pabbinn að vera kominn heim. „Hann vinnur reglubundnari vinnu en ég, sem er gott þar sem þetta bæjarstjórnarbrölt er allt fyrir eða eftir hefðbundinn vinnutíma. Það getur verið snúið þegar maður á börn. Kostar skipulag en það má heldur ekki gera hlutina flóknari en þeir eru," segir Áslaug Hulda hressilega um leið og við fáum okkur sæti í stofunni. Á milli okkar er lágt borð með glerplötu og undir glerplötunni eru ljósmyndabækur.

Hef þurft að taka mína slagi

Áslaug byrjaði ung í pólitík. Var komin á fullt í Sjálfstæðisfélaginu í Garðabæ sextán ára og tveimur árum síðar var hún beðin að taka 12. sæti á lista í bæjarstjórnarkosningum. Í kosningunum 1998 var hún í 5. sæti á listanum og aðeins munaði örfáum atkvæðum að hún færi inn sem aðalmaður, þá tuttugu og tveggja ára. Svo var hún kosningastjóri 2002 og 2006 og fór á listann 2010. Hún segir lífið vera sér gott. Það snúist um samspil margra þátta og hún hafi alltaf mikið að gera. En hefur hún þurft að berjast fyrir hlutunum, til dæmis embættinu sem hún er í?

„Nei, ég get ekki beint sagt það. Fyrir mér var pólitík eðlilegt framhald af félagsstörfum. Ég hafði unnið í félagsmiðstöðinni í Garðabæ og stýrt vinnuskólanum á sumrin. Það hefur ekki verið offramboð á konum í pólitíkinni þannig að fyrir mig, með minn áhuga og reynslu, hefur þetta verið fremur greið leið. En auðvitað hef ég þurft að taka mína slagi í pólitíkinni. Það er eðlilegt. Ef maður hefur einhverjar skoðanir og ætlar að koma hlutum í verk verður maður að geta tekið því að fólk sé manni ósammála."

Hún segir lítið um bein átök að ræða eða heift í sveitarstjórninni. „Það hefur alltaf verið vel haldið utan um hlutina í Garðabæ. Þar vinnur líka gott fólk sem kann vel til verka. Þótt ég væri búin að vera lengi á hliðarlínunni í pólitík var margt sem ég þurfti að læra. Nú er ég búin að vera þrjú ár í embætti og er enn að læra. Með því að kljást við hlutina lærir maður og gerir betur."

Skólamálin eru eftirlæti Áslaugar Huldu, enda er hún menntaður kennari og nú framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar. Hún var líka ráðgjafi menntamálaráðherra þegar Þorgerður Katrín gegndi því embætti. „Málefni ungs fólks hafa alltaf staðið næst mínu hjarta, ekki síst menntamálin, enda fara 70-80% af fjármunum sveitarfélaga í málaflokka tengda börnum og ungmennum," segir hún. „Fyrir alla foreldra, og reyndar samfélagið allt, skiptir aðbúnaður barna miklu máli."

Hún kveðst hafa unnið með sama fólki í mörg ár í sveitarstjórn og ber því vel söguna. „Auðvitað finn ég fyrir því að við konur erum í miklum minnihluta. Ég á vinkonur í pólitík og í stjórnunarstöðum og við þekkjum alveg tungutakið á fundum: „Jæja strákar, erum við þá ekki allir sammála?" En þetta hefur ekki truflað mig. Mér þykir bara ofboðslega vænt um bæinn minn og það er meira þess vegna sem ég er í sveitarstjórnarstarfi en einhver rosalegur pólitískur áhugi. Það dvelur til dæmis ekki inni í mér þingmaður sem bíður eftir að brjótast út!"

Gat ekkert í boltanum

Áslaug Hulda flutti í Garðabæinn þegar hún var sex ára. „Pabbi og mamma byggðu hús hér í bænum og öll skólaganga mín var hér. Maðurinn minn er líka Garðbæingur. Við vorum saman í bekk í barnaskóla og eigum stóran og skemmtilegan vinahóp hér sem hefur mikil tengsl og nú eru börnin innan þessa vinahóps orðin vinir. Þannig hefur allt verið mjög garðbæskt í mínu lífi. Þetta er líklega svolítið svipað því og að alast upp einhvers staðar úti á landi. Ræturnar verða svo sterkar."

Þótt Áslaug Hulda hafi gert sig gildandi í æskulýðsstarfinu í Garðabæ kveðst hún lítið hafa tekið þátt í íþróttum með Stjörnunni. „Ég var aðeins í fótbolta til sextán ára aldurs en gat aldrei neitt. Var samt með og var fín upp á móralinn og stemninguna. Svo var erfitt að komast fram hjá mér því ég er hvorki lítil né nett!"

Áki, eiginmaður Áslaugar Huldu, starfar í markaðsdeild Íslandsbanka og er bassaleikari hljómsveitarinnar Í svörtum fötum. Skyldi hún hafa verið grúppía með sveitinni?

„Þetta var nú eitt minnsta djammband sögunnar," segir hún hlæjandi. „Flestir strákanna voru með ung börn og stundum voru þeir að spila og við konurnar með börnin í sumarbústað rétt hjá. Það er ekki alveg popparaímyndin. Besta sagan um þá er þegar þeir voru einu sinni í pásu baksviðs að skiptast á fæðingarsögum því þrír úr hljómsveitinni áttu nýfædd börn. En auðvitað var þetta stundum mikið álag. Áki í fullri vinnu á daginn og þegar mest var spilaði hann kannski 15-25 gigg í einum mánuði. Það sér hver heilvita maður að það samrýmist illa fjölskyldulífi og einhvern tímann þurfti maðurinn að sofa. Nú er sveitin hætt að túra sem betur fer og spilar bara einstaka sinnum. En Áki tekur stundum í bassann og strákarnir okkar plokka stundum með."

Hvað um eigin áhugamál? „Við skreppum stundum á skíði hér innanlands á veturna og svo elska ég að veiða. Var að koma úr Húseyjarkvíslinni í Skagafirði. Ég veiði bara á flugu og sleppi yfirleitt laxinum til að leyfa honum að stækka og ná honum seinna. Strákunum finnst gaman að veiða bleikju og við förum oft að Þingvallavatni. Sá yngri, Baldur Hrafn, er náttúrubarn sem vill veiða á maðk og vera með rotara við höndina. Það er aðalsportið. Hann segir að ef maður veiði eitthvað eigi maður að drepa fiskinn og borða hann!"

Fjölskyldan ver talsverðum tíma í eldhúsinu að sögn húsfreyjunnar. „Við eldum rosa mikið og strákarnir eru orðnir matargúrúar, sem sést best á því að fyrir afmælin þeirra nýlega voru gjafirnar ekki stóra málið heldur hvað við gætum eldað. Mér fannst það dálítið skemmtilegt. Við erum dugleg að leyfa þeim að malla eitthvað í pottunum og gera tilraunir. „Getum við sett smá chilli í þetta?"" hermir hún eftir þeim.

Jafnrétti stóra málið

Áslaug Hulda stofnaði, ásamt tveimur vinkonum, tengslahópinn Exedra. „Þetta var þegar ég var að vinna í ráðuneytinu og vinkona mín í Viðskiptaráðinu," rifjar hún upp.

Flestir strákanna í svörtum fötum voru með börn og stundum voru þeir að spila og við konurnar með börnin í sumarbústað rétt hjá. Það er ekki alveg rokkaraímyndin.

„Við veltum fyrir okkur af hverju væri ekki meira samtal milli stjórnvalda og viðskiptalífsins, hringdum í 130 konur og stofnuðum tengslahóp. Það fannst öllum góð hugmynd og þykir enn. Síðan er þessi hópur til, sex árum seinna, og hittist á sex vikna fresti." Hún er ekki í vafa um að gildi Exedra sé mikið. „Bæði hafa konur innan hópsins farið saman í viðskipti og svo eru haldnir fundir sem taka fyrir eitt málefni hverju sinni, gjaldeyrishöft, fátækt á Íslandi, hönnun, raforkuframleiðslu eða hvað sem er," lýsir hún. „Þetta styrkir okkur í umræðu um samfélagsmál almennt og er bæði lærdómsríkt og skemmtilegt."

Baldur Hrafn og Bjarni Dagur eru í barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, sem kemur ekki á óvart þar sem mamma þeirra er framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar. Hún segir mikið starf unnið þar. „Við erum með 430 starfsmenn og yfir 2.000 börn í sautján skólum en yfirbyggingin er engin. Okkar stefna er að allt fjármagn fari á gólfið, þar sem börnin eru. Við erum hvorki með starfsmannastjóra né fjármálastjóra, sem þýðir að álagið er auðvitað meira á þeim sem halda utan um starfið. Það er nýsköpunarstemning í Hjallastefnunni sem ég held að sé mjög mikilvæg. Hjallastefnan er menntafyrirtæki þar sem við vinnum með styrkleika barna og eflum félagsfærni þeirra. Hún er líka jafnréttis- og réttlætisfyrirtæki. Jafnréttið er eitthvað sem maður verður að vera með hugann við á hverjum einasta degi, frá því maður opnar augun, og auðvitað smitar það inn í mitt persónulega líf og inn í störf mín sem stjórnmálamanns. Breytingin byrjar hjá manni sjálfum – inni á heimilunum og þannig áfram. Þannig breytum við heiminum."

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

ÚTSALA Á GRÍSAKJÖTI

30% afsláttur

899 kr. kg

Verð áður ~~1298~~ kr. kg

Grísahryggur með pöru

35% afsláttur

899 kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg

Grísakótilettur, ferskar

25% afsláttur

599 kr. kg

Verð áður ~~798~~ kr. kg

Grísabógur hringskorinn

35% afsláttur

1499 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Grísalundir

30% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísagúllas og grísasnitsel

45% afsláttur

899 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakkasneiðar, úrb.

2 lítrar

Kauptu 3 en borgaðu fyrir 2

556 kr. 3 stk.

Verð áður 834 kr./3 stk.

Toppur, appelsínu, sítrónu eða sódavatn, 2 lítrar

Fullt verð 278 kr./stk. eða 834 kr./3 stk.

50% afsláttur

95 kr. stk.

Verð áður ~~189~~ kr. stk.

Krónu umhverfisvænn margnota innkaupapoki

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

Konur áhugaverðari en karlar

Lukas Moodysson, sænski leikstjórinn sem gerði meðal annars hinar vinsælu og umtöluðu kvikmyndir Fucking Åmål, Tillsammans og Lilya 4-ever, er heiðursgestur Reykjavík Film Festival.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is

Ég hef séð nokkrar íslenskar kvikmyndir en hef því miður aldrei séð Hrafninn flýgur," segir sænski kvikmyndaleikstjórinn Lukas Moodysson þegar blaðamaður spyr hann út í þá lífseigu sögu að nánast allir sænskir grunnskólanemar hafi séð víkingamynd Hrafns Gunnlaugssonar og einkennissetning myndarinnar, „Þungur hnífur", sé á allra vörum hjá grönnum okkar.

Moodysson, sem er fæddur árið 1969 (sem aftur gæti hugsanlega orsakað þekkingarleysi hans á verkum Hrafns Gunnlaugssonar), er heiðursgestur Reykjavík Film Festival (RIFF) í ár, fær afhent sérstök verðlaun fyrir „framúrskarandi listfengi" (Creative Excellence Award) og nýjasta myndin hans, Vi är bäst!, verður sýnd á hátíðinni ásamt tveimur eldri myndum eftir leikstjórann, Container frá 2006 og Fucking Åmål frá 1998.

Sú síðastnefnda, ástarsaga tveggja unglingsstúlkna í sænskum smábæ, kom Moodysson á kortið og í kjölfarið fylgdu myndir sem nutu mikilla vinsælda og aðdáunar gagnrýnenda víða um heim, eins og Tillsammans frá árinu 2000 og Lilya 4-ever frá 2002. Umdeildasta verk leikstjórans er vafalaust myndin Ett hål i mitt hjärta frá 2004, en umfjöllunarefni hennar er áhugaklámmyndagerð. Þótti mörgum Moodysson ganga fulllangt í lýsingum á þeim viðbjóði sem fylgir klámmyndaiðnaðinum en aðrir hrósuðu myndinni fyrir raunsæi.

Nýjasta mynd Moodysson, Vi är bäst!, fjallar um þrjár táningsstelpur í úthverfi Stokkhólms sem stofna pönkhljómsveit og er handritið byggt á teiknimyndasögunni Aldrig godnatt eftir eiginkonu leikstjórans, Coco Moodysson. „Sagan er 82,3 prósent sjálfsævisöguleg," segir Moodysson, en myndin gerist árið 1982 þegar þau hjónin voru á svipuðum aldri og höfuðpersónur Vi är bäst!. „Myndin er einhvers konar blanda af skáldskap og raunveruleika. Við Coco erum næstum jafn gömul og við vorum mjög svipuð sem tólf eða þrettán ára krakkar árið 1982. Við hlustuðum til dæmis á sömu tónlistina en hún var aðeins meira töff en ég," segir Moodysson.

LEIKSTJÓRINN SÆNSKI Leikstjórinn Lukas Moodysson hefur vakið athygli með myndum sínum. Hann sló fyrst í gegn með Fucking Åmål árið 1998.
MYND/MEMFIS FILM/FANNI METELIUS

NÝJASTA MYNDIN Táningsstelpurnar þrjár í Vi är bäst!
MYND/MEMFIS FILM/P-A JÖRGENSEN

„SMS-sendingar leika stöðugt stærra hlutverk í samskiptum við almenning þegar hættuástand skapast. Það er nauðsynlegt að koma til móts við almenning og nýta þær samskiptaleiðir sem fólk notar mest, fjölmiðla, netið, samfélagsmiðla og auðvitað SMS, en hjá flestum sameinast allar þessar leiðir í snjallsímanum."

Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri 112.

Nánari upplýsingar um bætta þjónustu má finna á vefnum www.or.is.

Takk fyrir að vera í sambandi!

Betri þjónusta fyrir þig

Öryggi þitt skiptir okkur máli

Við höfum hafið samstarf við Neyðarlínuna 1-1-2 til að auka öryggi viðskiptavina. Verði bilanir í veitukerfum sem skapa hættu fá viðskiptavinir send SMS skilaboð beint í farsímann sinn.

Öryggismál eru forgangsmál hjá Orkuveitunni og því er þetta samstarf mikilvægt skref í aukinni þjónustu okkar.

Það er mikilvægt bæði fyrir Orkuveituna og þig.

ÍSLENSKA SIA.IS ORK 65336 08/13

Orkuveita Reykjavíkur

Tölvuteks Fréttir

Laugardagur
31. ágúst 2013
1. tölvublað 1. árgangur
Sími: 563 6900

Auglýsing/kynning

Opnunarhátíð

Á opnunarhátíð Tölvutek í Hallarmúlanum í dag laugardag kl 12:00 verða einhver svakalegustu opnunartilboð sem nokkurn tíma hafa sést en það verða fartölvur með allt að 50 þúsund krónu afslætti á verði frá kr. 39.900, spjaldtölvur frá kr. 4.990, allar McAfee öryggisvarnir á hálfvirði. Það verða afslættir á öllum GIGABYTE móðurborðum og skjákortum, Thermaltake turnum, Tt eSPORTS leikjavörum eins og músum, lyklaborðum og heyrnatólum, kynningartilboð á nýrri línu frá Sennheiser og fjöldi annarra glæsilegra tilboða.

Hallarmúla 100° S 12

Sól í hjarta Hvernig sem viðrar verður einstakt fjör og skemmtun í Hallarmúla þar sem menn gæða sér á pylsum, ís, poppi, candy floss ofl. ofl

Sjóðheitur bæklingur

Tölvutek - Auglýsing

Microsoft Partner
Gold OEM

Öflugt fyrirtækjasvið

Nýtt og öflugt fyrirtækjasvið

Í stærstu tölvuverslun landsins Tölvutek Hallarmúla verður nýtt og öflugt fyrirtækjasvið segir Halldór Hrafn Jónsson, framkvæmdastjóri sölusviðs. Við munum sérhæfa okkur í þjónustu og búnaði fyrir smærri fyrirtæki en við munum kynna nýjar lausnir eins og örsmáar Brix vinnustöðvar frá GIGABYTE, ásamt því að vera með stóraukið úrval í prenturum, tölvuskjám, netbúnaði og hverju því sem fyrirtæki gæti vantað. Guðmundur Bender mun leiða nýtt fyrirtækjasvið en Guðmundur er með áratuga reynslu í þjónustu og sölu á búnaði til fyrirtækja. En Tölvutek var nú í vikunni veitt hina eftirsóttu "Gold Certified Partner" vottun fyrir framúrskarandi hæfni á lausnum frá Microsoft.

Stærsta tölvuverslun landsins

Tölvutek opnar stærstu tölvuverslun landsins í Hallarmúla í dag laugardag en þar verður ógleymanleg opnunarhátíð sem byrjar með opnunartónleikum Valdimars Guðmunds, Sirkus Íslands, þúsundir af pylsum og ís, ofl. ofl.

Þetta verður "stærsta og glæsilegasta tölvuverslun landsins" segir Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Tölvutek en í dag laugardag mun Tölvutek opna í Hallarmúlanum stærstu tölvuverslun landsins með ógleymanlegri opnunarhátíð þar sem Valdimar Guðmunds mun byrja hátíðina með opnunartónleikum og flytja sín vinsælustu lög. Sirkus Íslands verður einnig í fullu sprelli og fjöri með ótrúlegar sirkuslistir, blöðrudýr og sirkusskóla.

ELVIS og Marilyn Monroe verða á stjörnuteppinu þar sem hægt verður að stilla sér upp og fá mynd af sér á Facebook en Marilyn mun útdeila verðlaunum fyrir þá sem eru taka sig vel út á stjörnuteppinu. RISA hoppukastalar verða í boði Pennanns Hallarmúla. Á opnunarhátíðinni verða svo erlendir sérfræðingar frá heimsþekktum framleiðendum eins og GIGABYTE en þar verða Guido Stumpf og Rasmus Persson að kynna nýjustu móðurborðin og Iris Chiu fer yfir nýjustu tæknina í skjákortum. Frá Thermaltake kemur Dennis Crespin sem mun kynna nýjustu línu af turnkössum og Chitra Gainda mun kynna nýjustu leikjalínuna frá Tt eSPORTS sem framleiðir sérhæfð leikjalyklaborð, mýs og heyrnatól. Við munum einnig kynna nýja fatalínu frá Tt eSPORTS sem er sérhönnuð fyrir leikjaspilara með nýjungum sem nýtast við alla spilun. Einnig verður sérfræðingur frá Sennheiser að kynna nýjustu heyrnartólin frá þeim. Ýmsar kræsingar verða í boði en það verða þúsundir af SS Pylsum og Emmess Ís, Carnival Popp og sykursætt Candy Floss. Svo verða einhver svakalegustu opnunartilboð sem nokkurn tíma hafa sést segir Hafþór að lokum en það verða beinar útsendingar á bæði Bylgjunni og FM957 á opnunarhátíðinni á laugardag.

Í Tölvutek Hallarmúla verða kynnt ný og spennandi vörumerki

Ótrúlegt úrval af tölvuvörum

Öflugur hópur starfsfólks tekur vel á móti þér hjá Tölvutek

Tölvutek er umboðsaðili fyrir einhverja stærstu framleiðendur tölvubúnaðar í heimi en þar eru merki eins og Acer, Packard Bell, GIGABYTE, Thermaltake, LaCie, Mushkin, BenQ, TRENDnet, Point of View, Silicon Power, McAfee og fjölda annarra vörumerkja. Við úrvalið hjá okkur eru að bætast við framleiðendur eins og Plextor sem framleiðir geisladrif og öfluga SSD diska, Thonet&Vander framleiðir hágæða hátalara, hannaðir í Þýskalandi og gefa alveg nýja upplifun á leikjaspilun, tónlist og kvikmyndahljóm segir Grímur Anton, framkvæmdastjóri vörusviðs hjá Tölvutek.

www.tolvutek.is - Vefverslun okkar er opin allan sólahringinn

4BLS
KIPPA ÚT :)

OPNUNA

ER Í DAG FRÁ 12 TIL MIÐ

STJÖRNU TEPPI
LÁTTU MYNDA ÞIG MEÐ ELVIS OG FÁÐU VERÐLAUN

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
NOTAÐAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR SPJALDTÖLVUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST FRÁ
4.990

MS OFFICE 2013
HOME&STUDENT MEÐ NÝRRI ACER FARTÖLVU
9.990
30stk - 1stk á mann

OPNUNAR TÓNLEIKAR
VALDIMAR GUÐMUNDS SPILAR ÖLL SÍN ÞEKKTUSTU LÖG

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM VERÐ FRÁ
39.900

HP PRENTARAR
KYNNINGARVERÐ Á NÝJUM HP PRENTURUM Á VERÐI FRÁ
4.990
20stk - 1stk á mann

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
AF SILICON POWER MINNISLYKLUM

50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM McAfee ÖRYGGISVÖRNUM VERÐ FRÁ
1.245
1stk á mann

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GIGABYTE MÓÐURBORÐUM

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GIGABYTE SKJÁKORTUM

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM THERMALTAKE TURNKÖSSUM

NÝ VERSLUN
STÆRSTA TÖLVU-VERSLUN LANDSINS Í HALLARMÚLA 2

SÉR BLAÐ UM DÁLEIÐSLU

Dáleiðslumeðferð sífellt vinsælli

Íslendingar eru opnir fyrir öðrum lækningaaðferðum en þeim hefðbundnu segir Ingibergur Þorkelsson, formaður Félags dáleiðslutækna og forstöðumaður Dáleiðsluskóla Íslands. Viðhorf almennings til dáleiðslu hefur gjörbreyst á þeim rúmu tveimur árum sem liðin eru frá því fyrstu dáleiðslutæknarnir útskrifuðust í júní 2011.

Því miður þekkti almenningur dáleiðslu aðallega frá dávöldum á sviði og hafði því alranga hugmynd um dáleiðslumeðferð. Þetta viðhorf hefur breyst hjá mjög mörgum, enda eru þúsundir búnar að reyna dáleiðslumeðferð á undanförnum tveimur árum.

Sumir af færustu dáleiðslukennurum Bandaríkjanna hafa haldið námskeið á Íslandi undanfarin misseri og fleiri eru á leiðinni. Á vegum Dáleiðsluskóla Íslands hafa komið Roy Hunter og dr. Edwin Yager og dr. Michael Yapko kom á vegum endurmenntunar Háskóla Íslands.

Margir dáleiðslutæknar eru þannig búnir að afla sér verulegrar menntunar á þessu sviði og margir hafa auk þess aflað sér mikillar reynslu.

Í haust verða þáttaskil þar sem Dáleiðsluskóli Íslands býður nú fullt nám í dáleiðslu, rúmlega 200 tíma, sem er á heimsmælikvarða. Ein virtustu dáleiðslusamtök Bandaríkjanna, International Medical & Dental Hypnotherapy Association, viðurkenna námskeiðið. Sjá heimasíðu skólans: http://daleidsla.is/skolinn

Sumir af færustu dáleiðslukennurum Bandaríkjanna hafa haldið námskeið á Íslandi undanfarin misseri og eru fleiri á leiðinni.

Hjálpa afreksfólki í íþróttum

Dáleiðsla er meðal annars notuð við þjálfun afreksfólks í íþróttum. Hún snýr bæði að undirbúningi fyrir mót og því að fá fram bestu mögulegu virkni úr íþróttamanninum í keppni.

Atlas Endurhæfing hefur náð góðum árangri með notkun dáleiðslutækni á afreksfólk í íþróttum. Að sögn Péturs Einars Jónssonar, sjúkraþjálfara og annars eigenda stöðvarinnar, miðar hún að því að hjálpa íþróttamanninum að ná sem mestu úr þjálfun og keppni. „Við höfum aðallega verið að vinna með tvo þætti. Annars vegar undirbúning fyrir keppni sem snýr að því að auka einbeitingu og hins vegar að fá fram mestu mögulegu virkni úr íþróttamanninum þegar að keppni kemur. Um leið höfum við verið að vinna með tæknilega þætti innan ólíkra íþrótta en þá eru ákveðnir þættir innan þjálfunarinnar styrktir með dáleiðslu.“ Atlas Endurhæfing vinnur einungis með afreksfólk í fremstu röð innan sinnar íþróttar að sögn Péturs. „Þannig höfum við fengið fjölbreytt viðfangsefni þar sem íþróttafólkið kemur úr ólíkum áttum. Sem dæmi um þær greinar sem við höfum verið að vinna með má nefna frjálsar íþróttir, fótbolti, handbolti, bardagaíþróttir, alpagreinar og golf.“

Að sögn Péturs hafa þau séð mikinn árangur í starfi sínu. Hann nefnir sem dæmi unga keppniskonu á skíðum sem keppti í Noregi. „Hún fór í þjálfun á keppnissvæðinu nokkrum vikum fyrr og þá kom í ljós að aðstæður voru ólíkar því sem hún átti að venjast. Bæði var brekkan brattari og undirlagið harðara. „Dáleiðslan gekk því út á að setja hana inn í sömu aðstæður og í norska fjallinu og láta hana bæði þjálfa og keppa innan undirmeðvitundarinnar. Árangurinn varð síðan mjög góður í Noregi og á öðrum mótum eftir það.” Næsta skref hjá Atlas að sögn Péturs er að fá fleiri í lið með þeim og reyna að mæla árangur af dáleiðslu. „Þannig getum við haldið áfram að þróa aðferðafræðilega nálgun sem er að virka til að stuðla að betri árangri og betri stuðningi við afreksíþróttafólk.“

KENNARAR DÁLEIÐSLUSKÓLA ÍSLANDS

Sarah Barlett B.Sc.

Næsta grunnnámskeið í meðferðardáleiðslu verður 20. til 23. september og 1. til 4. nóvember næstkomandi.

Sarah Barlett hefur tekið þátt í þeirri byltingu sem hefur orðið í dáleiðslumenntun á Íslandi frá upphafi. Hún var aðstoðarkennari Johns Sellars á fyrstu námskeiðunum hans á Íslandi og Bretlandi.

Hún er lærð sem dáleiðslukennari hjá Roy Hunter og hefur kennt með honum víða.

Roy Hunter, MS, CHt

Parts Therapy og Regression Therapy námskeið

Roy Hunter er heimsþekktur fyrir brautryðjandastarf í Parts Therapy og Regression Therapy.

Hann hefur skrifað margar bækur um dáleiðslu og skrifar reglulega greinar í helstu tímarit fyrir dáleiðslutækna.

Roy er ásamt Charles Tebbetts höfundur 200 tíma dáleiðslunámskeiðsins sem Dáleiðsluskóli Íslands kennir.

Dr. Edwin Yager PHD

Næsta námskeið í Subliminal Therapy verður 27. til 30. september.

Dr. Yager er prófessor í sálfræði og einn frægasti dáleiðandi Bandaríkjanna.

Hann kom til Íslands til að kenna í febrúar og kemur aftur í september með námskeið í Subliminal Therapy, með áherslu á meðferð langvinnra verkja og ánetjunar (áfengi, fíknilyf, spilafíkn og fleira).

Teresa Van-Zeller

Næsta „Eðlileg, náttúruleg fæðing“ námskeið verður 26. og 27. nóvember 2013.

Næsta frjósemisnámskeið verður 28. október.

Teresa Van-Zeller er höfundur og kennari E.N.F. (B.A.N.I) námskeiðsins sem undirbýr þungaðar konur og maka þeirra fyrir eðlilega og náttúrulega fæðingu og námskeiðs um hvernig auka má frjósemi með dáleiðslu.

Larry Elman

Larry er sonur Dave Elman, eins frægasta dáleiðanda Bandaríkjanna sem byrjaði að dáleiða á sviði 12 ára gamall og fann upp aðferðir til að dáleiða mjög snöggt. Hann var ungur kallaður „The Boy Wonder“. Hann þróaði meðferðardáleiðslu og kenndi síðan læknum og tannlæknum dáleiðslu í áratugi.

Larry og Cheryl kona hans kenna aðferðir Dave Elman.

Pantaðu tíma hjá dáleiðslutækni Dáleiðsla.is

Hjálpar við kvíða og kvillum

Valgerður Snæland Jónsdóttir dáleiðslutæknir er fyrrverandi skólastjóri og sérkennslufulltrúi. Hún rekur fyrirtækið Mannrækt og menntun ehf. þar sem hún býður upp á náms- og ráðgjafaþjónustu. Hún hefur einnig notað dáleiðslu við sín störf og telur hana nýtast mjög vel við ýmsum vandamálum.

Valgerður segir dáleiðslu gagnast stærstum hluta þeirra sem prófa hana. „Maður sér áhrifamiklar umbreytingar á fólki, oft strax eftir eitt skipti en stundum þarf nokkur skipti til að ná fullum árangri."

Valgerður er innt eftir því hvernig dáleiðsla virkar í raun. „Í dáleiðslu á sér stað mikil og djúp slökun. Rannsóknir sýna að mikil breyting verður á heilabylgjum eftir því sem fólk slakar meira á. Í því ástandi verður undirmeðvitundin móttækilegri fyrir ráðleggingum og því að vinna með breytingar," útskýrir hún.

Valgerður segist hafa orðið vitni að mögnuðum breytingum. „Það kom til mín maður sem hafði í mörg ár nagað neglur bæði á höndum og fótum. Hann þurfti aðeins dáleiðslu í eitt skipti til að hætta. Þá leitaði atvinnurekandi til mín fyrir hönd erlends starfsmanns sem hafði misst málið. Hann hafði leitað til sérfræðilækna í heimalandinu en það fannst ekkert að manninum. Í meðferðinni hjá mér kom í ljós að hann hafði orðið fyrir áfalli og hann náði sér eftir nokkur skipti," segir Valgerður. Hún fær til sín fólk með ýmis vandamál, til dæmis fólk sem reytir hár sitt, er með fælni, sem stamar, vill hætta að reykja og fólk sem vill létta sig. Hún segir dáleiðsluna hjálpa slíku fólki mjög en hún sé einnig upplögð fyrir fólk sem þjáist af lélegu sjálfstrausti og kvíða.

Sjá nánar á www.lexia.is

„Dáleiðslan er aðlaðandi, þægileg og ánægjuleg aðferð," segir Valgerður Snæland Jónsdóttir hjá Mannrækt og menntun. Sjá nánar á www.lexia.is MYND/GVA

Fólk breytir sér með aðstoð okkar

Þótt stutt sé síðan Ingibjörg Bernhöft hóf störf sem dáleiðslutæknir hefur hún haft áhuga á tækninni í langan tíma. Hún starfaði áður sem hjúkrunarforstjóri á Droplaugarstöðum en þegar hún hætti þar störfum árið 2011 sótti hún námskeið hjá Dáleiðsluskóla Íslands. „Ég var búin að kynna mér efnið í mörg ár áður en ég sótti námskeiðið. Ég hafði lesið mér til um dáleiðslu og hef í raun lengi haft áhuga á þessu sviði." Ingibjörg hefur um tveggja ára skeið aðstoðað fólk við að hætta að reykja, sofa betur og léttast svo dæmi séu tekin. „Í raun hjálpa ég fólki við allt sem huganum viðkemur. Í dáleiðslunni er unnið með undirmeðvitundina með það í huga að hjálpa fólki að breyta því sem það vill sjálft breyta. Þetta er alltaf samvinna milli dáleiðslutæknisins og þess sem þiggur dáleiðsluna. Það er ekki hægt að dáleiða fólk nema það vilji það sjálft. Við getum ekki breytt neinu í huga fólks, það getur hins vegar gert það sjálft með aðstoð dáleiðslutæknisins."

Ingibjörg Bernhöft dáleiðslutæknir. MYND/ARNÞÓR

Að sögn Ingibjargar er misjafnt hversu oft fólk kemur í tíma til hennar. „Oft dugir einn tími en yfirleitt næst betri árangur ef fólk mætir í tvö til þrjú skipti. Þeir sem vilja hætta að reykja þurfa til dæmis helst að koma í tvö til þrjú skipti með hálfsmánaðar millibili til að ná góðum árangri."

Viltu vinna með verðandi foreldrum?

E.N.F. (B.A.N.I.™) er fullkomið undibúningsnámskeið fyrir fæðingu sem var þróað til þess að hjálpa hverri konu að finna eigin leið til að upplifa þá fæðingu sem hún óskar og sem hún á rétt á að upplifa.

Eðlileg, náttúruleg fæðing

Námskeið fyrir E.N.F. kennara 26. og 27. október
Námskeið í dáleiðslu til að auka frjósemi 28.október
Sjá nánar á heimasíðunni

Náttúruleg, óttalaus fæðing

gefur móðurinni vald til að velja hvar og hverning fæðingin verður

Dáleiðsluskóli Íslands
S: 499 3666 + 892 2489 ⇨ http://daleidsla.is/enf ⇦

FERÐIR

LAUGARDAGUR **31. ÁGÚST 2013**

Kynningarblað

Göngur og réttir
Útivera og hreyfing
Ólíkar reglur gilda milli landa
Hello Kitty skreyttar flugvélar

Verkefni í göngum eru fjölbreytt og því hægt að finna verkefni við allra hæfi. MYND/VILHELM

Göngur og réttir eru góð hreyfing

Stofna á gangnamannafélag í Hornafirði. Hugmyndin er að virkja þéttbýlisbúa til að hjálpa bændum við að smala fé af fjalli. **Ásgrímur Ingólfsson** er hvatamaður að stofnun félagsins. Hann segir göngur tilvalda leið fyrir fólk að öðlast nýja reynslu og fá holla hreyfingu.

Ásgrímur er í bæjarstjórn Hornafjarðar og hefur sjálfur tekið þátt í smölun. „Oft er mannekla í göngunum enda fækkar jörðum í ábúð, bændur eldast auk þess sem göngur fara víða fram á sama tíma," segir Ásgrímur þegar hann er inntur eftir því hvernig hann fékk hugmyndina að stofnun gangnamannafélags.

„Mér datt í hug að þetta væri ágætis leið til að þjappa saman dreifbýli og þéttbýli og fá þéttbýlisbúa til að aðstoða bændur við smölun," segir Ásgrímur, sem hefur fengið góð viðbrögð við hugmyndinni.

Hann fékk fjóra aðila til liðs við sig, Búnaðarsamband Suðurlands, Björgunarfélag Hornafjarðar, Ferðafélagið og Ungmennafélagið Sindra, en Ásgrímur er einnig formaður þess.

> **Hugmyndin er að nýta óbeislaða orku okkar þéttbýlisbúanna.**

„Hugmyndin er að nýta óbeislaða orku okkar þéttbýlisbúanna," segir Ásgrímur glaðlega og bætir við að allir geti gert gagn í smölun. „Við viljum fá sem flesta, karla, konur, hestamenn og jafnvel fjórhjólaeigendur, hvort sem er um er að ræða vant smalafólk eða ekki," segir hann og bendir á að höfuðborgarbúar séu einnig kærlega velkomnir.

Verkefni í göngum eru fjölbreytt og því hægt að finna verkefni við allra hæfi. „Síðan röðum við saman þeim sem eru vanir og óvanir enda ekki sama hvernig er smalað," upplýsir Ásgrímur.

Ætla mætti að bændur græddu mest á þessu fyrirkomulagi en ágóðinn er þó ekki allur í eina áttina. Göngumenn fá að njóta frábærrar náttúru í skemmtilegum félagsskap, öðlast glænýja reynslu og fá auk þess heilnæma hreyfingu.

Stofnfundur gangnamannafélagsins var haldinn í gærkvöldi og þegar þetta er ritað er ekki vitað um árangur hans.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig til leiks er bent á að hafa samband við Grétar Má Þorkelsson hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, **gretar@bssl.is.**

Réttir eru frábær skemmtun fyrir fólk á öllum aldri.

RÉTTIR Í LANDNÁMI INGÓLFS ARNARSONAR

Gaman er fyrir höfuðborgarbúa að kynnast réttastörfum. Hér er listi yfir réttir sem eru í stuttri akstursfjarlægð frá höfuðborginni.

laugardag 21. sept. kl. 15	Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit
laugardag 21. sept. kl. 14	Húsmúlarétt við Kolviðarhól
sunnudag 22. sept. kl. 11	Fossvallarétt við Lækjarbotna
sunnudag 22. sept. um hádegi	Hraðastaðarétt í Mosfellsdal
sunnudag 22. sept. um kl. 15	Kjósarrétt í Kjós
sunnudag 22. sept. kl. 17	Brúsastaðarétt í Þingvallasveit
mánudag 23. sept. kl. 10	Selflatarrétt í Grafningi
mánudag 23. sept. kl. 14	Ölfusréttir í Ölfusi
laugardag 21. sept. kl. 14	Þórkötlustaðarétt í Grindavík
sunnudag 22. sept. kl. 9	Selvogsrétt í Selvogi, Árn.
laugardag 28. sept. kl. 13	Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr.

Upplýsingar: www.bondi.is

Þetta er bannað

Ferðamenn ættu að kynna sér vel þær reglur og lög sem gilda í því landi sem þeir ætla að ferðast til. Einföld mistök geta leitt til handtöku.

Lög, reglur og ekki síst hefðir eru æði misjafnar eftir löndum og menningarsamfélögum. Því geta ferðamenn lent í vanda vegna hegðunar sem þætti eðlileg heima hjá þeim en er jafnvel ólögleg í öðru landi. Utanríkisráðuneyti Bretlands hefur tekið saman lista yfir algeng mistök ferðamanna sem geta leitt til sekta og jafnvel fangelsunar. Hér má sjá nokkur þeirra.

Í flestum hverfum Feneyja er bannað að gefa dúfum að borða. Ferðamenn virða bannið iðulega að vettugi. NORDICPHOTOS/GETTY

Holland

Ekki vera með eða nota eiturlyf. Þótt Holland sé þekkt fyrir umburðarlyndi gagnvart „mýkri eiturlyfjum“ á það aðeins við um sérstök svæði. Varsla bannaðra eiturlyfja eða kaup á þeim geta varðað fangelsisdómi.

Feneyjar

Dúfur eru einkennandi fyrir Feneyjar og hefur verið vinsælt meðal ferðamanna að gefa þeim að borða, sérstaklega á Markúsartorgi. Það sem færri vita er að bannað er að gefa dúfunum í flestum hverfum borgarinnar og getur fólk fengið sekt fyrir athæfið.

Bannað er að klæðast fötum í felulitum á Barbados.

Barcelona

Bannað er að klæðast bíkiníi, sundbuxum eða vera ber að ofan í borginni, nema nálægt ströndinni. Þau sem brjóta regluna geta átt von á sekt.

Singapúr

Stranglega bannað er að tyggja tyggjó í Mass Rapid Transit (MRT) lestarkerfinu í Singapúr.

Taíland

Ólöglegt er að flytja fleiri en 200 sígarettur inn í Taíland. Þeir sem brjóta lögin munu fá sekt auk þess sem sígaretturnar verða gerðar upptækar.

Flórens á Ítalíu

Háar fjársektir liggja við því að sitja á tröppum eða í görðum og snæða mat í nálægð við kirkjur og opinberar byggingar í Flórens.

Sádi-Arabía

Ferðamenn ættu að fara varlega með myndavélar sínar í landinu því bannað er að mynda opinberar byggingar, hernaðarleg mannvirki og hallir. Þeir sem láta freistast verða handteknir.

Barbados

Öllum, konum, körlum og jafnvel börnum, er bannað að klæðast fötum í felulitum. Brot á því varðar fjársekt.

Nígería

Bannað er að flytja sódavatn inn í Nígeríu. Hegningin við slíku er fjársekt.

Fídjieyjar

Bannað er að baða sig berbrjósta í sólinni.

Maldíveyjar

Opinberlega má ekki iðka trúarbrögð önnur en íslam. Hegningin er handtaka.

Bannað er að matast á tröppum við kirkjur og opinberar byggingar í Flórens. NORDICPHOTOS/GETTY

Hello Kitty-flugvél mun fljúga frá Taípei til Los Angeles.

Ferðast með Hello Kitty

Flugvélar skreyttar Hello Kitty innan sem utan hafa í nokkur ár flogið með farþega í Asíu. Nú horfir kisan vinalega til vesturs.

Hello Kitty er ein vinsælasta teiknimyndapersóna heims. Hún kom fyrst fyrir augu almennings árið 1974 en hún er hugarfóstur teiknimyndafyrirtækisins Sanrio. Nú, nærri fjórum áratugum síðar, eru tekjur af kisunni um 5 milljarðar Bandaríkjadala á ári.

Fyrsta Hello Kitty-flugvélin fór í loftið árið 2005 og var það árangur af samstarfi Sanrio við taívanska flugfélagið EVA AIR. Flugfélagið á og rekur fimm kisuskreyttar flugvélar af gerðinni A330s en þær hafa flogið til Japan, Hong Kong, Suður-Kóreu, Kína og Gvam. Nú mun flugfélagið gera út Hello Kitty-flugvél sem mun fljúga þrisvar sinnum í viku frá Taípei til Los Angeles í Bandaríkjunum. Fyrsta ferðin verður farin 18. september.

Vélin sem mun fljúga til LA verður af gerðinni B777, sem er gríðarstór farþegavél. Enn er verið að undirbúa vélina, mála hana með Hello Kitty-fígúrum og endurhanna farþegarýmið með Hello Kitty-þema.

Líkur eru á að krúttlegheitin verði nánast yfirþyrmandi fyrir farþega. Á vélunum sem þegar eru í notkun blasir við risastór mynd af kisunni á flugvélarbolnum. Það er þó ekkert á við farþegarýmið, sem skreytt er hvítu kisunni með ýmsum hætti. Hana má sjá á höfuðpúðum, servíettum, ýmsum áhöldum, sápum og snarli. Flugþjónar eru klæddir Hello Kitty-svuntum og selja farþegum tollfrjálsar Hello Kitty-vörur. Upplifunin hefst meira að segja áður en stigið er um borð því brottfarar-spjaldið og farangurslímmiðar eru stimplaðir með kisustimpli, auk þess sem farþegar ganga inn um Hello Kitty-skreytt hlið.

Evrópubúar sem iða í skinninu að fá að fljúga með kisukrúttinu þurfa ekki að örvænta því til stendur að bæta við flugi til Evrópu í nánustu framtíð.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is s. 512 5447. **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

Haust 10 **5. - 15. október**

Gardavatn & Feneyjar

Gardavatn hefur verið einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga til margra ára. Farið verður í áhugaverðar skoðunarferðir, m.a í siglingu á Gardavatni, til Feneyja drottningar Adríahafsins og Verónu elstu borgar Norður Ítalíu.

Verð: 209.800 kr. á mann í tvíbýli.

Mjög mikið innifalið!

Fararstjóri: Hlín Gunnarsdóttir

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík

Spör ehf.

ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

TJARNARBÍÓ

GRAL | EIÐURINN OG EITTHVAÐ
EFTIR GUÐBERG BERGSSON

STÓRU BÖRNIN
EFTIR LILJU SIGURÐARDÓTTUR | **LAB LOKI**

FRÚ EMILÍA | VANJA FRÆNDI
EFTIR ANTON CHEKHOV

FYRIRGEFÐU?
EFTIR ÞÓRDÍSI ELVU
ÞORVALDSDÓTTUR | **MÁLAMYNDA HÓPURINN**

WWW.TJARNARBIO.IS

Hvað hugsar skáld yfir kvöldverði?

Óvænt og öðruvísi verk beint úr hugarheimi Guðbergs Bergssonar.

Skáldið stendur á sviðinu með óstraujaðar buxur og ómótaðar hugmyndir í kollinum um tvö leikverk. Hann kallar fram persónur sem hefja leik:

Tveir menn sitja á sjúkrarúmi og velta fyrir sér tilgangi tilverunnar. Kona í hvítum sloppi kemur inn og hristir rassinn. Er þessi kona komin til að prumpa á okkur? ... og hver er þessi Ragnheiður Brynjólfsdóttir? Við erum á leiðinni inn í Eitthvað! Innan tíðar gera persónurnar leikverksins uppreisn gegn skapara sínum því „uppreisn, mótþrói og óhlýðni eru sameining“... og skáldskapurinn nær yfirhöndinni þegar persónurnar taka málin í sínar hendur.

„Ég vil komast eitthvað. Burt! Burt! Frá þessu sem ég veit ekki hvað er. Er þetta fangelsi? Er þetta sjúkrahús? Einhver andskoti!“

Hversu hátt svífur andinn í leikhúsinu?

Skáldið

Guðbergur Bergsson er eitt helsta núlifandi skáld Íslendinga. Bækur hans hafa verið gefnar út á fjölmörgum tungumálum. „Eiðurinn og eitthvað“ er hans fyrsta verk sem er beinlínis ætlað leikhúsi. Óvænt og öðruvísi leiksýning skreytt gullkornum úr hugarheimi Guðbergs, sem oft og tíðum getur verið ólíkindatól og kemur alltaf á óvart.

Gral og Gralverjar

Grindvíska atvinnuleikhúsið – GRAL var stofnað árið 2008, af leikhúsfólki sem hefur tengsl við Grindavík. Bergur Þór Ingólfsson er leikstjóri og listrænn stjórnandi GRAL en hann hefur getið sér gott orð bæði sem leikari og leikstjóri, nú síðast með leikstjórn á Mary Poppins í Borgarleikhúsinu.

Horn á höfði snýr aftur

GRAL hefur alla tíð einbeitt sér að verkum sem byggja á sögu og umhverfi bæjarins og hlaut árið Grímuverðlaunin árið 2010 fyrir fjölskylduleiksýninguna „Horn á höfði“. Þann 15. september fer sú sýning aftur á fjalirnar og gefst korthöfum Tjarnarbíós kostur á að velja á milli leiksýninganna Eiðurinn og eitthvað og Horn á höfði.

Leikarar sýningarinnar: Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Erling Jóhannesson og Benedikt Karl Gröndal. **Aðlögun og leikstjórn:** Bergur Þór Ingólfsson. **Leikmynd:** Eva Vala Guðjónsdóttir og Bergur Þór Ingólfsson. **Búningar og leikgervi:** Eva Vala Guðjónsdóttir Lýsing Magnús Arnar Sigurðsson. **Tónlist:** Sölvi Blöndal. **Hreyfimyndagerð:** Una Lorentzen og Philip Lockerby. Lengd 80 mínútur án hlés. **Sýningartími:** september–október.

Er ástin einungis einhvers virði ef hún er ókeypis?

Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur fjallar á margræðan hátt um gildi ástarinnar.



Miðaldra smiðurinn Kristján kemur í hús Mömmu í leit að ást sem hann hefur lengi þráð.

Ást sem hann er tilbúinn að borga fyrir. Móðurást. Mamma elskar hann og annast fyrir ákveðna upphæð – rétt eins og hin stóru börnin sín. Stóru börnin sem þurfa svo mikið, krefjast svo mikils, þroskast svo hratt. Mamma sinnir þörfum þeirra, nærir þau, þrífur þau, huggar þau og veitir þeim ráðningu þegar þau eru óþekk.

Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur fjallar á margræðan hátt um gildi ástarinnar.

Þótt verkið hafi nokkuð hefðbundna leikhúsumgjörð er umfjöllunarefnið nýstárlegt og varpar fram spurningum sem vel eiga heima í nútímanum. Er ástin einungis einhvers virði ef hún er ókeypis? Missir hún gildi sitt ef borgað er fyrir hana? Hættir hún þá að vera alvöru ást? Og síðast en ekki síst, er sá sem selur ástina frjáls í því að falbjóða?

Í Stóru börnunum er hulinn heimur infantílista notaður til að varpa ljósi á fremur jarðbundin og hversdagsleg viðfangsefni sem flestir þekkja: samband foreldra og barna, æskuörin sem allir bera, flóttann frá fortíðinni og ástina í mörgum mögulegum myndum.

Stóru börnin er margslungið og líflegt leikverk, nýstárlegt og ögrandi. Sviðsverk sem hreyfir við tilfinningunum jafnt sem hugsuninni.

Í uppsetningu Lab Loka fara Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson með hlutverkin undir stjórn Rúnars Guðbrandssonar.

Þar sem kynferðislegur undirtónn er í verkinu telst það ekki við hæfi barna.

Lab Loki

Leikhópurinn Lab Loki var stofnaður í Reykjavík árið 1992 og hefur haldið úti öflugri og margþættri leiklistarstarfsemi síðan, jafnt hérlendis sem erlendis. Alla tíð hefur mikil áhersla verið lögð á markvissar tilraunir og skipulagðar rannsóknir á listforminu og tjáningarmeðulum leikarans, meðal annars með kraftmikilli þjálfun, hópvinnu og sameiginlegri sköpun.

Öll verk hópsins til þessa hafa verið frumsköpun eða frumflutningur nýrra verka, t.d. Amlodi´s Journey sem gerði garðinn frægan í Englandi og víðar, Ragnarök 2002, þar sem teflt var saman hinni japönsku Suzuki-leiktúlkunaraðferð og textum úr Eddukvæðum og Aurora Borealis, millilandaleiksýning sem fór fram samtímis í Danmörku, Íslandi og á Veraldarvefnum.

Af nýlegri verkefnum Lab Loka má nefna; Steinar í djúpinu eftir Rúnar Guðbrandsson/Steinar Sigurjónsson og Ufsagrýlur eftir Sjón, báðar sýndar í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Svikarinn eftir Árna Pétur Guðjónsson og Rúnar Guðbrandsson og nú síðast Hvörf, verk byggt á Guðmundar- og Geirfinnsmálum í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Þessar sýningar hafa hlotið sterk viðbrögð jafnt gagnrýnenda sem áhorfenda og verið tilnefndar til Menningarverðlauna DV og hlotið á annan tug Grímutilnefninga og nokkrar Grímur.

Og nú er röðin komin að Stóru börnunum, nýju íslensku leikverki eftir Lilju Sigurðardóttur. Auk þess mun Lab Loki taka Svikarann aftur til sýninga í Tjarnarbíói síðar í vetur.

Leikarar: Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson.
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

HVALFJARÐARDAGURINN
Hvalfjarðardagurinn er í dag og fer fram á fimm stöðum, á Bjarteyjarsandi, á Hótel Glym, í Ferstikluskála, á Þórisstöðum og í Hernámssetrinu á Hlöðum. WWW.SKESSUHORN.IS

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Street
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Barnadansar
Argentískur Tangó
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn – Unglingar – Fullorðnir

ZUMBA fitness

Kennslustaðir:
Valsheimilið Hlíðarenda
Árbær - Selásbraut 98 **NÝTT!**

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553-6645 | dans@dansskoli.is

Upprifjun fyrir SAMRÆMDU PRÓFIN í september í 4., 7. og 10. bekk

NÁMSAÐSTOÐ

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendaþjónustan sf **www.namsadstod.is** **s. 557 9233**

TAKK FYRIR LEIKINN
Í Tennishöllinni Kópavogi spila saman ungir og aldnir í öllum styrkleikaflokkum.

MYND/ARNÞÓR

BESTA ÍÞRÓTT HEIMS

TENNISHÖLLIN KÓPAVOGI KYNNIR *Tennis er heillandi íþrótt sem nærir líkama og sál. Nú er rétti tíminn til að skrá sig á tennisnámskeið fyrir veturinn.*

Tennis er í mikilli sókn á Íslandi enda skemmtilegt sport og af mörgum talin besta íþrótt heims," segir Jónas Páll Björnsson, framkvæmdastjóri Tennishallarinnar í Kópavogi.

Jónas segir tennis hafa allt sem prýðir góða íþrótt. „Tennis felur í sér ögrandi keppni á milli tveggja einstaklinga, mikla tækni og gott líkamlegt form og andlegt atgervi. Þá er leikurinn ákaflega skemmtilegur og maður gleymir því hreinlega að maður sé að púla."

Tennishöllin Kópavogi er eina tennishöll landsins, með þrjá stóra innanhússvelli og utanhússaðstöðu. Í haust verða mörg spennandi námskeið á stundaskrá Tennishallarinnar og vinsælustu tímarnir óðum að fyllast, að sögn Jónasar.

„Við bjóðum upp á frábær byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir alla aldurshópa og freistandi tilboð. Þar má nefna fjölskyldutilboð um helgar þar sem fjölskyldan getur farið saman í tennis með eða án þjálfara. Þá erum við með opna kvenna- og karlatíma sem eru góður vettvangur til að kynnast öðrum tennisspilurum," útskýrir Jónas.

Í Tennishöllinni er vinsælt fyrir minni og stærri hópa að leigja sér fastan tíma og alltaf hægt að fá staka tíma á tennisvöllum hallarinnar. Ódýrara er að leigja sali fyrir klukkan hálfþrjú á daginn.

„Í Tennishöllinni er ríkulegt barnastarf. Í höllinni æfa sex tennisfélög og eru allir krakkar velkomnir að koma og æfa. Þegar litið er til langs tíma er mikilvægt að velja sér íþrótt sem hægt er að spila ævina út og nú nýtur mikilla vinsælda sniðugt mini-tennisnámskeið fyrir 4-6 ára börn," segir Jónas og getur þess að í Tennishöllinni spili fólk fram á níræðisaldur og allir á sínum hraða.

„Á einu tennisnámskeiði fæst heilmikil kunnátta. Námskeiðin eru skemmtilega uppbyggð og strax mikið fjör og tennisleikir."

Nánari upplýsingar um námskeið og skráningu má sjá á ***www.tennishollin.is.***

YFIRÞJÁLFARINN
Í Tennishöllinni Kópavogi starfa þjálfarar í fremstu röð. Hér má sjá yfirþjálfarann Jón Axel Jónsson, sem nýlega hlaut hæstu prófgráðu Alþjóðatennissambandsins.

SOHO MARKET

Vinsælu blúndu
aðhaldstopparnir
komnir aftur.

Blúnda að framan
og aftan.

Litir: Svart og húðlitur

Stærðir: S–XXL

Verð aðeins
3.990 kr.

SOHO / MARKET
Á FACEBOOK

Grensásvegur 8 - sími 553 7300 - Opið mán-fim 12-18 – fös. 12-19 – lau. 12-17

STRÍÐ Arnfríður tók þátt í 20.000 manna samkomu í Bandaríkjunum þar sem tekist var á með vopnum. Hún segir alltaf sé farið eftir ýtrustu öryggisreglum. MYND/ARNFRÍÐUR

MIÐALDIR MEÐ NÚTÍMAÞÆGINDUM

ÁHUGAMÁL *Klakavirki er heiti áhugamannafélags um mannlíf á miðöldum. Meðlimir stunda skylmingar og bogfimi og sækja miðaldamót úti um allan heim. Arnfríður Ingvarsdóttir smíðaði sér sverð og brynju sjálf.*

Við erum fullorðið fólk að leika okkur," segir Arnfríður Ingvarsdóttir forritari þegar hún er spurð út í áhugamál sitt. Hún er meðlimur í SCA Klakavirki, áhugamannafélagi um mannlíf á miðöldum. Félagið er hluti af alþjóðlegum félagsskap, SCA, sem stofnaður var í Bandaríkjunum.

„Markmiðið er að hittast, klæða okkur upp og upplifa miðaldir, með ákveðnum nútímaþægindum þó, eins og heitu kaffi og súkkulaði," segir Arnfríður. „Tímabilið sem um ræðir er frá árinu 600 til 1600 og yfirleitt búa félagsmenn búningana til sjálfir og smíða vopn og brynjur. Þegar búið er að klæða sig upp eru stundaðar skylmingar, bogfimi, burtreiðar og fleira," útskýrir hún.

TILHEYRA RÍKINU DRACHENWALD

Íslenski hópurinn á upphaf sitt að rekja til herstöðvarinnar í Keflavík. Hann hafði legið í dvala í tvö ár þegar Arnfríður endurvakti hann ásamt fleirum árið 2007. Löndunum sem taka þátt um allan heim er skipt upp í konungsríki og tilheyrir Ísland konungsríkinu Drachenwald, eða Ríki Svarta drekans. Snýst SCA þá um lifandi hlutverkaleik?

„Þetta er ekki LARP þó að margt sem við gerum sé svipað. Við stöndum ekki með teninga í hendinni til að ákvarða hluti eða hendum töfralyfi á fólk. Allar skylmingar og allir bardagar sem sjást hjá okkur eru eins raunverulegir og við getum gert þá án þess að senda nokkurn mann upp á sjúkrahús. Við notum alvöru vopn og við förum eftir ströngum öryggisreglum."

GRÚSKARAR UPP TIL HÓPA

Skylmingarnar vöktu áhuga Arnfríðar á félaginu en hún smíðaði sjálf sverðið sitt og brynju.
„Ég dvaldi þrjá mánuði í smiðju í Bandaríkjunum fyrir þremur árum og smíðaði mér hjálm, sverð, hlífar og brynju. En ég sæki líka í söguna og í félagsskapinn en maður kynnist fólki um allan heim. Það má segja að þetta séu grúskarar upp til hópa," segir Arnfríður.

FRÆG FYRIR MATARVEISLUR

Hún reynir að sækja alþjóðlegar samkomur einu sinni til tvisvar á ári og hefur meðal annars farið á 20.000 manna samkomu í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, þar sem hún tók þátt í stríði.

„Þar var ég troðin undir í hamaganginum en það var rosalega gaman," segir hún. „Okkar félag heldur samkomur þrisvar á ári og við erum orðin fræg fyrir matarveislurnar okkar. Við leitum uppi uppskriftir frá miðöldum og notum íslenskt hráefni til að endurskapa réttina. Næsta samkoma verður 11.-13. október í Skagafirði," segir Arnfríður.

Hún segir áhugafólk um miðaldir meira en velkomið í félagið. ■ **heida@365.is**

SKYLMINGAR
Arnfríður Ingvarsdóttir skylmist við félaga sinn í miðaldaklúbbnum Klakavirki. Reglulegar æfingar fara fram í skylmingum á vegum félagsins.
MYND/DANÍEL

Eftirtalin námskeið verða haldin hjá Rauða krossinum í Kópavogi haustið 2013:

Námskeið

Skyndihjálp 4. september, 16. október og 13. nóvember.
Þáttökugjald 6.000 kr.

Slys og veikindi barna 21. september, 19. október og 9. nóvember.
Þáttökugjald 8.000 kr.

Börn og umhverfi 21. - 24. október.
Þáttökugjald 8.500 kr.

Skráning á námskeiðin er á;
http://www.raudikrossinn.is/page/rki_kopavogsdeild
nánari upplýsingar í síma 554-6626/861-3336

Þátttakendur fá staðfestingarskírteini að námskeiði loknu.

Rauði krossinn
Kópavogi

kopavogur@redcross.is

sími 554 6626
Opið virka daga kl. 9-15



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

LAUSN VIÐ TIMBURMÖNNUM

ICECARE KYNNIR *DRINKOFF®, Hair Volume og Blue Berry frá New Nordic.*

DRINKOFF® fyrir morgundaginn. Töflur gegn þynnku. DRINKOFF® töflurnar innihalda náttúruleg efni, Fumaric sýru, Succinic sýru, C vítamín og Fólinsýru.

Fumaric sýra hefur verið notuð í matvæli og lækkar sýrustig í fæðu. Fumaric sýra hjálpar til við niðurbrot á Acetaldehyde sem myndast þegar alkóhól brotnar niður í líkamanum og minnkar þannig óþægindi í kjölfar neyslu áfengis. C vítamínið í töflunum stuðlar að réttum blóðsykursstyrk og styður við ónæmiskerfið í niðurbrotsferlinu.

DRINKOFF® töflurnar frá Vitrum, er flokkað sem fæðubótarefni og inniheldur náttúruleg efni sem eru ekki lyfseðilsskyld.

Ráðlögð notkun: Takið 2 töflur áður en fyrsti áfengi drykkurinn er drukkinn og 2 töflur eftir síðasta áfenga drykkinn, áður en farið er að sofa. Ef drykkja áfengis stendur í lengri tíma má taka 1-2 töflur eftir hvern drykk. Ekki fleiri en 6 töflur í hvert skipti.

Varúð: Aðeins ætlað fólki eldra en 20 ára. Ekki ætlað barnshafnandi konum eða mjólkandi mæðrum. Geymið þar sem börn ná ekki til. Ef lyf eru tekin að staðaldri, ber að ráðfæra sig við fagfólk áður en Drink Off töflurnar eru teknar. Í tilfelum þar sem of stórir skammtar eru teknir, hafið strax samband við lækni.

BETRI LÍÐAN Birna Gísladóttir hjá Icecare segist hafa heyrt frá ánægðu fólki sem prófað hefur Drinkoff. „Þetta svínvirkar."

HJÁLP FYRIR HÁRIÐ

Hair Volume stuðlar að líflegra hári.

Eva starfaði alla starfsævina sem hárgreiðslukona og það skiptir hana miklu máli að hár hennar sé heilbrigt. Hún var alltaf óánægð með sitt slétta og fíngerða hár. Hún hefur nú um nokkurt skeið notað Hair Volume og er mjög ánægð. Hár hennar er líflegt og þykkt.

Eva er 74 ára og býr suður af Kaupmannahöfn. Hún ljómar öll þegar hún talar um árin sem hún starfaði í hárgreiðslunni. „Ég vann alla starfævina sem hárgreiðslukona. Ég hafði alltaf mikinn áhuga á fötum, skóm og hári. Þegar ég var yngri gekk ég alltaf á háum hælum en ég er orðin of gömul til að geta það í dag. Jafnvel þó árin hafi færst yfir er engin ástæða til að leggjast í kör og hætta að hugsa um útlitið. Það er mér mjög mikilvægt að hárið á mér sé vel snyrt og heilbrigt."

REYNDI HAIR VOLUME

„Ég las um Hair Volume í tímariti fyrir um þremur mánuðum. Mér fannst það sem ég las mjög áhugavert. Ég fór beint út í apótek og keypti mér pakka. Afgreiðslukonan var mjög jákvæð í garð vörunnar og sagði mér að hún innihéldi mörg gagnleg efni. Ég fór heim full væntinga um kaupin."

MÆLI MEÐ TÖFLUNUM VIÐ ALLA

„Eftir að hafa tekið töflurnar í þrjá mánuði er ég ekki í nokkrum vafa um að ég mun halda áfram að taka þær. Hárið á mér er líflegra en nokkru sinni og ég sé mun bæði á húð og nöglum. Ég er nýbúin að kaupa tvo pakka til viðbótar svo ég verði ekki uppiskroppa. Mér er sönn ánægja að mæla með Hair Volume við alla sem ég þekki. Afgreiðslufólkið í apótekinu er meira að segja farið að taka töflurnar" segir Eva með stolti.

AFGREIÐSLUSTAÐIR

Hair Volume fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Frekar upplýsingar er að finna á www.icecare.is eða á www.newnordic.com

NÝ UPPFINNING

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unnin er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.

HAIR VOLUME
Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald; elfting (horsetail extract), epla-extract, hirsi (millet extract), amínósýrur L-Cysteine og L-methinonine, bíótín, pantótenat sýra, zink og kopar. Aðeins ein tafla á dag.

AÐEINS EIN TAFLA Á DAG

VIÐHELDUR GÓÐRI SJÓN

AÐEINS EIN TAFLA Á DAG

Blue Berry-töflurnar hjálpa til við að viðhalda góðri sjón.

Lútein er litarefni sem er að finna í bláberjum og einnig í gula bletti augans – þeim hluta sjónhimnunnar sem gerir okkur kleift að sjá skýrt það sem er beint fyrir framan okkur.

ÞAÐ ER NAUÐSYNLEGT AÐ VIÐHALDA EÐLILEGRI SJÓN

Bente hefur gaman af því að lesa í frístundum sínum. Hún les einnig mikið vinnu sinnar vegna en hún starfar við gerð hljóðbóka. Þess vegna leist henni ekki á blikuna þegar hún fór að lenda í vandræðum með augun fyrir um það bil ári síðan. Lestu um kynni Bente af Blue Berry, en þeirri sögu deilir hún með glöðu geði.

„Fyrir um ári fór ég að taka eftir breytingum á sjóninni þegar ég var að lesa. Þar sem ég les bæði mér til yndis og í starfi mínu olli þetta mér nokkrum vandræðum. Ég hélt ég þyrfti að fá gleraugu. Ég fann líka fyrir óöryggi þegar ég ók bíl í myrkri. Ég var farin að halda að þetta væri aldrinum að kenna."

HERFLUGMENN BORÐA BLÁBER

„Ég hafði heyrt mjög margt gott af bláberjum og að herflugmenn borðuðu bláber fyrir næturflug. Þess vegna fannst mér ráð að reyna Blue Berry-töflurnar. Ég er í raun og veru ekkert hrifin af fæðubótarefnum þar sem ég borða holla og næringarríka fæðu en Blue Berry kom mér verulega á óvart. Ég er mjög ánægð með töflurnar."

MÆLI MEÐ BLUE BERRY-TÖFLUNUM

„Í fyrstu sagði ég engum frá því að ég væri að taka inn Blue Berry-töflurnar frá New Nordic en núna mæli ég glöð með þeim við vini, samstarfsfólk og fjölskyldumeðlimi."

NOTKUN BLUE BERRY

Flestir byrja að taka Blue Berry þegar þeir finna að sjónin er að breytast en það er ekkert sem mælir móti því að byrja fyrr til að fyrirbyggja breytingar. New Nordic Blue Berry-töflurnar koma ekki í staðinn fyrir heilsusamlegt og fjölbreytt fæði en þær eru góður kostur til að viðhalda augnheilsu, ríkar af lúteini og A-vítamíni. A-vítamín hjálpar til við að viðhalda eðlilegri sjón. Takið eina töflu daglega með morgunmatnum.

GÖMUL HEFÐ Í NÝJUM BÚNINGI

Vörur sem innihéldu bláber voru með fyrstu fæðubótarefnum sem fengust í apótekum. Þessi kunna ofurfæða hefur verið vinsæl um aldir.

Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar þróaði New Nordic Blue Berry-töflurnar sem innihalda náttúrulegt lútein í samsvarandi magni og er í einu kílói af ferskum bláberjum. Sú þróun er gott dæmi um hvernig náttúrulækningar í bland við nútíma tækni geta skilað miklum árangri.

BLUE BERRY

Verndar og styrkir sjónina.
Innihald: A-vítamín, zink, kopar, bláberjaþykkni eyebright-extract (Euphrasis officinalis), lútein úr tagetes-þykkni.

Aðeins ein tafla á dag.
Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaðanna

Blue Berry inniheldur mikið magn af lúteini, náttúrlega litarefninu sem stuðlar að virkni gula blettsins í auganu sem gerir okkur kleift að sjá skýrt. Blue Berry frá New Nordic er fáanlegt í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Upplýsingar er hægt að fá á **www.icecare.is** eða á **www.newnordic.com**

ER ALLT KLÁRT Í HAUSTVEIÐINA?

Verslaðu í einu sérhæfðu fluguveiðiverslun landsins

GUIDELINE

Alta vöðlur

Ný tækni, engir saumar. Vöðlur gerast líklega ekki betri en þessar.

LOOP CROSS S1

Flugustangir

– Stöngin sem breytir leiknum –

Verið velkomin í verslun okkar á Langholtsvegi til að kynnast af eigin raun hvernig Loop hefur tekist að þróa stöng sem kollvarpar öllu því sem menn héldu að enn væri hægt að bæta við flugustangir hvað gæði og eiginleika varðar.

Test winner in Trout&Salmon Magasin.

Core jakki

GUIDELINE

Veiðijakkar gerast ekki hlýrri en þessi. Líka góður í útivistina.

Flugulínur

Línurnar frá Guideline eru algjörlega búnar að slá í gegn hjá íslenskum veiðimönnum.

Flugustangir

GUIDELINE

LXI tvíhenda, nýjasta stöngin frá Guideline – sannkallað meistaraverk!

Fluguhjól

Einfaldlega yfirburða hjól frá snillingum Loop og Guideline.

GUIDELINE LOOP

Flugubarinn

Önnur eins gæði er erfitt að finna...

– stóru merkin í Skandinaviu

LOOP hefur fengið nýtt heimili!

Nú færð þú Loop veiðivörur í Veiðiflugum, **einu sérhæfðu fluguveiðiversluninni á Íslandi**

Veiðiflugur

Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

LÖGFRÆÐINGUR

Samtök atvinnulífsins leita að lögfræðingi með áhuga á vinnurétti og málefnum vinnumarkaðarins til starfa á vinnumarkaðssviði samtakanna.

Helstu verkefni:
- Lögfræðileg ráðgjöf og þjónusta við aðildarfyrirtæki SA, einkum á sviði vinnuréttar
- Gerð og túlkun kjarasamninga

Menntun og hæfni:
- Meistarapróf/embættispróf í lögfræði eða BA/BS próf í lögfræði/viðskiptalögfræði auk viðbótarmenntunar eða reynslu sem nýtist í starfi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði

Verkefni vinnumarkaðssviðs eru túlkun laga og kjarasamninga, gerð kjarasamninga, umsagnir og þátttaka í nefndum og stjórnum f.h. SA, málflutningur fyrir Félagsdómi og almennum dómstólum f.h. samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra auk þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Hjá SA starfa nú 5 lögfræðingar.

Upplýsingar veitir Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, í síma 821 0019.

Umsóknir berist á skrifstofu SA í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík eða með tölvupósti til ragnar@sa.is
Umsóknarfrestur er til og með 6. september nk.

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs og málsvari atvinnurekenda í hagsmunamálum þeirra. Innan SA eru sjö aðildarsamtök sem starfa á grunni atvinnugreina. Aðild að SA eiga um 2.000 smá og stór fyrirtæki þar sem starfa u.þ.b. 50.000 starfsmenn eða um helmingur launamanna á almennum vinnumarkaði á Íslandi.

Samtök atvinnulífsins hafa það meginmarkmið að skapa fyrirtækjum hagstæð rekstrarskilyrði, vera öflugur málsvari atvinnulífsins í landinu og veita aðildarfyrirtækjum sínum góða þjónustu.

Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins er að finna á vef SA: www.sa.is

Grafískur hönnuður

Í boði er spennandi og fjölbreytt starf í lifandi og krefjandi starfsumhverfi hjá Icepharma. Góð skilyrði til að eflast og þroskast sem einstaklingur í starfi.

Starfssvið

- Hönnun og heildarútliti fyrir deildir og vörumerki
- Verkefnastjórnun í tengslum við sýningar og markaðsherferðir
- Hönnun á vefborðum og vefsíðum
- Samskipti og samvinna við vörumerkjastjóra, markaðsfulltrúa, prentsmiðjur og sýningaraðila

Menntunarkröfur

- B.A. próf í grafískri hönnun

Hæfniskröfur

- 1-2 ára reynsla af grafískri hönnun
- Mjög góð kunnátta í Indesign, Illustrator og Photoshop
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hóp

Umsóknarfrestur er til 9. september 2013
Umsóknir sendist á netfangið hrefna@icepharma.is merkt **090913** ásamt ferilskrá og sýnishornum af verkum. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu og markaðssetningu á lyfjum og heilsueflandi vörum. Icepharma er m.a. umboðsaðili fyrir íþróttavörumerkið Nike. Hjá fyrirtækinu starfa 80 manns með víðtæka menntun og þekkingu. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður og við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi. Markmið Icepharma er að styðja við almenna lýðheilsu.

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • Fax 540 8001

icepharma

KORTA ÞJÓNUSTAN

Kortaþjónustan hf. er framsækið fyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar. Á þeim rúma áratug sem fyrirtækið hefur starfað hefur orðið viðsnúningur á þessum markaði hér á landi enda kom Kortaþjónustan hf. inn með nýja hugsun, samkeppni og dagleg uppgjör. www.korta.is

Forritarar

Kortaþjónustan hf. leitar nú að forriturum inn á tæknisvið fyrirtækisins en þar fer fram nýsmíði og viðhald fjölbreyttra kerfa fyrirtækisins, t.d. greiðslukerfa og vefþjónusta sem og uppbygging þróunar- og prófunarumhverfis.

Leitað er að einstaklingum sem hafa reynslu af og þekkingu á:

- Java forritun
- Spring, Hibernate
- SOAP, RESt
- TDD, Junit

Eftirfarandi þekking er kostur:

- .Net Mvc
- JQuery

Hjá Kortaþjónustunni starfar öflug liðsheild, hópur fólks sem kallar ekki allt ömmu sína! Vilt þú bætast í hópinn?

Upplýsingar veitir:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sérfræðingur í verðbréfamiðlun

Vegna aukinna umsvifa óskar Landsbankinn eftir að ráða öflugan einstakling til Markaðsviðskipta. Markaðsviðskipti tilheyra sviðinu Markaðir en það býður alla þjónustu sem snýr að sölu og miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og einkabankaþjónustu. Hjá Mörkuðum starfar reynslumikið starfsfólk sem þjónar breiðum hópi viðskiptavina. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu og ábyrga ráðgjöf til að tryggja upplýstar ákvarðanir viðskiptavina.

Helstu verkefni

- Miðlun erlendra verðbréfa
- Yfirumsjón með samskiptum við erlenda samstarfsaðila í verðbréfaviðskiptum
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina á sviði verðbréfaviðskipta
- Ýmis tilfallandi störf í markaðsviðskiptum

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, lögfræði eða verkfræði
- Haldgóð reynsla af verðbréfamarkaði
- Próf í verðbréfaviðskiptum er skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfni, þjónustulund og skipulagshæfni
- Nákvæmni í vinnubrögðum, frumkvæði og drifkraftur
- Jákvætt viðmót, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að vinna í hópi
- Góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar veita Helgi Þór Arason, forstöðumaður Markaðsviðskipta, í síma 410 7335 og Bergþóra Sigurðardóttir hjá Mannauði í síma 410 7907. Umsóknir merktar „Markaðsviðskipti – verðbréfamiðlun" fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 10. september næstkomandi.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

LANDSBANKINN.KT.471008-0280

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Mælingamaður óskast

Eykt ehf óskar eftir vönum mælingamanni til starfa við útsetningar og úttektir á mannvirkjum á vegum fyrirtækisins. Reynsla af vinnu við mælingar með alstöð er áskilin.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Eyktar. eykt@eykt.is undir **„Atvinna"** fyrir 6. september næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Heiðdís Búadóttir alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4415

Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400

BYGG

Kranamenn

Óskum eftir að ráða vana kranamenn í vinnu.
Mikil vinna fyrir vana menn.

Upplýsingar veitir Ingi í síma 693-7366

BYGG

Hellulagningarmenn óskast

Vanir menn óskast í hellulagningar og lóðafrágang.
Mikill vinna í boði fyrir vana menn.

Upplýsingar veitir Jón Hákon í síma 693-7319

Capacent Ráðningar

SPENNANDI STÖRF ERLENDIS

JARÐBORANIR

Jarðboranir eru stærsta fyrirtæki í heimi sem sérhæfir sig í öflun jarðhita. Sterkur heimamarkaður, áratuga reynsla af alþjóðlegum verkefnum, framúrskarandi starfsfólk og hátæknivæddur borfloti gera fyrirtækið samkeppnishæft hvar sem er í heiminum. Jarðboranir leggja áherslu á að njóta alþjóðlegrar viðurkenningar sem sérfræðingar á sínu sviði og efla stöðu sína sem áhugaverður fjárfestingarkostur.

Jarðboranir leita að öflugum verkefnastjóra og vélstjóra í lykilstöður hjá fyrirtækinu. Starfstöðvar viðkomandi eru erlendis. Um er að ræða fjölbreytt, umfangsmikil og krefjandi verkefni. Æskilegt er að viðkomandi aðilar gæti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.jardboranir.is.

VERKEFNASTJÓRI

Helstu verkefni:
- Verkefnastjórnun borverkefna
- Rekstur og áætlanagerð
- Stjórnun starfsmanna
- Innkaup og aðfangastjórnun
- Skipulag borverks
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila á svæðinu

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í verkfræði, tæknifræði, vélfræði eða skyldum greinum
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af rekstri og mannahaldi
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

VÉLSTJÓRI

Helstu verkefni:
- Daglegur rekstur hátæknibora
- Viðhald tækjabúnaðar
- Skráning í STAR viðhaldskerfi
- Önnur verkefni í samráði við yfirmann

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Gerð er krafa um 4. stig vélstjórnar með sveinspróf í viðurkenndri málmiðnaðargrein
- Reynsla af viðhaldi og rekstri vélbúnaðar
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Sveigjanleiki, reglusemi og áreiðanleiki

Umsóknarfrestur er til og með 15. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.
Umsókn um störfin þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Yfirmatreiðslumaður við Mývatn

566164
Reynihlíð hf. óskar eftir að ráða yfirmatreiðslumann á veitingastaði fyrirtækisins sem eru veitingahúsið Myllan í Hótel Reynihlíð, Gamlibærinn - bistro og bar og Café Reykjahlíð. Veitingastaðirnir eru allir mismunandi og bjóða fjölbreytt úrval veitinga, allt frá einföldum smáréttum, sérrétta matseðlum, hópmatseðlum og veisluhöld hvers konar.
Yfirmatreiðslumaður heyrir undir framkvæmdastjóra.

Í starfinu felst verkstjórn í eldhúsi, leiðsögn nema, matseðlagerð, tilboðsgerð, umsjón með innkaupum aðfanga, áætlanagerð og vöruþróun.
Vinnutími er breytilegur eftir álagstímum.

Leitað er að ábyrgum og traustum fagaðila með frumkvæði, hugmyndaauðgi og bragðlaukana í lagi. Viðkomandi þarf að hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum, hafa lag á að stjórna fólki og að stýra fjölbreyttu eldhúsi.
Starfsmannafjöldi er á bilinu 5-20 manns eftir árstímum.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Leiðtogi á sviði upplýsingatækniráðgjafar

Höfum verið beðin um að leita að sérfræðingi á sviði upplýsingatækniráðgjafar fyrir einn umbjóðenda okkar. Við leitum að traustum og sjálfstæðum einstaklingi sem þrífst í krefjandi umhverfi. Lögð er rík áhersla á áreiðanleika og vönduð vinnubrögð. Í boði er leiðtogastarf með miklum tækifærum hjá öflugu og traustu fyrirtæki.

Starfssvið

- Úttektir og ráðgjöf í UT málum
- Verkefnastjórnun
- Tilboðs- og samningagerð

Hæfniskröfur

- Reynsla af ráðgjöf í UT málum
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti
- Leiðtogahæfileikar og metnaður til að ná árangri
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

Kjörið tækifæri fyrir einstaklinga sem eru búnir að sanna sig sem ráðgjafar á sviði upplýsingatækni.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 9 september nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta
■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Verkefnisstjóri gæðamála

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Ráðuneytið fer með mál er varða m.a. náttúruvernd, friðlýsingar, veiðistjórn, mengunarvarnir, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt, landgræðslu, skipulagsmál og fræðslu á sviði umhverfismála.

Starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru 40 og skiptist starfsemi þess í fjórar skrifstofur: skrifstofu landgæða, skrifstofu hafs, vatns og loftslags, skrifstofu umhverfis og skipulags og skrifstofu fjármála og rekstrar.

*Nánari upplýsingar um ráðuneytið má finna á **www.umhverfisraduneyti.is***

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir að ráða starfsmann í nýtt starf verkefnisstjóra gæðamála. Viðkomandi heyrir beint undir ráðuneytisstjóra.

Helstu verkefni

- Verklagsmál og verkefnisstjórnun
- Halda utan um og fylgja eftir verkefnaáætlunum ráðuneytisins
- Leiða vinnu í áætlanagerð og skýrslugerð

Samkvæmt jafnréttisstefnu Stjórnarráðsins eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf er skilyrði
- Þekking á gæðamálum (þekking á ISO stöðlum æskileg)
- Þekking á skjala- og upplýsingatæknimálum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Nákvæm vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Góð tölvu- og upplýsingatæknikunnátta
- Góð samskiptahæfni, sveigjanleiki og þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í norðurlandamáli er æskileg

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Helga Rún Runólfsdóttir (**Helga@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.*

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta
■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Deildarstjóri - Heimili fyrir einstaklinga með vímuefnavanda

Laus er staða deildarstjóra á þremur heimilum fyrir einstaklinga sem eiga við vímuefnavanda að stríða. Eitt heimili er fyrir konur í neyslu og annað fyrir karla í neyslu. Ennfremur er eitt áfanga- og endurhæfingarheimili fyrir karla. Tilgangur og markmið starfsins er fyrst og fremst að auka lífsgæði heimilisfólks, draga úr líkamlegum, félagslegum og efnahagslegum skaða sem lífsstíll íbúa getur valdið þeim og að styðja þá til þess að laga sig að samfélaginu.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Umsjón með daglegri vinnu starfsfólks í samráði við forstöðumann, veita leiðsögn og tilsögn.
- Taka virkan þátt í áætlanagerð og skipulagsvinnu, m.a. í samráði við málsstjóra heimilisfólks á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.
- Teymisvinna á vegum Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.
- Leiða notendasamráð.
- Leiðbeina og þjálfa starfsfólk.
- Taka þátt í samstarfi við fagaðila svo sem heilbrigðisstofnanir o.fl.

Hæfniskröfur:
- Háskólapróf á sviði heilbrigðis-, mennta- eða félagsvísinda.
- Reynsla af vinnu með utangarðsfólki og reynsla af stjórnun.
- Þekking á hugmyndafræði skaðaminnkandi nálgunar og meðferðarvinnu áfengis- og vímuefnasjúkra.
- Jákvætt viðmót og samstarfshæfni.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Stefánsdóttir í síma 822-9754 eða með því að senda fyrirspurnir á sigridur.stefansdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf
Umsóknarfrestur er til 14. september 2013.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Ræsting - eldhús

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) óska eftir að ráða starfsmann í ræstingar og umsjón með eldhúsi í Fossvogi.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. október nk.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Eflingar.

Skriflega umsókn skal senda til Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík, fyrir 9. september n.k., merkta: "Ræsting - eldhús".

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jörgen G. Pétursson umsjónarmaður fasteigna KGRP, næstu daga í síma 585-2730 eða 899-7818.

Nánari upplýsingar um Kirkjugarðana má nálgast á Netinu:
http://www.kirkjugardar.is

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

MEDIS

Medis leitar að öflugum liðsmönnum til að slást í hóp 85 starfsmanna á Íslandi og erlendis. Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja. Velta fyrirtækisins er um 300 milljónir evra á ári og meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu.

Medis varð í fyrsta sæti 358 fyrirtækja á Íslandi sem uppfylltu skilyrði sem Creditinfo setti til að fá vottun sem Framúrskarandi fyrirtæki 2012 og lenti fyrirtækið einnig í fyrsta sæti árið 2011.

CREDITINFO
– forskot í krafti þekki

Marketing Manager

Starfið tilheyrir Commercial Affairs sviði Medis sem ber ábyrgð á markaðssetningu lyfjahugvits og samningagerð við önnur lyfjafyrirtæki. Megin verkefni viðkomandi mun vera að kynna og koma Medis á framfæri við önnur lyfjafyrirtæki í samheitalyfjaiðnaði (business to business). Mikil samskipti eru við aðra starfsmenn Medis. Um er að ræða tímabundið verkefni til 6 mánaða (með mögulegri framlengingu).

Helstu verkefni:

- Uppfærsla og endurbætur á heimasíðu og markaðsefni Medis
- Umsjón með útgáfu fréttabréfs Medis
- Greinaskrif (á ensku) og upplýsingagjöf til viðskiptavina Medis
- Gera Medis sýnilegt í viðeigandi samfélagsmiðlum og leitarvélum

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun á sviði markaðsfræði eða sambærilegu
- með framhaldsmenntun á sviði almannatengsla (kostur)
- með haldbæra reynslu af alþjóðamarkaðsfræði
- með mjög góða ensku- og tölvukunnáttu
- með þekkingu og reynslu af notkun stafrænna miðla
- sem býr yfir mikilli samstarfs- og skipulagshæfni

Business Development Manager

Starfið tilheyrir Business Development deild Medis sem ber ábyrgð á markaðssetningu og sölu á lyfjatengdu hugviti og lyfjum Actavis til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim.

Helstu verkefni:

- Tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini
- Samningaviðræður
- Leit að nýjum viðskiptatækifærum, auk virkrar þátttöku í áætlanagerð
- Samskipti við starfsfólk Medis og Actavis hérlendis sem erlendis

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun í lyfjafræði eða sambærilega menntun
- með starfsreynslu á sviði samningagerðar og krefjandi samskipta (kostur)
- með mjög góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem vinnur vel undir álagi og hefur hæfni til að fylgja verkefnum eftir
- sem býr yfir mikilli samstarfs- og skipulagshæfni
- sem er sveigjanlegur og setur ferðalög ekki fyrir sig

Customer Service Manager

Customer Service sér um samskipti við erlenda viðskiptavini, söluskrifstofur Medis erlendis, erlenda birgja og framleiðslueiningar Actavis í 10 mismunandi löndum. Deildin ber jafnframt ábyrgð á reikningagerð vegna vörusölu og kostnaðareftirliti.
Customer Service Manager er ábyrgur fyrir hópi erlendra viðskiptavina, er í daglegum samskiptum við þá og hefur yfirsýn yfir þarfir þeirra.

Helstu verkefni:

- Samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu
- Heildaryfirsýn yfir þarfir viðskiptavina
- Eftirfylgni og stuðningur við viðskiptavini Medis og framleiðslueiningar Actavis

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun sem nýtist í starfi
- með mjög góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli
- sem tileinkar sér nákvæm, ögguð og sjálfstæð vinnubrögð
- með góða samskiptahæfni

Fleiri laus störf á www.actavis.is.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is** undir **Störf í boði,** fyrir 8. september nk.

Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Nánari upplýsingar um störfin veita
Jenný Sif Steingrímsdóttir, **jsteingrimsdottir@actavis.is**
og Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, **risaksdottir@actavis.is**.

Actavis

Actavis Reykjavíkurvegi 76–78 220 Hafnarfirði
s 550 3300 **f** 550 3301 **@** actavis@actavis.is **w** www.actavis.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 13-2333

Hefur þú glöggt auga fyrir Smáatriðum?

strætó.is

Eftirlitsmaður óskast
Strætó bs. óskar eftir eftirlitsmanni í fullt starf. Eftirlitsmenn heyra beint undir sviðsstjóra skipulags- og þróunarsviðs. Starfið felst í að aðstoða vagnstjóra, leiðbeina þeim og viðskiptavinum og sjá til þess að allir fari eftir settum reglum. Um er að ræða mjög sveigjanlegan vinnutíma og mikilvægt að gott samstarf sé milli sviða og einstakra starfsmanna. Við leitum að duglegum og drífandi einstaklingi, starfsmanni sem vill starfa í lifandi umhverfi sem gerir kröfur um góð mannleg samskipti og staðfestu. Starfinu fylgja talsverð ferðalög út á land.

Helstu verkefni:
- Eftirlit með greiðslu fargjalda
- Eftirlit með ástandi og þrifum vagna
- Skráning á greiðsludreifingu
- Leiðbeining vagnstjóra
- Þátttaka í gæðakönnunum
- Aflestur sjóðsvéla og tæming bauka
- Ýmis önnur verkefni að beiðni sviðsstjóra

Hæfni- og menntunarkröfur:
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Tungumálakunnátta er mikill kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum er nauðsynlegt
- Viðkomandi þarf að vera talnaglöggur
- Frumkvæði og útsjónarsemi eru mikilvæg

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.
Skriflegri umsókn ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið gudfinna@straeto.is. Umsóknarfrestur er til og með **föstudeginum 13. september 2013**. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru í samræmi við ríkjandi kjarasamninga. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðfinna Ingjaldsdóttir, starfsmannastjóri. Umsóknum skulu fylgja starfsferilsskrár.

HRAÐLESTIN

S. 578 3838 - hradlestin.is

Störf hjá Hraðlestinni

Indverska veitingahúsið Hraðlestin óskar eftir starfsfólki í eldhús og sal, bæði í fulla vinnu og hlutastörf, jafnt á daginn sem á kvöldin.

Hraðlestin opnar innan skamms nýjan veitingastað í Kringlunni og störfin eru þar en einnig með möguleika á vinnu og vaktaskiptum á stöðum Hraðlestarinnar í Lækjargötu og Hverfisgötu auk Hlíðarsmára í Kópavogi.

Vinsamlegast sendið inn ítarlegar persónuupplýsingar og óskir um starf og vinnutíma á netfangið hradlestin@hradlestin.is

VERSLUNARSTJÓRI

Sérverslun í Miðbæ Reykjavíkur óskar eftir að ráða verslunarstjóra. Um er að ræða 100% starf. Leitum eftir starfskrafti með gott skap og hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfniskröfur:
- Geta unnið sjálfstætt
- Vera vanur afgreiðslustörfum
- Góð þekking á hannyrðum (prjónaskap ofl.)
- Enskukunnátta
- 35-60 ára
- Tölvukunnátta (excel, word, facebook)
- Þarf að geta hafið störf sem fyrst

Umsóknir skulu sendar á tinna@tinna.is

Ásta Andrésdóttir, sérfræðingur

Við leitum að fjölhæfum sérfræðingi í snjallsíma og farsímakerfum

Síminn leitar að öflugum sérfræðingi á sviði virðisaukandi þjónustu í farsímakerfum. Starfið felur í sér rekstur og þróun skilaboðakerfa Símans og rekstur stillingakerfa fyrir SIM kort og handtæki. Auk þess er um að ræða rekstur og þróun/forritun á ýmsum tengdum kerfum og nýjum lausnum sem tengjast farsímaþjónustu.

Menntun og reynsla:
· Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun
· Reynsla af Java forritun og rekstri Linux netþjóna æskileg
· Reynsla af Python eða PHP æskileg

Persónueiginleikar:
· Jákvæðni og frumkvæði
· Mikil samskiptalipurð og hæfni til að vinna í hópi
· Skipulagshæfileikar og ögguð vinnubrögð
· Heilindi og vinnusemi

Umsóknarfrestur er til og með 8. september 2013

Fyrirspurnir berist til Halldóru Jónsdóttur (halldoraj@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM58988

Seltjarnarnesbær

Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness

Leikskólakennara og leiðbeinendur vantar til starfa með yngri börnum skólans

Nánari upplýsingar veita Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri **soffia@nesid.is** og Anna Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri **annaha@nesid.is** í síma 5959-280/290

Leikskóli Seltjarnarness er sameinuð fag- og rekstrareining með um 195 börnum. Leikskólinn starfar í þremur starfstöðvum.
Nánari upplýsingar um leikskólann má finna á vefnum leikskoli.seltjarnarnes.is

Grunnskóli Seltjarnarness

Kennara vantar í 80% starfshlutfall.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Nánari upplýsingar veitir Ólína Thoroddsen skólastjóri, olina@grunnskoli.is Sími: 595 9200
Umsækjendur eru beðnir að senda umsóknir rafrænt á netfangið **olina@grunnskoli.is** eða **grunnskoli@grunnskoli.is**
Nánari upplýsingar um skólann má finna á vefnum grunnskoli.is

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um störf.

Umsóknarfrestur er til 8. september næstkomandi.

Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar

www.seltjarnarnes.is

TOYS"R"US
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

Our store in Reykjavik is looking for an

ASSISTANT STORE MANAGER

Working in close cooperation with the Store Manager, you will be in charge of the daily functions in the store. Your responsibilities will include the following:

- Recruiting, motivating and guiding the new and existing employees
- Being involved in sales, customer service, stock and keeping up the appearance of the store
- Making sure the store is always at top condition and that the shelves are filled with relevant items, depending on the season
- Providing continuous feedback to employees by recognizing and rewarding successful performance and addressing performance-related problems
- Supervising all pricing and signing activities throughout the store
- Total store maintenance, including interior, exterior, equipment and grounds
- Acting as a role model of appropriate loss prevention
- Supervision and follow-up with other departments in Store Manager's absence

You take on all tasks with enthusiasm and you are no stranger to physical work either. You have the will and energy to constantly develop in a rapidly growing organisation, which offers great career opportunities.

You are the person we are seeking, if you:

- Have some previous retail experience
- Possess natural leadership skills
- Know the meaning of good customer service and have the ability to inspire staff
- Are positive, confident and energetic by nature
- Have a sales oriented attitude that will guide other employees to great results
- Can express yourself in English
- Speak fluent Icelandic

Our company culture is youthful, result oriented and down to earth. We offer a versatile job in the biggest toy retailer in the Nordic Countries, a competitive salary, result based bonus and many staff benefits. Our staff management is based on employee development in a positive atmosphere, the focus being on making children happy.

The employment is full time and will begin as soon as we find the right person.

For further information on the position, please contact Sverrir Hjálmarsson recruitment consultant at HH Ráðgjöf, tel. 561 5900.

If you are interested in the job and ready to take on new challenges, apply as soon as possible. Applications for this vacancy are to be submitted online at **www.hhr.is**

TOYS"R"US in the Nordic Countries is a popular megastore chain selling high-quality children´s toys. We are known for our broad range of products and competitive prices while focusing on excellent customer service. Altogether we have over 45 stores in five different countries. TOYS"R"US is a part of TOP-TOY A/S Group. You can read more about us at www.toysrus.is.

Kruðerí Kaffitárs

Hefur þú brennandi áhuga á góðum mat og kaffi?

Kruðerí Kaffitárs auglýsir eftir áhugasömum og kraftmiklum starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf.

Störfin
Afgreiðsla í Kruðeríi Kaffitárs ásamt öðrum störfum sem falla til.

Starfssvið
Í störfunum felast framreiðsla á fyrsta flokks mat, afgreiðsla og framreiðsla á kaffidrykkjum.

Hæfniskröfur
Við leitum að jákvæðum einstaklingum með góða samskiptahæfni og þjónustulund. Áhugi á matargerð og kaffi er mikill kostur. Starfsmenn munu fá þjálfun í gerð kaffidrykkja.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum með ferilskrá og kynningu má skila með tölvupósti á kria@kruderi.is. Frekari upplýsingar veita Kristín Þóra Jökulsdóttir eða Björn Bragi Bragason í síma 420-2743.

Kruðerí Kaffitárs sér um framleiðslu á öllu kruðeríi í Kaffihúsum Kaffitárs ásamt því að bráðlega verður opnuð veitingasala og kaffihús að heimkynnum þess á Nýbýlavegi 12 í Kópavogi. Kruðerí stendur fyrir girnilegar og gómsætar veitingar. Áhersla er lögð á hreinleika, þ.e að vörurnar séu án aukaefna, og handgerðar á Íslandi.

https://www.facebook.com/Kruderi



ÍSLENSKA SIA.IS ITS 65418 08/13

SÉRFRÆÐINGUR Á VERKFRÆÐIDEILD

Tækniþjónusta Icelandair (ITS) á Keflavíkurflugvelli óskar eftir verkfræðingi/sérfræðingi í eftirlit með burðarvirki og innréttingum flugvéla (Interior/Structures Engineer).

STARFSSVIÐ – HELSTU VERKEFNI

- Eftirlit með viðhaldi burðarvirkis, innréttingum og lendingarbúnaði flugvéla
- Afgreiðsla lofthæfifyrirmæla og breytinga frá framleiðendum
- Verkfræðiaðstoð við viðhald flugvéla og viðvarandi lofthæfi
- Umsjón tæknigagna er snúa að viðvarandi lofthæfi flugvéla
- Fylgjast með og skrá þyngdar- og jafnvægisbreytingar
- Mat á skemmdum á flugvélum og skráning viðgerða
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og íhluta
- Verkefnastjórnun og kostnaðareftirlit
- Greining á upplýsingum varðandi áreiðanleika íhluta

HÆFNISKRÖFUR

- Próf í verkfræði eða tæknifræð, t.d. flugvéla-, véla- eða byggingarverkfræði
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla, úrvinnslu áreiðanleikagagna og LEAN vinnuaðferða, er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta þ.m.t. þekking á teikni- og textaforritum
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Fyrirspurnum svara:
Unnar M. Sumarliðason | unnar@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 11. sep. 2013.

ICELANDAIR

Nokkur sæti laus

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

„Að gera daglegt líf fólks þægilegra fyrir sem flesta" er sú hugmyndafræði sem við hjá IKEA höfum að leiðarljósi. Við leitum nú að fólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur eftir þeirri hugmyndafræði. Við vinnum saman að því að bjóða alltaf upp á breitt vöruúrval, góða og hagnýta hönnun og lágt vöruverð sem flestir ráða við.

IKEA er rótgróið fyrirtæki þar sem um 250 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu. Starfsemi fyrirtækisins býður upp á skapandi og skemmtileg störf í lifandi alþjóðlegu umhverfi þar sem miklir möguleikar eru á að þróast og vaxa í starfi. Deildir fyrirtækisins eru margar og störfin því fjölbreytt. Stuðlað er að lifandi og notalegu starfsumhverfi þar sem jákvæðni er höfð að leiðarljósi.

Erum að ráða í fjölbreytt störf í versluninni. Kynntu þér málið á www.IKEA.is

IKEA®

FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.

Sérfræðingar á fiskveiðistjórnunarsvið Fiskistofu

Lausar eru til umsóknar tvær stöður sérfræðinga á fiskveiðistjórnunarsvið. Annars vegar er um að ræða stöðu sérfræðings sem heyrir beint undir sviðsstjóra og hins vegar stöðu sérfræðings hjá aðgerða- og greiningadeild eftirlits. Í báðum tilvikum er um fullt starf að ræða á aðalskrifstofu Fiskistofu að Dalshrauni 1, í Hafnarfirði og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Fiskveiðistjórnunarsvið Fiskistofu annast m.a. veiðieftirlit á sjó og landi, gefur út veiðileyfi, úthlutar aflaheimildum, staðfestir flutning þeirra á milli fiskiskipa og hefur eftirlit með stöðu aflaheimilda. Sviðið rannsakar brotamál og tekur eftir atvikum ákvarðanir um beitingu viðurlaga. Aðgerða- og greiningadeild eftirlits er hluti af fiskveiðistjórnunarsviði. Helstu verkefni deildarinnar eru rannsóknir, greining, fræðsla og framþróun veiðieftirlits. Deildin innleiðir áhættugreiningu og áhættumat við fiskveiðieftirlit og sinnir rannsókn brotamála.

Í boði eru lifandi og fjölbreytt störf þar sem áhersla er lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt hæfni til teymisvinnu, frumkvæði og greiningarstarf.

Sérfræðingur I

Helstu verkefni:

- Vinna að uppbyggingu og framþróun á sviði veiðieftirlits
- Bréfaskriftir, gerð minnisblaða og greinargerða er varða verkefni sviðsins
- Áhættugreining og úrvinnsla gagna
- Þátttaka í vinnuhópum innan og utan stofnunar fyrir hönd sviðsins
- Erlent samstarf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð þekking eða reynsla á sviði sjávarútvegs
- Frumkvæði og drifkraftur
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð kunnátta og færni í ensku og kunnátta í einu Norðurlandamáli
- Reynsla af stjórnsýslu æskileg

Sérfræðingur II (aðgerða- og greiningadeild)

Helstu verkefni:

- Áhættugreining og úrvinnsla gagna úr gagnagrunnum
- Rannsóknir og samstarf við almennt veiðieftirlit Fiskistofu
- Eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla
- Þátttaka í vinnuhópum
- Þátttaka í þjálfun og endurmenntun eftirlitsmanna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sjávarútvegsfræðingur eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og drifkraftur
- Mjög góð tölvuþekking
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af störfum á sviði sjávarútvegs æskileg

Nánari upplýsingar um störfin veita Hrefna Gísladóttir, sviðsstjóri fiskveiðistjórnunarsviðs og Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, deildarstjóri aðgerða- og greiningadeildar eftirlits í síma 5697900.

Umsóknir, sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta, sendast á netfangið starf@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar: **„Sérfræðingur I - fiskveiðistjórnunarsvið" eða „Sérfræðingur II - aðgerða- og greiningadeild".**

Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2013.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag innan BHM. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Nuddari óskast til starfa á snyrti, nudd og fótaaðgerðarstofu í Mosfellsbæ

Einnig óskum við eftir fótaaðgerðarfræðing í afleysingar.
Áhugasamir hafið samband á netfangið
fanney@likamiogsal.is

Reykhólahreppur laus störf

Störf í mötuneyti Reykhólahrepps laus til umsóknar.

Mötuneyti Reykhólarhepps er sameiginlegt mötuneyti fyrir Reykhólaskóla og Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð. Þar starfa að jafnaði þrír starfsmenn.

Aðstoðarmatráður;
Gerð er krafa um þekkingu og reynslu á eldhússtörfum og matreiðslu. Starfar í mötuneyti við matargerð og þrif. Vinnur sjálfstætt eftir fyrirmælum matráðs við bakstur og matargerð. Starfshlutfall er 80 - 100%. Unnið er á vöktum, aðra hverja helgi.

Astoðarmaður í mötuneyti;
Starfar í mötuneyti við mataskömmtun, aðstoð við matargerð og þrif undir leiðsögn matráðs. Starfshlutfall 50%.

Óskum eftir fólki með þjónustuvilja og metnað.
Störfin eru laus nú þegar.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið sveitarstjori@reykholar.is eða á skrifstofuReykhólahrepps, Maríutröð 5, 380 Reykhólahreppi.

Nánari upplýsingar veitir Ingvar Samúelsson matráður í síma 846-5790.

Það er gott að búa í Reykhólahreppi.

STARFSNÁM \ INTERN



PIPAR\TBWA auglýsir tvær stöður í starfsnámi við markaðssetningu á netinu.

Viðkomandi munu fá þjálfun í PPC markaðssetningu, Facebook-auglýsingum, Google AdWords, Spoton, content marketing og mælingum á auglýsingaborðum með Google analytics ásamt markaðssetningu gegnum síma og spjaldtölvur. Námið fer fram hjá PIPAR\TBWA með sérfræðingum okkar, ásamt því að viðkomandi munu sækja námskeið á Írlandi á vegum PIPAR\TBWA.

Starfsnámið er 3 launaðir mánuðir með framtíðarstarf í huga.

Hæfniskröfur

\ Háskólamenntun sem nýtist í starfi
\ Mjög gott vald á tölfræði
\ Brennandi áhugi á markaðsmálum
\ Brennandi áhugi á netmarkaðssetningu
\ Gott skap og áhugi á teymisvinnu

Umsækjendur eru beðnir um að fylla út umsóknarformið á Facebook-síðu stofunnar, *facebook.com/pipartbwa*, fyrir 7. september.

PIPAR\TBWA

PIPAR\TBWA \ Tryggvagötu 17 \ 101 Reykjavík \ Sími 510 9000 \ www.pipar-tbwa.is

Hjá PIPAR\TBWA starfa yfir 40 manns. Stofan er sú fyrsta á landinu sem hefur sérdeild samfélagsvefja, en þar starfa þegar sex sérfræðingar. PIPAR\TBWA er hluti af TBWA sem er ein af framsæknustu samstarfskeðjum auglýsingastofa í heiminum. Þar starfa rúmlega 11.000 manns á 274 stofum í 100 löndum.

PIPAR \ MEDIA

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Sveinbjörn Bjarki Jónsson, sérfræðingur

Þjónustulundaður tæknimaður á Austurlandi

Starfið felur í sér ráðgjöf og vinnu tengda IP símkerfum-, tölvu- og netþjónustu. Einnig sinnir tæknimaður verkefnum sem snúa að rekstri upplýsingakerfa ásamt tilfallandi verkefnum.

Menntun og hæfni:
- Menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Þekking á Microsoft server umhverfi
- Þekking á Windows stýrikerfum
- Þekking á netkerfum góður kostur

Persónueiginleikar:
- Kraftur og frumkvæði
- Lausnahugsun og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til hópvinnu
- Góðir skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfsstöð verður á Reyðarfirði. Starfið heyrir undir rekstrareiningu Símans á Akureyri sem þjónustar viðskiptavini á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Hjá Símanum á Akureyri starfa alls 18 manns.

Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2013

Fyrirspurnir berist til Halldóru Jónsdóttur (halldoraj@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM58196

HÓTEL KEA

VEITINGASTJÓRI

Hótel Kea óskar eftir að ráða veitingastjóra.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi stjórnunarstarf.
Á Hótel Kea er fjölbreyttur veitingarekstur auk þess sem mikið er um fundi og ráðstefnur á hótelinu. Múlaberg bistro & bar sem opnaði í sumar, eykur enn á fjölbreytileika Hótels Kea og hefur fengið vægast sagt góðar viðtökur.

Við leitum að öflugum og hugmyndaríkum einstaklingi.

Starfs og ábyrgðarsvið
Sölu og markaðsmál
Dagleg stjórnun
Starfsmannahald
Vöruinnkaup

Menntunar og hæfniskröfur:
Menntun sem nýtist í starfi æskileg
Mikil reynsla í framreiðslu
Góð samstarfs og samskiptahæfni
Mikið frumkvæði og skipulagshæfileikar

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið óskast sendar á netfangið hek@keahotels.is, merkt "Veitingastjóri" fyrir 13. september n.k.

SÖLUSÉNÍ ÓSKAST

Við leitum að söluséní í krefjandi og skemmtilegt sölustarf á SkjáEinum.

Hæfniskröfur:

- Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á sjónvarpi og sölumennsku.
- Þessi snillingur þarf að vera áræðinn, skapandi og tilbúinn að leggja sig allan fram í starfi.

Áhugasamir sendið póst á solumadur@skjarinn.is

VERTU MEÐ Í FJÖRINU!

www.skjarinn.is - 595 6000

Skjárinn á og rekur SkjáEinn, SkjáBíó, SkjáHeim, SkjáGolf og K100.5

SKJÁREINN

Sölumaður

Fyrirtæki með áratuga reynslu af þjónustu við byggingariðnað, málmiðnað og bifreiðaverkstæði óskar eftir að ráða vanan sölumann til sölu á verkfærum og rekstrarvöru fyrir byggingarverktaka, vélsmiðjur, blikksmiðjur og bifreiðaverkstæði. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af útisölu og geta unnið sjálfstætt. Umsóknir sendist Fréttablaðinu merktar **box@frett.is merktar „Sölumaður-3108"**

Vinakot auglýsir laus störf til umsóknar.

Við leitum af einstaklingum sem hafa eldmóð, áhuga, er sveigjanlegt, með hlýtt viðmót og geta unnið eftir viðurkenndum aðferðum í umönnun barna og unglinga með fjölþættan hegðunarvanda.

Fyrirtækið Vinakot er úrræði ætlað börnum á aldrinum 12-18 ára sem eru að glíma við fjölþættan hegðunarvanda og þurfa m.a. búsetu, umönnun, stuðning og ráðgjöf til að ná tökum á sínu lífi.

Rík áhersla er lögð á að vera í góðum tengslum við heimili og aðstandendur þjónustunotenda.

Við erum að leita eftir einstaklingum sem hafa menntun og/eða reynslu af vímuefnaráðgjöf, þroskaþjálfun, tómstundarfræðum, sálfræði eða félagsráðgjöf.

Umsóknarfrestur er til 7. september.

Áhugasamir eru hvattir til að senda ferilskrá sína á adalheidur@vinakot.is

Tjarnarbíó auglýsir eftir markaðs- og miðasölustjóra

Um er að ræða 50% starf. Viðkomandi hefur yfirumsjón með rekstri miðasölu sem er opin alla virka daga í þrjár klukkustundir ásamt einum klukkutíma fyrir viðburði sem eru oftast á kvöldin og um helgar. Regluleg uppfærsla á heimasíðu og miðasölukerfis. Umsjón með móttöku gesta og utanumhald á skipulagningu vakta sætavísa. Einnig daglegt uppgjör miðasölu ásamt öðrum tilfallandi störfum í samráði við framkvæmdastjóra Tjarnarbíós. Starfsemi Tjarnarbíós er fjölbreytt sem krefst mikils sveigjanleika. Jafnframt felur starfið í sér að halda utan um markaðsstarf, s.s. birtingar auglýsinga og margvíslegt kynningarstarf í samstarfi við leigutaka og framkvæmdastjóra.

Hæfniskröfur:
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Almenn tölvukunnátta. (samfélagsmiðlar, uppfærsla á heimasíðu ásamt greinargóðri þekkingu á ritvinnslu og töflureykni).
- Hæfileiki til að tjá sig á íslensku og ensku í riti og tali.
- Reynsla af markaðsmálum æskileg.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 9. september.
Umsóknir skulu sendar á tjarnarbio@leikhopar.is

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Gunnsteinsson: leikhopar@leikhopar.is

Bifvélavirki eða bílaumsjónarmaður
óskast til starfa á Max1 Bíldshöfða 5a

Stutt lýsing á starfi:
- Bilanagreining á fólksbifreiðum
- Viðgerðir á fólksbifreiðum

Hæfniskröfur
- Sveinspróf í bifvélavirkjun eða einstaklingur með reynslu af bílaviðgerðum
- Gilt bílpróf skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Heiðarleg(ur) og áreiðanleg(ur)
- Stundvís
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt
- Grunnþekking á tölvur (PC/Windows umhverfi)
- Góð íslensku- og enskukunnáttu

Max1 hraðþjónustuverkstæði sérhæfir sig í hjólbarðaþjónustu, bremsuþjónustu, smurþjónustu, demparaþjónustu og annarri smáþjónustu fyrir bíla.

Skelltu þér á max1.is og sæktu um.
Viðkomandi þar að geta hafið störf sem fyrst.
Nánari upplýsingar veitir Margrét Rut Jóhannsdóttir, í síma 515 7088.

Umsóknarfrestur er til 9. september
Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér

MAX1 BÍLAVAKTIN

Dressmann XL

Starfsfólk óskast til starfa í nýrri verslun okkar í Smáralind

Starfsmaður í verslun virka daga 80-100% starf
Æskilegur aldur 20 ára eða eldri

Starfssvið:
- Almenn afgreiðslu og sölustörf í verslun
- Móttaka sendinga vikulega og útstillingar á vörum
- Lager vinna
- Staðgengill verslunarstjóra í fjarveru hans

Einnig vantar sölumenn í verslun okkar um helgar
Æskilegur aldur 18 ára eða eldri

Starfssvið:
- Almenn afgreiðslu og sölustörf í verslun

Um er að ræða vinnu aðra hvora helgi og fimmtudagskvöld

Ef þú hefur áhuga á að vinna hjá okkur og ert með söluhæfileika og bros sem enginn getur staðist þá viljum við hitta þig á skrifstofu okkar á 3ju hæð í Smáralind mánudaginn 2. september frá kl 14-18.

Nánari upplýsingar í síma 868 5524

Hlökkum til að hitta ykkur

XL Dressmann

Hjúkrunarfræðingur óskast

Óskum eftir hjúkrunarfræðingi til starfa á Hrafnistu í Hafnarfirði, starfshlutfall samkomulag. Einnig getum við bætt við okkur hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarnemum á helgarvaktir.

Umsóknir berist til Árdísar Huldu Eiríksdóttur forstöðumanns Hrafnistu í Hafnarfirði, sem veitir nánari upplýsingar í síma 693 9502 og hjá ardishulda@hrafnista.is. Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum. Umsóknum þarf að skila fyrir 10 september 2013.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á **www.hrafnista.is**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Hjúkrunarfræðingur með reynslu af hjúkrun
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

VIÐ BÆTUM Í HÓPINN

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · OPEL · RENAULT · NISSAN · DACIA

BL óskar að ráða gjaldkera á skrifstofu

Starfssvið:
- Almenn gjaldkerastörf, afstemmingar og önnur almenn skrifstofustörf.

Hæfniskröfur:
- Haldgóð menntun og reynsla sem nýst getur í starfið. Unnið er á Microsoft Dynamics NAV bókhaldskerfi.

Vinnutími er mánudaga-föstudaga frá kl. 9.00-17.00. Gerð er krafa um skipulögð og fagleg vinnubrögð, stundvísi og lipurð í mannlegum samskiptum.

Sótt er um starfið með því að senda tölvupóst á starfsumsokn@bl.is. Umsóknarfrestur er til 7. september nk. Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri, netfang: hrafnhildur.hauksdottir@bl.is

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM59001

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Verkefnastjóri frístundaklúbbs

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra í 70%-100% starf til að stýra frístundaklúbbi fyrir fötluð börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Starfsemin heyrir undir skrifstofu tómstundamála og næsti yfirmaður er æskulýðsfulltrúinn í Hafnarfirði.

Helstu verkefni:
- Umsjón og ábyrgð með starfsemi frístundaklúbbs
- Skipulagning og framkvæmd verkefna
- Fagleg forysta
- Samskipti og samstarf við samstarfsaðila og forráðamenn

Menntunar og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í þroskaþjálfafræði, tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg háskólamenntun á uppeldissviði
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Reynsla af starfi með börnum og unglingum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um þessi störf.

Nánari upplýsingar veitir Geir Bjarnason, starfandi æskulýðsfulltrúi Hafnarfjarðar eða Andri Ómarsson, verkefnastjóri á skrifstofu tómstundamála. Senda má fyrirspurnir á ith@hafnarfjordur.is eða hafa samband við skrifstofu tómstundamála í síma 585-5500.

Umsóknarfrestur er til og með 5. september næstkomandi. Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar **„Verkefnastjóri frístundaklúbbs"** eða með rafrænum hætti á ith@hafnarfjordur.is

HAGKAUP KRINGLUNNI

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Hagkaup óskar eftir að ráða sérfræðing í osta- og sælkeraborð Kringlunnar. Starfið er fólgið í almennum rekstri á sælkeraborði, pöntunum á vörum, samskiptum við birgja, starfsfólk verslana og viðskiptavini.

- Nauðsynlegt er að viðkomandi sé lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður, geti unnið sjálfstætt og hafi metnað fyrir því að ná árangri í starfi. Æskilegt er að viðkomandi sé matreiðslumaður eða matgæðingur og hafi menntun og/eða reynslu á því sviði.
- Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Hagkaups í Holtagörðum eða í tölvupósti á krmsolustj@hagkaup.is.
- Allar nánari upplýsingar veitir Eddi í síma 563 5000.

HAGKAUP
Ein fers betra vers

Matreiðslumaður hjá Múlakaffi

Matreiðslumann vantar á vaktir í veislueldhús Múlakaffis í Hallarmúla. Almenn störf matreiðslumanns og verkefni í samráði við yfirmann. Unnið er á 12 tíma vöktum – 2 2 3 fyrirkomulag. Við leitum að matreiðslumanni sem hefur tilskylda menntun í starfið. Reynsla, dugnaður, brennandi áhugi og þægilegt viðmót er það sem skiptir sköpum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Hildur Erla Björgvinsdóttir**, hildur@radum.is, í síma 519 6770. Umsóknarfrestur er til 7.september n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, www.radum.is.

MÚLAKAFFI

Múlakaffi er 50 ára gamalt rótgróið fjölskyldufyrirtæki. Reksturinn er fjórskiptur - Múlakaffi veitingastaður, Múlakaffi veisluréttir, Múlakaffi veitingasalir og Múlakaffi rekstur mötuneyta. Hjá fyrirtækinu starfar einvalalið matreiðslu- og framreiðslumanna og er starfsaldur hár. Múlakaffi býr að langri reynslu í matargerð og státar af þekkingu og sérhæfingu sem nútímaleg veislutilefni krefjast.

Borgartúni 3 105 Reykjavík www.radum.is radum@radum.is Sími 519 6770

GLUGGAR - ÚTIHURÐIR - INNRÉTTINGAR

MÁLARI OG SMIÐIR ÓSKAST

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum í hóp okkar starfsmanna

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf sem fyrst

- Málara sem hefur yfirumsjón með yfirborðsfrágangi glugga, útihurða og innréttinga.
- Trésmiði í véla og samsetningarsal.

Umsóknir sendist á einar@selos.is.

SELÓS

Stofnað 1973

Selós // Gagnheiði 72 // Selfoss // Sími 482 4100

www.selos.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.
Skráning er umsækjendum að kostnaðarlausu.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Starfagátt STARFs

Atvinnuleitendur

Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs

www.starfid.is

STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnumarkaðsúrræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hagfræðingur/viðskiptafræðingur

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir hagfræðingi eða viðskiptafræðingi til starfa á skrifstofu lífskjara og vinnumála. Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.
Meginhlutverk skrifstofu lífskjara og vinnumála er að móta stefnu stjórnvalda á sviði almannatrygginga, húsnæðismála, jafnréttismála, fjármála heimilanna, vinnuverndar og vinnumála, þar á meðal atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Markmiðið er að sem flestir fái notið sín í íslensku samfélagi óháð efnahag og aðstæðum að öðru leyti.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í hagfræði eða viðskiptafræði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla og þekking á húsnæðismarkaði og lána starfsemi eða sambærilegum verkefnum/störfum
- Öryggi og reynsla í meðferð, greiningu og úrvinnslu gagna. Áhersla er lögð á færni í notkun töflureikna
- Reynsla og færni í miðlun og framsetningu á efni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli

Helstu verkefni sem falla undir starfið snúa að skuldamálum heimilanna, húsnæðismálum ásamt ýmsum hagfræðilegum verkefnum á sviði efnahags-, félags- og velferðarmála.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri, í síma 545 8100. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 15. september nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Velferðarráðuneytinu,
29. ágúst 2013.

Stormur Seafood

Lyftaramaður

Óskum eftir að ráða vanan lyftaramann í fiskvinnslu okkar Í Hafnarfirði.

Umsóknir sendist sem fyrst á atvinna@stormurseafood.is

Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík

Ræstingar/kvöldvinna

Starfskraftur óskast til ræstinga 4 kvöld í viku (mán-fim) og einn helgidag.

Hafið samband við skrifstofu Suzukitónlistarskólans í Reykjavík alla virka daga kl. 10-12 í síma 551-5777.

Óskum eftir duglegu sölufólki til að starfa með okkur.
Réttindi til fasteignasölu (löggilding) æskileg og/eða reynsla af sölu fasteigna.
Önnur starfsreynsla kemur til greina.

Hvetjum **konur** jafnt sem **karla** til að hafa samband.
Frábær starfsaðstaða og góðir tekjumöguleikar.
Ferilsskrá sendist á hofudborg@hofudborg.is

www.hofudborg.is

Seltjarnarnesbær

Laus störf

Leikskóli Seltjarnarness

Leikskólakennara og leiðbeinendur vantar til starfa með yngri börnum skólans

Nánari upplýsingar veita Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri **soffia@nesid.is** og Anna Harðardóttir aðstoðarleikskólastjóri **annaha@nesid.is** í síma 5959-280/290

Leikskóli Seltjarnarness er sameinuð fag- og rekstrareining með um 195 börnum. Leikskólinn starfar í þremur starfstöðvum.
Nánari upplýsingar um leikskólann má finna á vefnum leikskoli.seltjarnarnes.is

Grunnskóli Seltjarnarness

Kennara vantar í 80% starfshlutfall.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Nánari upplýsingar veitir Ólína Thoroddsen skólastjóri, olina@grunnskoli.is Sími: 595 9200
Umsækjendur eru beðnir að senda umsóknir rafrænt á netfangið **olina@grunnskoli.is** eða **grunnskoli@grunnskoli.is**
Nánari upplýsingar um skólann má finna á vefnum grunnskoli.is

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um störf.

Umsóknarfrestur er til 8. september næstkomandi.

Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar

www.seltjarnarnes.is

Rafvirki

Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða rafvirkja til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur í sér viðgerðir og þjónustu á heimilistækjum og öðrum rafbúnaði, afgreiðslu varahluta, símsvörun og ýmis önnur störf á þjónustuverkstæði okkar.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum **rafvirkja** eða **manni með sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki á rafmagnssviði.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf **fyrir þriðjudag 3. september**.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, **www.sminor.is**.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem algjört trúnaðarmál.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Umbrotsmann/grafískan hönnuð vantar til starfa á Fréttablaðinu



Óskað er eftir vönum umbrotsmanni eða grafískum hönnuði sem hefur gott vald á grafíkvinnu.
Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á InDesign, Illustrator og Photoshop.
Umsækjendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og undir miklu álagi.
Um vaktavinnu er að ræða.
Áhugasamir sæki um starfið ekki síðar en 13. september nk.
Eingöngu er tekið við umsóknum á vef 365 miðla – www.365midlar.is.

Frekari upplýsingar veitir Sæmundur Freyr Árnason, framleiðslustjóri Fréttablaðsins, sfa@frettabladid.is.

365

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

Ullarkistan óskar eftir starfsmanni í **fullt starf** í verslun okkar á Laugavegi.

Vinnutími er frá 10-18 virka daga og eitthvað um helgar.
Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:
* Rík þjónustulund.
* Jákvæðni.
* Færni í mannlegum samskiptum.
* Samviskusemi, stundvísi og reglusemi.
* Reykleysi.

Umsókn ásamt ferilskrá og mynd sendist á:
ullarkistan@gmail.com
fyrir 7.september

Ullarkistan

Kórdrengir óskast

DKR

Söngelskir og áhugasamir drengir á aldrinum 8-12 ára, velkomnir í áheyrnarprufu hjá Drengjakór Reykjavíkur í Hallgrímskirkju mánudaginn 2. september kl:17. Spennandi verkefni framundan.

Skráning er hjá kórstjóra Friðriki S. Kristinsyni á netfanginu **fsk@kkor.is.**
Nánari upplýsingar um kórinn eru á heimasíðu hans **www.drengjakor.is**

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

SKURÐHJÚKRUN

Hjúkrunarfræðingur

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á skurðstofum Landspítala við Hringbraut.

Á skurðstofunum er veitt sérhæfð og umfangsmikil þjónusta við sjúklinga. Unnið er eftir hugmyndafræði um einstaklingshæfða hjúkrun. Vinnuskipulag tekur mið af vaktafyrirkomulagi skurðstofa.

Við leitum eftir jákvæðum, duglegum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingi sem er tilbúinn að leggja okkur lið við að veita framúrskarandi þjónustu. Á deildinni ríkir góður starfsandi, hátt hlutfall reyndra hjúkrunarfæðinga og einhugur um að taka vel á móti nýjum hjúkrunarfræðingum til starfa.

Helstu verkefni og ábyrgð
» Hjúkrunarfræðingur starfar í skurðaðgerðum samkvæmt teymisskipulagi deildar
» Hjúkrunarfræðingur ákveður, skráir og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við þarfir skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu og vinnureglum deildar

Hæfnikröfur
» Sérnám í skurðhjúkrun og/eða mikil starfsreynsla á skurðstofum
» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2013.
» Starfshlutfall er 80-100% og er starfið laust frá 1. október 2013 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veita Erlín Óskarsdóttir, deildarstjóri, netfang erlin@landspitali.is, sími 825 3588 og Helga Guðrún Hallgrímsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, netfang helgahal@landspitali.is, sími 863 3155.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Vantar þig bókara eða skrifstofumann

Töluglöggan viðskiptafræðing af endurskoðunarsviði með mikla reynslu getur bætt við sig sem svarar til hálfsdags vinnu hvort sem er í skamman eða langan tíma og jafnvel hjá fleirri en einum aðila. Hef mikla reynslu við bókhald, fjármál minni fyrirtækja og skipulagningu þeirra.
Ég get bæði unnið hjá þér eða á minni skrifstofu.
Hef unnið bæði sjálfstætt og undir annarra stjórn.

Fyrirspurnir eða nánari upplýsingar fást á netfanginu Gunnar@sulta.is.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

SJÚKRAÞJÁLFUN GRENSÁSI

Sjúkraliði/ sérhæfður starfsmaður við sundlaug

Laust er til umsóknar starf sjúkraliða/ sérhæfðs starfsmanns við sundlaug Grensáss.

Helstu verkefni og ábyrgð
» Móttaka sundlaugargesta/ skráning
» Öryggisvarsla og eftirlit með laugargestum
» Aðstoð við böðun sjúklinga, klæðnað og flutning í og úr laug
» Ýmis önnur verkefni er til falla innan sjúkraþjálfunar

Hæfnikröfur
» Sjúkraliðamenntun eða reynsla af umönnun
» Árvekni, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfileikar
» Góð sundkunnátta
» Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2013.
» Starfshlutfall er allt að 95% og er starfið laust frá 15. september 2013 eða eftir samkomulagi.
» Upplýsingar veitir Sigrún Knútsdóttir, yfirsjúkraþjálfari, sigrunkn@landspitali.is, sími 543 9104.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

HORNAFJÖRÐUR

FAS
FRAMHALDSSKÓLINN Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Bókasafns- og upplýsingafræðingur með kennsluréttindi

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) ásamt Hornafjarðarsöfnum auglýsa eftir bókasafns- og upplýsingafræðingi, æskilegt er að viðkomandi hafi kennsluréttindi.Um er að ræða 100% ótímabundið stöðugildi við framhaldsskólann og Hornafjarðarsöfn. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, en eigi síðar en í janúar 2014.

Starfslýsing
Sér um rekstur bókasafns skólans
Annast bókakaup, flokkun, skráningu, frágang og útlán á gögnum safnsins
Sér um safnkynningar í samráði við kennara og aðstoðar nemendur og kennara við verkefnavinnu, eimildaleitir og gagnaöflun
Aðstoð við Héraðsskjalasafn Hornafjarðarsafna
Kennsla við Framhaldsskólann í áföngum sem lúta að rannsókna- og verkefnavinnu
Það sem fellur til innan safns og skóla í samvinnu við aðra starfsmenn

Hæfnis- og menntunarkröfur
Reynsla í starfi bókasafns- og upplýsingafræðings
BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði ásamt kennsluréttindum
Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
Frumkvæði í starfi
Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 25.september 2013
Frekari upplýsingar veitir Vala Garðarsdóttir forstöðumaður Hornafjarðarsafna í síma 4708052 eða á netfanginu vala@hornafjordur.is

Leiðbeinandi í æskulýðs- og tómstundastarfi

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir starfsmanni til starfa í Vöruhúsi sem er vettvangur skapandi greina á Hornafirði. Þungamiðjan liggur í tómstundastarfi með ungmennum. Umsækjandi þarf hafa frumkvæði, skipulagshæfileika, búa yfir ákveðinni festu, vera lipur í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun á sviði tómstundafræða eða aðra þá menntun sem nýtist í starfi.

Ábyrgðar- og starfssvið:
Er undirmaður tómstundafulltrúa og umsjónarmanns Vöruhúss.
Starfar að þróun list- og verkgreina.
Skipuleggur starf félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í samvinnu við Þrykkjuráð og tómstundafulltrúa.
Starfar með börnum og unglingum í félags- og tómstundastarfi.
Hefur samskipti við skóla og félagasamtök vegna félags- og tómstundastarfs.
Heldur utan um starf ungmennaráðs og starfar með því.
Vinnur að forvörnum á breiðum grunni.

Laun og starfskjör taka mið af samningum Launanefndar Sveitarfélaga og samningum viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 10. sept. nk.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Vilhjálms Magnússonar tómstundafulltrúa á netfangið; vilhjalmurm@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8475/862-0648.



FJARÐANET

Yfirverkstjóri / Rekstrarstjóri

Fjarðanet hf rekur alhliða veiðarfæraþjónustu í Neskaupstað, Akureyri, Ísafirði og Fáskrúðsfirði. Í Neskaupstað og á Ísafirði rekur Fjarðanet einnig Gúmmíbátaþjónustu. Fjarðanet er eina sérhæfða fyrirtækið í þjónustu við fiskeldi á Íslandi með rekstri á þvottastöð og framleiðslu og sölu á fiskeldispokum og tengdum búnaði. Fjarðanet er hluti af Hampiðjan Group.

Fjarðanet óskar að ráða yfirverkstjóra/rekstrarstjóra yfir netaverkstæði sitt á Neskaupstað

Netaverkstæði Fjarðanets í Neskaupstað byggir fyrst og fremst á þjónustu við uppsjávarflotann, framleiðslu, viðhaldi og viðgerðum á loðnunótum, síldarnótum og flottrollum. Ásamt framleiðslu á fiskitrollum og þjónustu við fiskeldi.

Starfið felur í sér vinnu á netaverkstæði ásamt ábyrgð á rekstri verkstæðisins; skipulagning framleiðslu og þjónustu, gerð teikninga, tilboða, pantana og samskipti við viðskiptavini og birgja. Starfið felur einnig í sér yfirumsjón með netaverkstæði Fjarðanets á Fáskrúðsfirði. Viðkomandi vinnur í nánu samstarfi við aðra verkstjóra Fjarðanets og Hampiðjuna.

Við leitum að lærðum netagerðarmanni eða manni með langa reynslu af veiðarfæragerð. Við leitum að, sjálfstæðum, jákvæðum, og þjónustuliprum einstaklingi sem á gott með mannleg samskipti. Æskilegt er að viðkomandi hafi góða almenna tölvukunnáttu.

Nánari upplýsingar gefur Jón Einar Marteinsson í síma 4 700 802 eða 856 0802. Umsóknir ásamt starfsferilskrá skulu sendar, fyrir 15. september til Fjarðanets hf, Strandgötu 1, 740 Neskaupstað eða í tölvupósti á joneinar@fjardanet.is

MARKAÐSFULLTRÚI

TE & KAFFI

Við leitum að markaðsfulltrúa til að taka þátt í þeim spennandi verkefnum sem framundan eru.

Helstu verkefni og ábyrgð:

· Gerð og framkvæmd markaðsáætlana í samvinnuvið markaðsstjóra
· Verkefnastjórnun minni herferða, viðburða og einstaka markaðsaðgerða
· Umsjón og framstilling alls prentefnis
· Umsjón með póstlista og fréttabréfum
· Útstilling vara á kaffihúsum og eftirfylgni
· Aðstoð við heimasíðu
· Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar og hæfniskröfur:

· Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsmála
· Reynsla af markaðsmálum æskileg
· Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
· Sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt hæfni til að vinna undir álagi
· Hugmyndaríkur/ur með góða hæfileika í mannlegum samskiptum
· Mikill áhugi á kaffi og te

Umsóknarfrestur er til 13. september 2013
Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is

MATREIÐSLUMAÐUR

TE & KAFFI

Við óskum eftir yfirmanni í framleiðslu-eldhús Te & Kaffi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Yfirmaður ber ábyrgð á rekstri framleiðslueldhúss Te & Kaffi. Auk þess að taka virkan þátt í daglegum verkefnum er yfirmaður framleiðslueldhússins mikilvægur þátttakandi í matvælavöruþróun Te & Kaffi.

Menntun og hæfniskröfur:

· Menntun á sviði matreiðslu æskileg
· Reynsla í stjórnun framleiðslueldhúsa æskileg
· Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
· Góð framkoma og rík þjónustulund
· Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum

Vinnutími er frá kl. 7:00-15:00 alla virka daga.
Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 13. september 2013.
Umsóknir sendist á atvinna@teogkaffi.is.
Nánari upplýsingar eru veittar í síma 555 1910.

VERSLUNARSTJÓRAR OG ALMENNT STARFSFÓLK

TE & KAFFI

ERTU FRÁBÆR?

Te & Kaffi leitar að frábærum liðsfélögum til að bætast í hóp þeirra jákvæðu, duglegu og framúrskarandi starfsmanna sem fyrir eru. Við leitum að verslunarstjórum og almennu starfsfólki á kaffihúsin okkar.

Í boði eru einungis full störf.
Aldurstakmark er 20 ár og um er að ræða framtíðarstörf.

Umsóknarfrestur er til 13. september 2013.
Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is

Fagmennska – Þekking – Upplifun

teog kaffi.is

Veðurstofa Íslands

Starfsmaður í mötuneyti

Veðurstofa Íslands óskar eftir því að ráða starfsmann í mötuneyti og er vinnutími frá 11:00 til 15:00 eða 10:00 til 14:00.

Helstu verkefni
Helstu verkefni eru að annast öll almenn störf í eldhúsi í samráði við matráð.

Um er að ræða 50% starf og fara laun eftir kjarasamningi ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Hæfniskröfur
- Óskað er eftir einstaklingi sem er röskur, skipulagður og ábyrgur ásamt því að hafa góða færni í mannlegum samskiptum.
- Farsæl reynsla af eldhússtörfum er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar um störfin veita **Ingveldur Jónsdóttir**, hópstjóri rekstrar (**ingveldur@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**), í síma 522 6000.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 16. september næstkomandi.

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir Umhverfis- og auðlinda-ráðuneyti. Hjá stofnuninni starfa um 135 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. **lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum** og **hafi**. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: **Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði** og **Úrvinnslu- og rannsóknasviði**. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is**.*

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*



www.vedur.is
522 6000

Við erum að leita að fólki sem kann að meta vont veður

66°NORÐUR leitar að dugmiklum útivistargörpum til starfa í verslunum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Við sækjumst eftir metnaðarfullu fólki í fullt starf, hlutastarf og helgarvinnu.

66°NORÐUR hefur verið í fararbroddi í framleiðslu útivistarfatnaðar á Íslandi allt frá árinu 1926. Við bjóðum skemmtileg og krefjandi störf hjá vaxandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

Starfið snýst um þjónustu og sölu til viðskiptavina í verslunum 66°NORÐUR.

Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á útivist og hreyfingu
- Þátttaka í starfi björgunar-sveitanna er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Kunnátta í Norðurlandamáli, þýsku eða öðrum tungumálum er kostur
- Þjónustulund og jákvætt viðmót
- Reynsla af sölustörfum
- Stúdentspróf
- Framhaldsmenntun er kostur

Áhugasamir sæki um á www.radum.is fyrir 8. september.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is, sími 519 6770.

RÁÐUM Atvinnustofa

66° NORÐUR

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Húnaþing vestra

Hvammstangi í Húnaþingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnaþingi vestra eru 1.180. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnaþingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþrótta, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnaþing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

Laust er til umsóknar starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Húnaþings vestra. Um er að ræða 100% starf í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra sameinaðri fræðslu- og félagsþjónustu sveitarfélagsins. Sviðsstjóri ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra og sveitarstjórn í öllum störfum sínum og ákvörðunum.

Starfssvið sviðsstjóra fjölskyldusviðs
- Stjórnun og rekstur stofnana sem heyra undir fjölskyldusvið
- Sviðsstjóri á setu í framkvæmdaráði sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs
- Gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með fjárreiðum fjölskyldusviðs í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar um gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með fjárreiðum sveitarfélagsins
- Þjónusta við viðskiptavini og greining á þjónustuþörf
- Innri og ytri samskipti fyrir hönd fjölskyldusviðs sveitarfélagsins
- Ráðgjöf til forstöðumanna fjölskyldusviðs í starfsmanna-, rekstrar- og þjónustumálum
- Ráðgjöf og eftirlit vegna sérfræðiþjónustu
- Samskipti við sveitarstjórn, stoðþjónustu og hagsmunaaðila
- Önnur mál á sviði fjölskyldusviðs í samráði við sveitarstjóra
- Sviðsstjóri fjölskyldusviðs er jafnframt starfsmaður fræðsluráðs og félagsmálaráðs sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu og/eða fræðsluþjónustu sveitarfélaga æskileg
- Reynsla og framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Leiðtogahæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur um starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra er **til og með 24. september nk.** Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi. Öllum umsóknum verður svarað skriflega. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Húnaþings vestra á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Eydís Aðalbjörnsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í símum 455-2400 og 845-1345 og Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 455-2400 og 864-4806.

Rótgróinn fasteignasala leitar eftir öflugum liðsauka.

Starfssvið: Sala fasteigna

Hæfniskröfur:
- Búa yfir góðri þjónustulund,jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnað til að ná árangri, góða skipulagshæfni, og geta unnið sjálfstætt.
- Reynsla af sölu fasteigna æskileg. Reynsla af sölumennsku skilyrði.
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir sendast á box@frett.is merkt **„Sala fasteigna“**

Vilt þú auka tekjur þínar?

Viltu starfa sjálfstætt, ráða þínum eigin vinnutíma?
Erum að leita eftir heiðalegu, ábyggilegu, framsæknu og duglegu fólki til að starfa með.
Miklir framtíðarmöguleikar hérlendis og erlendis.
Alþjóðlegt fyrirtæki, eitt stærsta og farsælasta fyrirtæki á sínu sviði í heiminum í dag, starfar í yfir 150 löndum.
Árangurstengdar tekjur auk mögulegra bónusa.
Tekjumöguleikar
70.000 - 300.000 kr. á mán.
300.000 - 600.000 kr. á mán.

Áhugasamir hafið samband:
820-4122 eða moguleiki@gmail.com

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- **Ráðgjafi á velferðarsvið**
- **Sérkennslustjóri, leikskólinn Baugur**
- **Starfsmenn í dægradvöl, Hörðuvallaskóli**

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Kópavogsbær
kopavogur.is

Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 130 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru m.a. fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

intrum justitia

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

Þjónustustjóri óskast fyrir Vestfirði

Motus leitar að öflugum þjónustustjóra fyrir Vestfirði með aðsetur á skrifstofu fyrirtækisins á Ísafirði.

Starfið felst m.a. í þjónustu og samskiptum við viðskiptavini Motus á Vestfjörðum og er þjónustustjóri jafnframt hluti af daglegri fyrirtækjaþjónustu Motus á landsvísu.

Helstu verkefni:
- Þjónusta og upplýsingagjöf.
- Samskipti við viðskiptavini.
- Skýrslugerð.
- Úrvinnsla mála í fyrirtækjaþjónustu.

Hæfnisþættir:
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund.
- Frumkvæði og drifkraftur.
- Jákvæðni og sjálfstæði.
- Hæfni til að vinna í hóp og takast á við breytilegt umhverfi.
- Háskólamenntun eða starfsreynsla sem nýtist í starfi.

EKKI GERA EKKI NEITT er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpsemi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi.

Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri Motus í síma 440 7122. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 6. september 2013. Ráðið verður í starfið sem fyrst.

motus

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Bæjarból
- sérkennslustjóri
- leikskólakennari 80% starf

Lundaból
- sérkennslustjóri
- leikskólakennari

Holtakot
- deildarstjóri vegna forfalla
- leikskólakennari 50% starf

Akrar
- leikskólakennari

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Sölufulltrúar

óskast til starfa...

STARFIÐ
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 499 3070, www.solbakki.com

Bílskúr

Bílskúr til leigu í vesturbæ Kópavogs, 22 fm, ekki til búsetu, 30 þ. Sími 849 7209

ATVINNA

Atvinna í boði

N1

óskar eftir kraftmiklu og áreiðanlegu starfsfólki til starfa á hjólbarðaverkstæði félagsins á höfuðborgarsvæðinu.

Nánari upplýsingar veitir Dagur Benónýsson í síma 440 1030. Áhugasamir sæki um á www.n1.is

TMÍ
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel sem aukastarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl. gefur Ágúst í 770-2277 og agust@tmi.is

STARFSMENN ÓSKAST Í STÁLSMIÐJU.

Stálsmiðja í Hafnarfirði óskar eftir vönum starfs og verkamönnum eldri en 24 ára. Mikil vinna í boði og góð laun.

Áhugasamir sendi umsókn merkt „Vinna/stálsmiðja" og ferilskrá á skh@internet.is

kvosin
FERSKT OG FLJÓTT

VERSLUNIN KVOSIN

leitar að framtíðarstarfsfólki á fastar vaktir. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, dugleg(ur) til verka, 18 ára eða eldri og með góða íslensku og ensku kunnáttu. Vinsamlegast sendið ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 05. september.

Wilson's PIZZA

WILSON'S PIZZA LEITAR AF STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR.

Pizzabakara - Sendla - afgreiðslu í lúgu (Drive in Vesturlandsvegi) - símsvörun.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá á netfangið: atvinna@wilsons.is

PARTÝBÚÐIN - FRAMTÍÐARSTARF.

Partýbúðin Faxafeni leitar að glaðlyndum og þjónustulunduðum starfsmanni eldri en 18 ára til afgreiðslustarfa. 60% starf eftir hádegi, að jafnaði annan hvern virkan dag og aðra hverja helgi.

Vinsamlega sendið umsoknir og/eða ferilskrá á partybudin@partybudin.is fyrir n.k. mánudag.

ROADHOUSE

Vantar starfsmann í dagvinnu á Roadhouse í eldhús, vinnutími frá kl. 6-14 mán-föst. Umsókn sendist á baldur@roadhouse.is

Hressingarskálinn leitar að reynsluríku starfsfólki í eldhús, áhugasamir sendið póst á glennmoyle@gmail.com eða fyllið út umsókn á staðnum, Austurstræti 20.

Óskum eftir vönum pizzbökurum á Hróa á Smiðjuvegi og Austurstræti. Uppl. 774-5959 eða hroi@hroi.is

Óskum eftir starfsmanni í fullt starf í uppvask og sal. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

AU-PAIR TIL PÝSKALANDS

Þýsk-íslensk hjón með 4ja, 6 og 8 ára dætur, vantar au-pair frá og með hausti eða áramótum. Uppl. veitir elin@rueko.de.

Leitum að dugmiklum starfskrafti á hjólbarða- og smurstöð Dekkjahallarinnar í Reykjavík. Umsóknir sendist á thorgeir@dekkjahollin.is

Vissa byggingaverktaki óskar eftir smiðum í vinnu. Uppl. í S: 659 9661

Óska eftir vönum rafvirkja eða rafvélavirkja. Fjölbreytt starf, góð laun í boði. Uppl. í s. 898 0206 eða rkraf@internet.is

Guesthouse in Reykjavík is requesting employee in housekeeping. Applicant must be well organized, discliplined and hard working. Driving license is desirable. Please send your application to: stefan@welcome.is

HOUSEKEEPERS

Apartment Hotel in 101 Reykjavik seeks fulltime and parttime housekeepers. Please send applications to: headhousekeeper@apartmentk.is

Heitar myndir. Sexy Iceland vill kaupa heitar myndir ísl. kvenna, 18+. SexyIceland.com

Atvinna óskast

Er hörkudugleg og óska eftir aukavinnu eitt til tvö kvöld í viku (helst þrif). Áhugasamir hafi samband við fréttablaðið merkt ‚Aukavinna'.

52 ára pólsk kona óskar eftir vinnu við ræstingar eða í mötuneyti. Uppl. í síma 892 9295.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur ○ live spjall
908-6000 • 535-9999

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

HAMRABORGARHÁTÍÐ Í DAG

Í DAG LAUGARDAG FRÁ KL.11-16 VERÐUR HIN ÁRLEGA HAMRABORGARHÁTÍÐ.
Á HÁTÍÐINNI VERÐUR RÚNAR ÞÓR OG CO MEÐ TÓNLEIKA KL. 13:30.
ÝMIS TILBOÐ OG KRÆSINGAR Í BOÐI.
LÁTTU SJÁ ÞIG OG VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!

UM KVÖLDIÐ MUNU SVO ÞEIR RÚNAR ÞÓR, REYNIR ÚR ÝR OG SIGGI ÚR NÁTTÚRU HALDA UPPI STUÐI FRAM Á NÓTT.

http://www.facebook.com/cafecatalina

Allir velkomnir

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

Hérna … fyrirgefðu?

Fyrirgefðu? vekur upp spurningar um límið í mannlegum samskiptum, með húmorinn að leiðarljósi. Hverjum þjónar fyrirgefningin í raun og veru – þeim sem er fyrirgefið eða þeim sem fyrirgefur?

Fyrirgefðu? er nýtt, íslenskt leikverk sem byggir á rúmlega 70 viðtölum sem Málamyndahópurinn tók við fólk á aldrinum 5-85 ára um fyrirgefningu. Það deildi grátbroslegum sögum um að fyrirgefa líkama sínum fyrir að vera ekki fullkominn, makanum fyrir ýmsa ósiði og krökkunum fyrir að skrattast aldrei til að hlýða, svo eitthvað sé nefnt. Undir niðri glímdu allir við sömu spurninguna: Hvernig fyrirgefur maður sjálfum sér? Þótt efniviðurinn bjóði upp á mikla dramatík lagði Málamyndahópurinn sig fram um að finna húmorinn í vandræðaganginum sem fylgir oft því að biðjast fyrirgefningar og því var mikið hlegið í þróunarferlinu.

Fyrirgefðu? gerist í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Við kynnumst Maríu, sem veit ekki hvort hún getur fyrirgefið manni sínum fyrir framhjáhald, alkóhólistanum Friðfinni sem finnst hann ekki eiga skilið að vera fyrirgefið og femínistanum Arnheiði sem mun aldrei nokkurn tíma fyrirgefa feðraveldinu. Þá eru það gömlu hjónin Elliði og Guðríður, sem þurfa á sáttfýsi að halda í glímu sinni við alzheimer, og Jónatan, sem er að fríka út vegna skuldbindingarfælni sambýlismanns síns. Svo er það ósýnilega konan sem enginn virðist gefa gaum – hvaða leyndarmál ber hún með sér?

Fyrirgefðu? vekur upp spurningar um límið í mannlegum samskiptum. Margir líta svo á að til séu „ófyrirgefanlegar syndir“ en stenst það nánari skoðun? Hverjum þjónar fyrirgefningin í raun og veru – þeim sem er fyrirgefið eða þeim sem fyrirgefur?

Verkið skrifaði Þórdís Elva Þorvaldsdóttir með aðstoð leikaranna Aðalbjargar Árnadóttur, Árna Péturs Guðjónssonar, Ragnheiðar Steindórsdóttur og Víðis Guðmundssonar, sem munu leika í verkinu. Þóra Karítas Árnadóttir leikkona kemur í stað Aðalbjargar, sem gerir garðinn frægan hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur. Stefnt er að frumsýningu í febrúar 2014.

Leikstjórn: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og Málamyndahópurinn **Hljóðmynd:** Jarþrúður Karlsdóttir **Sviðsmynd og búningar:** Rebekka A. Ingimundardóttir **Dans og sviðshreyfingar:** Ólöf Ingólfsdóttir **Ljósahönnun:** Magnús Arnar Sigurðarson

VANJA FRÆNDI
FRÚ EMILÍA - LEIKHÚS

Leikstjóri: Guðjón Pedersen - **Leikmynd:** Grétar Reynisson - **Búningar:** Elín Edda Árnadóttir - **Lýsing:** Jóhann Bjarni Pálmarsson
Leikarar: Hilmir Snær Guðnason - Þrúður Vilhjálmsdóttir - Edda Björg Eyjólfsdóttir - Hjalti Rögnvaldsson - Gunnar Gunnsteinsson - Guðrún Gísladóttir - Kristbjörg Kjeld - Þorsteinn Bachmann.

Frumsýnt í mars 2014

TJARNARBÍÓ
LEIKHÚSIÐ VIÐ TJÖRNINA

Tjarnarkortið 9.900 krónur

Tjarnarbíó býður í fyrsta skiptið upp á Tjarnarkortið. Innifaldar í kortinu eru fjórar nýjar frumsýningar sjálfstæðra hópa ásamt því að fá 500 kr. afslátt af völdum viðburðum. Hægt er að kaupa kortin á www.tjarnarbio.is og á www.midi.is. Kortasölu lýkur 22. september.

Eftirtaldar sýningar eru í boði:

Frumsýnt í lok ágúst
GRAL – Eiðurinn og Eitthvað eftir Guðberg Bergsson.
Leikstjóri: Bergur Þór Ingólfsson.

Frumsýnt í október
Lab Loki - Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur.
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson.

Frumsýnt í febrúar
Málamyndahópurinn – Fyrirgefðu?
Leikstjóri og höfundur: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir.

Frumsýnt í mars
Frú Emilía – Vanja frændi eftir Anton Chekhov.
Leikstjóri: Guðjón Pedersen.

Fjölbreytt dagskrá í Tjarnarbíói í vetur

Reykjavík International Film Festival



Leiklist:
Horn á höfði
Ævintýrið um Augastein
Nóttin var sú ágæt ein
Blái hnötturinn – gestasýning frá Póllandi
Svikarinn

Hátíðir:
LÓKAL – alþjóðleg leiklistarhátíð
RIFF – alþjóðleg kvikmyndahátíð
UNGLIST

Tónleikar:
Kvartett um endalok tímans
Útgáfutónleikar Einars Lövdals.

Norræna
Þakkar frábærar viðtökur í sumar

Við bjóðum áfram frábært verð

Norræna siglir frá Seyðisfirði á miðvikudögum kl. 20:00 til og með 30. október 2013.

Danmörk
með bílinn. . . . . frá kr. 55.200 netverð

Færeyjar
með bílinn. . . . . frá kr. 27.990 netverð

Innifalið í verði: 1 fullorðinn ásamt fólksbíl, gist um borð í fjögurra manna kynjaskiptum klefa án glugga. Með Norrænu fram og til baka frá Íslandi.

Pakkatilboð til Færeyja með bílinn og hóteli í 4 nætur

18. september
Gistihúsið Gjógv. . . kr. 59.900 á mann

25. september
Hótel Færeyjar. . . . . kr. 69.900 á mann

Miðað við 2 fullorðna. Ferð með Norrænu fram og til baka með bílinn (hefðbundinn fólksbíl), gist um borð í tveggja manna klefa án glugga. Gisting í 4 nætur á Gjógv eða Hótel Færeyjum með morgunmat.

Bókaðu núna á www.smyrilline.is eða 570-8600 / 472-1111

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík
Sími: 570-8600 · info@smyril-line.is

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfjörður
Sími: 472-1111 · austfar@smyril-line.is

Frá Berlin Festival í fyrra.

SÍÐUSTU TÓNLISTAR-HÁTÍÐIR SUMARSINS

Stærstu tónlistarhátíðir sumarsins í Evrópu eru nú að baki. Sumarvertíðinni er þó ekki alveg lokið ef tónleikaþyrstir Íslendingar vilja sleikja smá sól undir dúndrandi tónlist áður en vetur gengur í garð. Tvær stórar tónlistarhátíðir eru fram undan snemma í september. Bestival-hátíðin fer fram á Wight-eyju í Suður-Englandi dagana 5.-8. september. Hátíðin hefur verið haldin árlega undir lok sumars frá árinu 2004. Að venju spilar fjöldi frægra hljómsveita og listamanna á hátíðinni og í ár eru stærstu nöfnin Franz Ferdinand, Snoop Dogg, Elton John, Belle and Sebastian, The Flaming Lips, M.I.A., Fatboy Slim, Wu-Tang Clan, Sinéad O'Connor, The Roots og gömlu kempurnar í Chic ásamt Nile Rodgers. Búist er við um 30.000 gestum á hátíðina. Degi síðar hefst Berlin Festival í höfuðborg Þýskalands en þetta er áttunda árið í röð sem hátíðin er haldin. Stærstu nöfnin þar verða Björk, Blur, Pet Shop Boys, My Bloody Valentine, M.I.A. og Klaxons. Skipuleggjendur hátíðarinnar búast við um 20.000 manns á svæðið.

Klámi verður skipt út fyrir nútímalist á hótelum Nordic Choice.

EKKERT KLÁM Á HÓTELINU

Skandinavíska hótelkeðjan Nordic Choice hefur tekið upp þá stefnu að fjarlægja allar klámrásir úr sjónvörpum á hótelherbergjum sínum.

Eigandi keðjunnar, Petter Stordalen, segist gera þetta af mannúðarástæðum. Með þessu sé keðjan að taka afstöðu gegn mansali og kynlífsþrælkun. „Klámiðnaðurinn ýtir undir mansal og ég tel það eðlilegan hlut af félagslegri ábyrgð að senda skýr skilaboð um að við umberum ekki slíkt," sagði Stordalen í viðtali við The Guardian.

Nordic Choice-hótelkeðjan hefur verið í samstarfi við UNICEF frá árinu 2008.

Í stað klámsins verður nútímalist sýnd í sjónvarpinu, enda er Stordalen mikill listunnandi og -safnari.

FERÐAKAUPSTEFNAN HITTUMST!

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins (FSH) standa að ferðakaupstefnunni Hittumst! sem haldin verður á Grand Hótel föstudaginn 6. september.

„Hittumst! er fyrst og fremst ætluð ferðaþjónustunni til að hittast, tengjast, kynnast og gera sér glaðan dag," segir Ingibjörg Guðmundsdóttir, formaður FSH. „Ferðaþjónustan er í gríðarlegri sókn, margir aðilar að bjóða fram vöru og þjónustu og Hittumst! er vettvangurinn til að koma henni á framfæri," segir hún og bendir á að á landinu öllu séu um 800 ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur. „Þetta er því mjög stór markaður og nauðsynlegt að geta komið þjónustu sinni á framfæri við þá aðila," segir Ingibjörg. „Síðast en ekki síst erum við að kynna innlendum fyrirtækjum hvað ferðaþjónustan hefur upp á að bjóða og er þetta stærsti viðburðurinn á því sviði."

Ráðherra ferðamála, Ragnheiður Elín Árnadóttir, mun opna kaupstefnuna. Á hádegisviðburði kaupstefnunnar munu þeir Einar Bárðarson, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, og Trond Overås, framkvæmdastjóri Visit Tromsö, halda erindi um markaðssetningu borganna beggja, vetrarferðamennsku og norðurljósin.

Hittumst! er opin almenningi frá klukkan 14 til 18, föstudaginn 6. september á Grand Hótel.

Lífsgæðin hafa aukist

Sigríður Lárusdóttir lífeindafræðingur lærði dáleiðslutækni eftir að hafa kynnst dáleiðslu sem meðferð þegar hún lenti í áföllum.

„Ég fékk áhuga á sérhæfðum meðferðum við verkjum eftir að hafa sótt námskeið hjá dr. Edwin Yager sálfræðingi sem þar beitti dáleiðslumeðferð til að breyta verkjaskynjun og auka verkjaþol," segir Sigríður, sem á námskeiðinu kynntist Pétri Kristjáni Guðmundssyni, sem þangað mætti sem sjálfboðaliði.

Pétur varð fyrir mænuskaða þegar hann féll fram af klettum í Austurríki á gamlárskvöld 2010.

„Þeir sem lifa með mænuskaða búa við stöðuga taugaverki og við Pétur vinnum nú að því að þróa meðferð fyrir þá sem hafa orðið fyrir mænuskaða," útskýrir Sigríður, sem vinnur að fjórum þáttum í dáleiðslumeðferð Péturs.

„Mestan part vinn ég með króníska verki sem eru ómæld lífsgæðaskerðing og yfirtaka jafnvel líf mænuskaddaðra. Með dáleiðslu er markmiðið að auka verkjaþol og gerist á þann hátt að ég fæ Pétur til að dreifa huganum frá verkjunum og breyta skynjun hans á sársauka. Það er ekkert nýtt að hægt sé að vinna á þennan hátt með verki og hefur verið stundað víða um heim með góðum árangri."

Næsti meðferðarþáttur snýr að skyndiverkjum sem koma óvænt og geta verið afar sársaukafullir.

„Við skyndiverkjum er dáleiðsla notuð sem deyfing og Pétur getur nýtt sér sjálfsdáleiðslu sem verkfæri til að höndla skyndiverkina. Þar sem sársaukaskynjun er nátengd andlegri líðan og væntingum um verki hefur náðst góður árangur með dáleiðslu í að höndla skyndiverki en það krefst æfingar og endurtekinnar meðferðar," upplýsir Sigríður.

Þriðji þáttur í vinnu Sigríðar með Pétri tengist andlegri líðan.

„Það fylgir því mikil áfallastreita að verða fyrir mænuskaða og honum fylgir sorgarferli, þreyta, vonleysi, þunglyndi og kvíði. Allt eru það þættir sem hentar vel að vinna með í dáleiðslu og sérstaklega samhliða annarri meðferð sé ástandið alvarlegt."

Samvinna þeirra Péturs felst einnig í að vinna með vöðva sem notaðir eru til gangs.

„Þar sem Pétur er ungur og mikið er að gerast í leit að lækningu við mænuskaða er nauðsynlegt að vera tilbúinn, ef svo má segja. Því notum við dáleiðslu og vinnum samtímis með göngu-vöðva sem eru virkir fyrir ofan skaddaða svæðið. Á sama tíma er fótleggjum lyft til að koma hreyfingu á blóðrásina. Það er til að minnka líkur á að vöðvarnir rýrni um of því áríðandi er að festast ekki í sitjandi stöðu, líkt og gerist við að sitja lengi í hjólastól. Aðferðin hefur verið í þróun í Bandaríkjunum og fyrstu niðurstöður eru það jákvæðar að ástæða þótti að halda áfram og taka verkjameðferð inn samtímis."

Sigríður vonast til að Pétur geti haldið áfram að lifa lífinu á þeim forsendum sem hann hefur í dag.

„Ég vil sjá lífsgæði Péturs aukast og dáleiðsla er góð leið samhliða annarri. Mitt fyrsta takmark er að hann nái sátt og innri styrk. Þegar ég tala um sátt meina ég ekki uppgjöf heldur að líta á stöðuna eins og hún er hverju sinni og vinna sig áfram þaðan. Ef markmið og skammtímavæntingar eru of miklar verður hætt við að vonbrigði dragi úr þróttinum. Síðan er hægt að vinna áfram með bata og leita frekari lækninga," segir Sigríður sem í meðferðaráætlun fyrir Pétur horfir til dáleiðslumeðferðar sem verið er að þróa á endurhæfingarstöð Washington-háskóla.

„Þar sýnir samanburður meðferða mænuskaddaðra að lífsgæðaaukning er mælanleg ef dáleiðslu er beitt samhliða annarri meðferð. Bara það að minnka verkjaáreitið eykur lífsgæði umtalsvert og eykur líkur á að geta tekist á við daglegt líf, gert það sem maður vill og tekist á við spennandi hluti."

Sigríður Lárusdóttir dáleiðslutæknir og Pétur Kristján Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður. MYND/GVA

BREYTTI LÍFI MÍNU

„Með dáleiðslumeðferð hef ég að mestu náð stjórn á verkjum en aukreitis kom óvæntur batakippur í mænuskaðann," útskýrir Pétur Kristján Guðmundsson, sem lærði sjálfsdáleiðslu sem meðferð við krónískum verkjum á Bretlandseyjum.

„Dáleiðslan hefur lækkað mænuskaðann til muna. Hjá mér var hann neðan við mitti og línan vegna lömunar rétt neðan við nafla, en nú er hún komin niður á rasskinnar. Þá hef ég meiri tilfinningu í fótunum en áður."

Pétur líkir dáleiðslu við stillingar á stjórnborði í tölvu.

„Í daglegu lífi getur maður verið vakandi, sofandi eða í trans, eins og í dáleiðslu. Þá fer maður á annað vitundarstig, nær sambandi við undirmeðvitundina og fær meiru ráðið en ella."

Pétur segir dáleiðslu hafa breytt lífi sínu til hins betra.

„Að verða fyrir mænuskaða er mikið andlegt áfall og þegar stöðnun varð í batanum upplifði ég mikla andlega vanlíðan. Með dáleiðslu hef ég lært að stilla andlega líðan betur og líður miklum mun betur."

Pétur er sönnun þess að dáleiðslumeðferð er raunverulegt meðferðarúrræði.

„Dáleiðsla hefur nú fengið viðurkenningu á Vesturlöndum og vísindin eru komin það langt á veg að hægt er að mæla árangur hennar og sýna fram á að heili þeirra sem nota dáleiðslu er þróaðri og með fleiri tengingar."

Viltu læra dáleiðslu?

Þú byrjar hér: 8 daga grunn námskeið í dáleiðslu

Fyrri hluti 2o. - 23. september. Seinni hluti 1. - 4. nóvember, 2013

Hér lærir þú tæknina og færð verkfærin í hendurnar

Að loknu námskeiðinu getur þú gengið í Félag Dáleiðslutækna

Höfundar námskeiðsins eru Charles Tebbets og Roy Hunter
Kennari er Sarah Bartlett hjúkrunarfræðingur og dáleiðslukennari

Dáleiðsluskóli Íslands

S: 499 3666 + 892 2489 ⇨ http://daleidsla.is/grunnur ⇦

Dáleiðsla losar um innri styrk

Esther Helga Guðmundsdóttir, M.Sc., fíkniráðgjafi og dáleiðslutæknir og framkvæmdastjóri MFM-miðstöðvarinnar, hóf að nota dáleiðslutækni við vinnu sína eftir að hafa lært dáleiðslu hjá meisturum á vegum Dáleiðsluskóla Íslands. Hún segir flesta móttækilega fyrir dáleiðslu.

„Ég hafði í mörg ár notað sefjunar- og slökunartækni með þeim sem eiga við matarfíkn og átröskun að stríða. Margir þeirra glíma við afleiðingar áfalla, þráhyggju, áráttur og einnig álag og streitu. Dáleiðslan er ótrúlega sterkt hjálpartæki í þeirri vinnu," útskýrir Esther. „Það eru flestir móttækilegir fyrir dáleiðslu og hafa gott af henni. Fólk nær tengingu við minningar og liðna atburði og nær oft að vinna úr erfiðum hlutum. Við dáleiðslu er eins og losni úr læðingi innri styrkur og kraftur. Fólk á auðveldara með slökun og líður betur, það á auðveldara með að sofa og einnig upplifir fólk sem hefur átt við þráhyggju að stríða mikið frelsi. Undirmeðvitundin stjórnar stórum hluta gjörða okkar og dáleiðsla opnar á hana. Í dáleiðslunni náum við að setja rökhyggjuna og hugsunina til hliðar og fáum aðgang að minningum og því sem komið hefur fyrir okkur. Það sem komið hefur fyrir okkur mótar hegðun okkar. Með því að tengjast undirmeðvitundinni á þennan hátt náum við að breyta hegðunarmynstrum sem þjóna okkur ekki lengur," útskýrir Esther og segir árangurinn ekki láta á sér standa. „Ég mæli með að fólk komi í þrjú skipti. Margir halda áfram og koma þá kannski einu sinni í mánuði."

Esther H. Guðmundsdóttir, fíkniráðgjafi og dáleiðslutæknir, segir dáleiðslu veita aðgang að minningum og áföllum sem vinna þurfi úr. MYND/GVA

Helena Óskarsdóttir dáleiðslutæknir.

Dáleiðsla er stórkostlegt hjálpartæki

„Dáleiðslan þjónar breiðum hópi fólks á öllum aldri. Þó eru börn auðveldasti kúnnahópurinn þar sem þau eru svo móttækileg," segir Helena Óskarsdóttir, löggiltur sjúkranuddari og dáleiðslutæknir hjá Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Hún segir dáleiðslu nýtast fólki á ólíkan hátt.

„Það sem fólk er að leita eftir í dáleiðslu er til dæmis verkjameðferð, lausn á svefnvanda, ýmiss konar ávanahneigð eins og slæmum matarvenjum, reykingum, drykkju, hreyfingarleysi og fleiru. Þá má nefna fælni eins og innilokunarkennd, flughræðslu, myrkfælni og svo mætti lengi telja. Eins kemur fólk til okkar sem á við margs konar vanda úr fortíðinni að stríða eins og misnotkun, erfitt hjónaband, alkóhólískt umhverfi, einelti og svo þunglyndi eða depurð. Listinn er endalaus."

Helena segir dáleiðslu ekki endilega virka eins á alla. Þá geti dáleiðsla einnig verið misfljót að virka á fólk.

„Það sem máli skiptir er að búið er að planta jákvæðum tillögum í hugann. Það fer svo eftir ástandi, vilja og skapgerð fólks hversu fljótt dáleiðslan hefur áhrif, allt frá því að virka samdægurs eða upp í vikur, mánuði eða ár," útskýrir Helena. „Fólk fer mismunandi djúpt en ég hef ekki enn fengið til mín einstakling sem ekki hefur farið inn í dáleiðsluástand."

■ SJÁLFBOÐALIÐAR ÓSKAST

Leitum að fólki sem þjáist af króníska verkjum, þunglyndi eða áfengis-, eiturlyfja-, kynlífs- eða spilafíkn og vill losna við þessa kvilla.

Frægur bandarískur brautryðjandi í sálfræði og dáleiðslu sem heldur námskeið í Reykjavík í september fyrir dáleiðslutækna og heilbrigðisstéttir þarf nokkra sjálfboðaliða sem skilja vel ensku. Viðkomandi þarf að geta verið til taks u.þ.b. hálfan dag 27.-30. september.

Námskeiðið er tekið upp á myndband sem síðar verður notað sem kennslugagn. Sjálfboðaliðum verður boðin áframhaldandi meðferð sem gæti leitt til mikils bata.

Skráning á http://daleidsla.is/sb

Hugurinn virkjaður til lækningar

Subliminal Therapy – Þáttameðferð Dr. Edwin Yager

Dr. Edwin Yager PHD

Dr. Yager er prófessor í sálfræði og einn frægasti dáleiðandi Bandaríkjanna.

Hann kom til Íslands til að kenna í febrúar og kemur aftur í september með námskeið í Subliminal Therapy.

Þessu sinni verður áherslan á meðferð langvinnra verkja og ánetjunar (áfengi, fíknilyf, spilafíkn osfrv.), þunglyndismeðferð ofl.

Einstakur viðburður

Það verður að teljast einstakur viðburður að Dr. Edwin Yager mun 27. - 30. september halda námskeið í Reykjavík þar sem hann kynnir hina byltingarkenndu aðferð sína sem hann kallar Subliminal Therapy - Using the Mind to Heal.

Þetta er fágætt tækifæri til að læra af meistaranum sjálfum, höfundi þessarar einstöku meðferðar.

Ef þú vinnur við lækningar eða meðferð gefst þér nú tækifæri til að tileinka þér aðferð sem er bæði fjótvirk og skilar langvinnum árangri

Uppbygging hugans skv. Dr. Edwin Yager

Flestir eru því sammála að undirmeðvitundin er stærsti hluti hugans. Hún sér um alla ómeðvitaða starfsemi, svo sem öndun og meltingu, blóðrás og önnur kerfi líkamans. Þú þarft þannig ekki að fylgjast með því að hjartað slái eða að þú andir, undirmeðvitundin gerir það fyrir þig.

Undirmeðvitunin stjórnar m.a. sléttu vöðvunum en þeir mynda meðal annars kirtla líkamans og stjórna samdrætti i öndunarfærum sem stýrir öndun.

Starfsemin er nákvæmnisverk og ef hún fer úr skorðum verða afleiðingarnar stundum astmi, proriasis eða mígreni.

Innri vitund getur breytt þessari starfsemi þannig að þessir sjúkdómar hverfi og komi ekki aftur

Meðferðin hefur reynst vel við þunglyndi, króníska verkjum, áfengis- lyfja, spila- og annarri fíkn, gegn hvers konar andlegum og tilfinningalegum vanda og einnig til að losna við sjúkdóma eins og psoriasis, mígreni og asthma.

Dáleiðsluskóli Íslands

S: 499 3666 + 892 2489 ⇨ http://daleidsla.is/st ⇦

4BLS
KIPPA ÚT :)

ARHÁTÍÐ

NÆTTIS Í HALLARMÚLA 2

1000 EMMESSÍS
1000 STK ÍS FRÁ EMMESS Í BOÐI

1000 PYLSUR
SS PYLSUR FRÁ 12-14 EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

SIRKUS ÍSLANDS
STÓRSKEMMTILEGAR SIRKUSLISTIR ALLAN DAGINN

POPP & CandyFloss
ALVÖRU CARNIVAL POPP OG SYKURSÆTT CANDY FLOSS

HOPPU KASTALI
RISA HOPPUKASTALI Í BOÐI PENNANS

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM Tt eSPORTS MÚSUM, LYKLABORÐUM OG HEYRNARTÓLUM

3TB
LaCie minimus USB 3.0 glæsilegur flakkari
19.900

1TB
Silicon Power USB 3.0 örsmár ferðaflakkari
11.900

TASKA
FARTÖLVU BAKPOKI FYRIR ALLT AÐ 17"
2.990

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU USB GLINGRI FRÁ SATZUMA

TÖLVUTEK

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS • HALLARMÚLA 2 • 108 REYKJAVÍK

OPNUNARHÁTÍÐ
LAUGARDAGINN 31.ÁGÚST
OPIÐ FRÁ 12 TIL MIÐNÆTTIS

31. ÁGÚST 2013 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

Valdimar Guðmunds

Sirkus Íslands

Pylsur og Ís

Popp og CandyFloss

Opnunar-tilboð

OPNUNAR HÁTÍÐ

Í DAG FRÁ 12 TIL MIÐNÆTTIS Í HALLARMÚLA 2

NÝ VERSLUN

STÆRSTA TÖLVU-VERSLUN LANDSINS Í HALLARMÚLA 2

OPNUNARHÁTÍÐ

LAUGARDAGINN 31.ÁGÚST

OPIÐ FRÁ 12 TIL MIÐNÆTTIS

TÖLVUTEK

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS • HALLARMÚLA 2 • 108 REYKJAVÍK

Veit ekki hvað „fílgúdd“ þýðir

Margir gagnrýnendur hafa sagt að með Vi är bäst! snúir þú aftur til „fílgúdd“-mynda í kjölfarið á dekkri og tilraunakenndari verkum þínum hin síðari ár. Er það rétt?

„Ég veit í rauninni ekki hvað „fílgúdd“ þýðir. Það er hugtak sem ég myndi aldrei nota sjálfur en líklega er rétt að með Vi är bäst! vildi ég snúa aftur til beinskeyttari, fyndnari og hamingjusamari áherslna. En það er aldrei birta án myrkurs eða myrkur án birtu heldur er þetta samblanda eins og allt annað í lífinu. Ég vona þó að áhorfendur hlæi þegar þeir sjá þessa mynd og helst tvisvar eða þrisvar. Ég mun alltaf fara fram og til baka milli glaðlegra og sorgmæddra mynda. Þetta eirðarleysi er líklega slæmt, en ég efast um að ég geti breytt þessu.“

Höfuðpersónur Vi är bäst! eru kvenkyns, rétt eins og í Fucking Åmål, Lilya 4-ever og fleiri myndum þínum. Líður þér betur með að segja sögur út frá sjónarhóli kvenna?

„Já. Einhverra hluta vegna tengi ég betur við konur en karla. Auðvitað eru til undantekningar en almennt séð eru konur áhugaverðari en karlmenn. Ég veit samt ekki hvort það á við með Vi är bäst! Sagan er eins og hún er, fjallar um þrjár stelpur sem stofna hljómsveit. Ég gat í rauninni ekki breytt því yfir í þrjá stráka sem stofna hljómsveit því það hefði orðið leiðinlegt. Pönkið eins og það lagði sig var frekar karllægt og það er skemmtilegra að rifja það upp í öðru samhengi.“

Hataði Svíþjóð árið 1982

Hvernig var þín upplifun af Svíþjóð í upphafi níunda áratugarins?

„Það er ansi góð og stór spurning. Leikkonurnar sem leika aðalhlutverkin í Vi är bäst!, Bobo, Klara og Liv, voru spurðar af blaðamanni um daginn hvað þeim þætti um þennan tíma, upphaf níunda áratugarins. Þær eru fæddar á tíunda áratugnum og eftir aldamót og svöruðu að þeim þætti eins og þá hefði allt gengið hægar fyrir sig, stressið hefði verið minna og tónlistin betri. En þær sögðu líka að þær gætu átt í erfiðleikum með að aðlagast gsm-símalausri tilveru. Þetta er svo skrítið. Við mannfólkið aðlögumst ótrúlega hratt og núna getum við ekki lifað án einhvers sem við höfðum ekki getað ímyndað okkur að myndi nokkurn tíma vera til.“

Varstu hamingjusamur unglingur?

„Almennt séð elska ég Svíþjóð en árið 1982 hataði ég Svíþjóð. Ég hataði meira og minna allt. Kannski snýst þessi kvikmynd um að breyta öllu þessu hatri og allri þessari reiði í eitthvað uppbyggilegt. Kannski snýst hún um eitthvað allt annað. Ég leyfi áhorfendum að ákveða það.“

Fræddist um Bobby Fischer

Nú hefur þú verið viðstaddur sýningar á myndum þínum úti um allan heim. Bregðast áhorfendur við verkum þínum á mismunandi hátt eftir því hverrar þjóðar þeir eru?

„Mér finnst ég mun nánari Norðurlöndunum en nokkrum öðrum löndum. Restin af heiminum er skrítin og framandi og erfið fyrir örsmáa heilann minn að skilja, en á Íslandi, Noregi og Finnlandi líður mér nánast eins og ég sé heima hjá mér. En ég er ekki viss varðandi viðtökurnar á myndunum mínum. Ég er bara hamingjusamur ef einhverjum sjö finnst þær góðar og þá skiptir mig engu hvort þeir búa á Íslandi eða í Pakistan.“

Þú ert heiðursgestur RIFF-kvikmyndahátíðarinnar í lok september. Hlakkarðu til heimsóknarinnar?

„Ég hef komið einu sinni til Íslands og fannst það frábært. Ég var sérstaklega hrifinn af orðinu „smjör“, sem er „smör“ á sænsku. Ég veit ekki hvers vegna þetta smáatriði festist í höfðinu á mér, en mér finnst „smjör“ alveg frábært orð. Það er er svo líkt sænska orðinu en samt svo rosalega ólíkt út af þessu litla joði. Ég ætlaði meira að segja að kaupa fullt af smjöri til að taka með mér heim til Svíþjóðar, en hætti við því mér fannst það fullóskynsamlegt. Ég keypti mér líka frímerki í frímerkjaverslun og spjallaði við eigandann um Bobby Fischer, sem var enn á lífi þá. Þetta var góður dagur.“

HELSTU MYNDIR MOODYSSON



EINN AF STÓRLEIKJUM ÁRSINS
SUNNUDAG KL. 12:15 Á STÖÐ 2 SPORT 2
LIVERPOOL
MAN. UTD
ERKIFJENDUR MÆTAST
Á ANFIELD
Nú brestur á með nágrannaerjum þegar Liverpool tekur á móti Englandsmeisturunum frá Manchester. Enn er lítið búið af leiktíðinni en það er alltaf hasar þegar þessi tvö lið mætast. Fyrrum Everton-manninum Moyes þætti ekkert skemmtilegra en að bregða fæti fyrir Liverpool en Brendan Rodgers hefur önnur áform. **Ekki missa af þessum hádegisstórleik á sunnudag á Stöð 2 Sport 2!**
Pantaðu á 365.is eða stod2.is
ENSKI BOLTINN, NETIÐ OG HEIMASÍMI
8.990 kr.
Yfir 380 leikir í beinni á 8.990 kr. gegn 3 mánaða samningi. Ljóshraða internet og heimasími innifalinn.
Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is
ICELANDAIR
1011 Fljótlegt og þægilegt
Coca-Cola
Domino's
SPORT 2
enski boltinn
FITON / SÍA

ALEXANDER WANG

THEYSKENS' THEORY

➜ Sítt og vítt

Buxnadragtir hafa verið áberandi undanfarin haust og verða það áfram komandi haust og vetur. Buxurnar eru þá gjarnan síðar og hólkvíðar og sitja neðarlega á mjöðmum.

3.1 PHILIP LIM

EMANUEL UNGARO

Herraleg hausttíska

Tískan í haust og vetur verður herraleg í sniðum. Miklar, síðar kápur, víðar síðbuxur og teinóttar buxnadragtir eru á meðal þess sem sjá mátti á sýningarpöllunum í febrúar þegar haust- og vetrarlínur tískuhúsanna voru kynntar.

Sara McMahon
sara@frettabladid.is

NORDICPHOTOS/GETTY

RAG & BONE

TOMMY HILFIGER

CALVIN KLEIN

SAINT LAURENT

➜ Toppurinn er teinótt

Flíkur með teinóttu munstri hafa oft dottið í og úr tísku í gegnum árin. Í haust og vetur er þó toppurinn að vera í teinóttu, líkt og meðlimir SSSólar spáðu fyrir um.

PROENZA SCHOULER

JIL SANDER

JIL SANDER

➜ Í yfirstærð

Kápur og jakka í yfirstærð mátti fá hjá fjölda hönnuða síðastliðinn vetur, þar á meðal hjá Celine, Acne Studios og Jil Sander. Sumar yfirhafnirnar virðast innblásnar af „cocoon"-kápu meistara Cristóbal Balenciaga frá sjötta áratug síðustu aldar. Kosturinn við yfirhafnir í yfirstærð er sá að hægt er að klæðast þykkum fatnaði innan undir og því ætti kuldinn ekki að ná til manns.

THEYSKENS' THEORY

ACNE STUDIOS

www.eignaverdmat.is

VERNHARÐ ÞORLEIFSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
Sími: 699 7372
venni@remax.is

Mánudaginn 2. Sept. kl.12.15 - 12.45

Árakur 3, 210 Garðabær
Verð: 39.900.000

Stærð: 138,4 fm
Herbergi: 4
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 30.600.000

Eignin skiptist í forstofu með skáp, eldhús með góðri innréttingu (uppþvottavél fylgir), þrjú rúmgóð svefnherbergi, 40 fm stofu með útgengi á 12 fm svalir, sjónvarpskrók, baðherbergi með góðri innréttingu, sturtuklefa og baðkari og þvottahús. Í kjallara er stór sérgeymsla (13,4 fm) og hjóla- og vagnageymsla. Engin lán eru áhvílandi. Afhendingartími er samkomulagsatriði.

Mánudaginn 2. Sept. kl.17.30 - 18.00

Kvíslartunga 102, Mosfellsbæ
Verð: 42.800.000

Stærð: 199,8 fm
Herbergi: 5
Byggingarár: 2008
Fasteignamat: 41.750.000

Fallegt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 36,2 fm bílskúr.
1. hæð: Forstofa, geymsla, gestasnyrting, miðrými sem tengir stofu, borðstofu og eldhús, útgengt á verönd. 2. hæð: Þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús með útgengi á svalir, sjónvarpshol. Skv. teikningum er sjónvarpsrýmið í sér herbergi en því var breytt og er það opið inn á ganginn.

Mánudaginn 2. Sept. kl.16.30 - 17.00

Staðarbakki 2, 109 Reykjavík
Verð: 37.500.000 Eignin er laus

Stærð: 162,5 fm
Herbergi: 5
Byggingarár: 1970
Fasteignamat: 32.800.000

Fallegt endaraðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Bílskúrinn er upphitaður og með rafmagni.
Efri hæð: Forstofa, gestasnyrting, svefnherbergi, lítið vinnuherbergi, eldhús og stofa með útgengi á stórar svalir.
Neðri hæð: Þrjú svefnherbergi, fataherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymsla og óskráð rými sem skv teikningu er allt að 20 fm. Garðurinn er gróinn og með góðum sólpall. Bílastæðið er upphitað og hellulagt. Stutt er í alla helstu þjónustu.

Þriðjudaginn 3. Sept. kl.12.15 - 12.45

Bræðraborgarstígur 30, 101 Reykjavík
Verð: 31.500.000 Íbúðin er laus

Stærð: 90,8 fm
Herbergi: 2
Byggingarár: 2006
Fasteignamat: 28.100.000

2ja herbergja íbúð með sérinngang og bílageymslu í nýlegu fjölbýli. Íbúðin er á 1. hæð og skiptist á eftirfarandi hátt: Rúmgott (15,1 fm) og bjart svefnherbergi með góðum skápum.Björt og stór stofa með útgengi á rúmlega 8 fm svalir sem snúa inn í lokaðan og skjólgóðan garð. Svalirnar snúa til vesturs.Eldhús með góðri innréttingu og eyju. Baðherbergi með sturtubaðkari og góðri innréttingu. Þvottahús er innan íbúðar. Sérgeymsla (8,8 fm) er innaf hjólageymslu.

Norðurnes 16, Kjós (í landi Möðruvalla)
Stærð: 55 fm Verð: 10.500.000

Ólafsgeisli 41, 113 Reykjavík
Stærð: 211,9 fm Verð: 59.900.000

Ólafsgeisli 75, 113 Reykjavík
Stærð: 205,6 fm Verð: 27.900.000

Loki Gistiheimili, 101 Reykjavík
Stærð: 215,1 fm Verð: 80.000.000

Vesturgata 35, 230 Keflavík
Stærð: 138,9 fm Verð: 25.800.000

Jaðar, 371 Saurbæjarhreppur
Stærð: 189 fm Verð: 12.000.000

Hverafold 49, 112 Reykjavík
Stærð: 183 fm Verð: 44.800.000

Hraukar, 301 Akranes - 10 hektara land
Stærð: 60,8 fm Verð: 25.000.000

OPIÐ HÚS mánudaginn 2. sept milli kl 17:30 og 18:00 ... aðeins 3 íbúðir af 12 eftir

ÍBÚÐ 3-201	ÍBÚÐ 3-202	ÍBÚÐ 5-202
4ra herb - 174,4 fm	4ra herb - 133,3 fm	4ra herb - 147,2 fm
Verð: **50,9** m.kr.	Verð: **39,5** m.kr.	Verð: **42,9** m.kr.

Friggjarbrunnur 3 & 5

Glæsilegar íbúðir á frábærum stað í Úlfarsárdal

RE/MAX Lind

Þórunn Pálsdóttir
Sölufulltrúi
773 6000

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

---

Klapparholt 3, 220 Hafnarfj
LAUST VIÐ KAUPSAMNING
Óviðjafnanlegt útsýni á besta stað

Stærð: 208,6 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1992
Fasteignamat: 45.550.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Opið Hús

Sunnudaginn 1. september milli kl 15:00 og 15:30

Verð: TILBOÐ




RE/MAX Lind kynnir í einkasölu fallegt einbýli með innbyggðum bílskúr á einum besta stað í Hafnarfirði með óviðjafnanlegu útsýni yfir fjörðinn og golfvöllinn. Á neðri hæð hússins er komið inn í flísalagða forstofu, fallegt eldhús með vandaðri innréttingum og rúmgóð borðstofa en þaðan er útgengt út á stóra verönd með góðri skjólgirðingu. Björt stofa með sérlega fallegum arni, stórkostlegt útsýni úr stofu. Á hæðinni er einnig flísalögð gestasnyrting og innangengt í bílskúr. Gengið er upp fallegan teppalagðan stiga uppá efri hæð hússins en þar er opið sjónvarpshol, útgengt út á svalir. Rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi og tvö barnaherbergi samkvæmt teikningum en annað barnaherbergið er í dag nýtt sem þvottaherbergi með góðu skápaplássi en upphaflega var gert ráð fyrir þvottaherbergi í geymslu innaf bílskúr. Stórt og mikið baðherbergi með vandaðri innréttingu, stóru nuddbaðkari og sturtuklefa en innaf baðherbergi er gert ráð fyrir gufubaði sem í dag er nýtt sem geymsla. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300, thorey@remax.is - Remax Lind.

Þórey Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
663 2300

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

---

Hrísholt 6
210 Garðabær
Einbýli með stórbrotnu útsýni

Stærð: 250,9 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1982
Fasteignamat: 57.250.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Opið Hús

Sunnudaginn 1.september kl 16:30-17:00

Verð: 57.900.000

EINSTAKLEGA HUGGULEGT EINBÝLI Á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ-AUÐVELT AÐ HAFA SÉR ÍBÚÐ Á NEÐRI HÆÐ. SÓLARLAGIÐ HÉR SVÍKUR ENGAN !
INNBYGGÐUR TVÖFALDUR BÍLSKÚR. Á EFRI HÆÐ ERU STÓRAR SVALIR MEÐ MÖGNUÐU ÚTSÝNI YFIR BORGINA, SJÓINN OG AÐ SNÆFELLSJÖKLI. ÞAR ERU EINNIG MEÐ GÓÐU ÚTSÝNI SAMLIGGJANDI STOFUR, BORÐSTOFA, SÓLSTOFA OG FALLEGT ELDHÚS. Á SVEFNHERBERGISGANGI ERU ÞRJÚ RÚMGÓÐ SVEFNHERBERGI MEÐ SKÁPUM OG GOTT BAÐHERBERGI. GARÐURINN ER HEILLANDI, GRÓINN Í BLAND VIÐ NÁTTÚRULEGA KLETTA OG SKJÓLGÓÐ TIMBURVERÖND MEÐ HEITUM POTTI. Á NEÐRI HÆÐ ER AUÐVELT AÐ HAFA SÉR 2JA TIL 3JA HERBERGJA ÍBÚÐ.
Hafið hiklaust samband ef þið eruð í fasteignahugleiðingum, hjá mér fáið þið árangursríka afburða þjónustu. Þórunn Pálsdóttir sölufulltrúi/byggingarverkfr. MBA, sími 773-6000.

Þórunn Pálsdóttir
Sölufulltrúi
773 6000
thorunnp@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

---

Gaukshólar 2
111 Reykjavík
Laus við kaupsamning!

Stærð: 175,6 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1973
Fasteignamat: 29.500.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Opið Hús



Opið hús laugardag 31.ágúst 15-15:30

Verð: 32.900.000

LAUS VIÐ KAUPSAMNING! Falleg þakíbúð á tveimur hæðum í snyrtilegu fjölbýli ásamt bílskúr. Neðri hæð: Flísalög forstofa með fataskáp, baðherbergi með baðkari, innréttingu, dúkur. Þrjú svefnherbergi með fataskápum, útgengi á svalir úr hjónaherbergi - frábært útsýni.
Efri hæð: Rúmgóð stofa með útgengi á stórar suður svalir, flott útsýni, sjónvarpsherbergi, Eldhús með fallegri innréttingu, og borðstofa. Svefnherbergi og baðherbergi. Fallegt parket á efri hæð, flísar á eldhúsi. Baðherbergi, dúkur.

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
663 3219
sigga@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

---

Kríuás 15
221 Hafnarfjörður
Gullfalleg 4ra herbergja

Stærð: 110,0 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2001
Fasteignamat: 23.000.000

RE/MAX Lind

Opið Hús

Sunnudag 1.september kl: 15.00-15.30

Verð: 28.900.000

Björt og falleg 4ra herbergja íbúð á 2.hæð í þriggja hæða fjölbýli með lyftu.
Rúmgóð forstofa með ljósum fataskáp, flísar á gólfi. Eldhús með fallegri ljósri innréttingu, borðkrókur við glugga sem vísar til vesturs. Björt og rúmgóð stofa, gengið út á vestur svalir úr stofu. Þrjú rúmgóð herbergi, parketlögð og með skápum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar, ljós innréttingu. Þvottahús innan íbúðar. Húsið lítur vel út að utan. Sér geymsla í sameign. Sameiginleg hjóla og vagnageymsla.

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
662 1166
johanna@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
5107900
thorunn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

---

Ásholt 3
270 Mosfellsbær
Einbýli með aukaíbúð.

Stærð: 321,8 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1973
Fasteignamat: 58.800.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Opið Hús

Opið hús laugardag 31.ágúst, 14-14:30

Verð: 61.700.000

Glæsilegt einbýli á fallegum stað í Mosfellsbæ. Húsið málað að utan í sumar. Auka íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins. Efri hæð: Flísalögð forstofu, þvottahús innaf forstofu, eldhús með fallegri innréttingu. Rúmgóð stofa með parket á gólfi, úgengi á verönd, fallegan garð og sólskála með heitum potti. þrjú svefnherbergi. Baðherbergi og gestasalerni á hæðinni. Stór bílskúr. Á neðri hæð er 2ja herbergja íbúð með sér inngangi. Eign sem hefur verið hugsað vel um. Sjón er sögu ríkari.

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
663 3219
sigga@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
4144700
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

---

REYKJAHVOLL 37
270 Mosfellsbær
GLÆSIHÚS Í MOSFELLSBÆ

Stærð: 252,1 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2005
Fasteignamat: 58.750.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Borg

Opið Hús

Sunnudag frá kl. 17 - 17.30

Verð: 79.000.000

RE/MAX Borg kynnir í einkasölu:
Sérstaklega glæsilegt 252 fermetra einbýlishús í Mosfellsbæ.
Fjögur svefnherbergi, alrými með stofu, borðstofu og eldhúsi. Verönd og pallar umhverfis húsið og heitur pottur, algjör náttúruparadís, mikill trjágróður og einstakt útsýni.

Sjón er sögu ríkari. Gunnlaugur og Úlfar taka vel á móti ykkur.

Gunnlaugur
Sölufulltrúi
844 6447
gunnlaugur@remax.is

Úlfar Davíðsson
Lögg. fasteignasali
897-9030
ulfar@remax.is

RE/MAX Borg - Ármúli 7 - 105 Reykjavík - Sími: 5195500 - www.remax.is

Opið hús

Úlfarsbraut 98

RE/MAX Borg



Sölusýning sunnudaginn kl. 14.00-16.00

Úlfarsbraut 98

Glæsilegar íbúðir í Úlfarsárdalnum

RE/MAX Borg kynnir glæsilegar íbúðir í nýju og fullbúnu klasahúsi á útsýnisstað í Úlfarsárdalnum. Um er að ræða vandað, 6 íbúða hús með stæði í bílageymslu með sér innkeyrsluhurð fyrir hverja íbúð. Vönduð og fullinnréttuð sameign. Húsið stendur neðst og vestast í hverfinu með einstöku útsýni til Reykjavíkur og yfir Grafarholtið. Fyrir framan húsið er opið, vatnsverndarsvæði Korpu og yndislegt útivistarsvæði Úlfarsárdalsins.

Við hönnun og frágang hússins var vandað til allra verka, húsið og innviðir þess var hannað 2007.

- Vandaðar íslenskar innréttingar
- Mikil lofthæð - allt að 3,5 m
- 6 íbúðir / 2 seldar
- Stærð 131 fm
- 3ja herb. með möguleika á aukaherbergi.
- 38.900.000

Þóra
Lögg. Fasteignasali
777 2882
thora@remax.is

Ásakór 9

203 Kópavogur
Glæsileg íbúð með bílskúr

Stærð: 157,5 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 30.750.000
Bílskúr: Já

Mánudag kl. 18.00-18.30 | **Verð: 39.900.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna fallega og vandaða íbúð í lyftuhúsi með bílskúr.
Íbúðin er öll rúmgóð með stóru eldhúsi, stofu/borðstofu og svölum í suður, 3 stór svefnherbergi, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa og þvottahúsi innan íbuðar. Allar innréttingar, skápar og hurðir eru vandað. Bílskúr er vel staðsettur við inngang í húsið með sér-geymslu inn af bílskúr.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
7772882
thora@remax.is

Kríuás 47

221 Hafnarfjörður
Falleg íbúð í lyftuhúsi

Stærð: 78,5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2002
Fasteignamat: 18.100.000

Mánudag kl. 18.00-18.30 | **Verð: 25.000.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna fallega íbúð á 3ju hæð í viðhaldslitlu húsi á miklum útsýnisstað. Íbúðin hefur stórt alrými fyrir eldhús, borðstofu og stofu, 2 svefnherbergi, stórt baðherbergi og forstofu/hol. Allar hurðir úr hnotu, falleg gólfefni og stórkostlegt útsýni til vesturs.
Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
7772882
thora@remax.is

Hvassaleiti 6 - íbúð 301

103 Reykjavik
Falleg - endurnýjuð íbúð

Stærð: 99,1 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1960
Fasteignamat: 22.250.000



Þriðjudaginn 3. sept kl. 18.00-18.30 | **Verð: 29.500.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna fallega og alveg endurnýjaða íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús með borðkrók, 2 stórar stofur með miklu útsýni og svalir til vesturs, 2 svefnherbergi, baðherbergi með aðstöðu fyrir þvottavél og hol/vinnurými. Allar innréttingar og skápar eru nýleg (2007) frá Brúnás. Húsið er að mestu ál-klætt að utan og því viðhaldslétt.
Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
7772882
thora@remax.is

Skipasund 11

104 Reykjavík
Falleg risíbúð - gólffl. 90 fm

Stærð: 69,9 fm
Fjöldi herbergja: 3-4
Byggingarár: 1947
Fasteignamat: 18.850.000

Þriðjudaginn 3 sept. kl. 19.00-19.30 | **Verð: 24.900.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna rúmgóða rishæð í þessu vinsæla hverfi miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin skiptist í rúmgott hol með nýlegum fataskáp, stórt eldhús með eldri innréttingu og stórum borðkrók, stofu, stórt hjónaherbergi, rúmgott barnaherbergi, nýlega uppgert baðherbergi og geymsluloft. Íbúðin sem er tæpir 90 fm. að gólffleti er vel skipulögð með miklu skápaplássi undir súð og nýjum skápum og innréttingu á baði.
Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
7772882
thora@remax.is

Kiðjaberg - lóð 119

801 Selfoss
Fallegt heilsárshús

Stærð: 94,5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2005
Fasteignamat: 21.895.000



Laugardag kl. 15.00-17.00 | **Verð: 32.000.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna vandað og fullbúið hús á eignarlóð í landi Kiðjabergs í Grímsnesi. Húsið skiptist í forstofu, baðherbergi með sturtu, 3 góð svefnherbergi (2 með skápum) stórt alrými með eldhúsi, borðstofu og setustofi og útgengi út á pall (suður). Loft er yfir húsinu að hluta með fullri lofthæð. Húsið er vandað timburhús með útigeymslu með vatni og rafmagni, pallar eru á þrjá vegu og heitur pottur.
Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
7772882
thora@remax.is

Klapparstígur 7- íbúð 502

101 Reykjavík
Glæsileg íbúð á efstu hæð

Stærð: 111,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1999
Fasteignamat: 34.550.000
Bílskúr: Já



Sunnudag kl. 17.00-17.30 | **Verð: 44.900.000**

RE/MAX Borg og Þóra kynna glæsilega íbúð á tveimur hæðum á efstu hæð í vönduðu húsi við Klapparstíg. Íbúðin sem hefur góða stofu, eldhús og baðherbergi á neðri hæð og gott sjónvarpshol, 2 svefnherbergi og baðherbergi á efri hæð er vönduð og vel um gengin. Henni fylgir stæði í bílageymslu, sér geymsla, þvottahús á hæðinni og húsvörður í húsinu. Lóðin og allt umhverfi er fallegt og afar vel hyrt. Þetta er eign fyrir vandláta.
Allar frekari uppl. veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Þóra Birgisdóttir
Lögg. fasteignasali
7772882
thora@remax.is

Konráð og félagar á ferð og flugi 59

Bragi Halldórsson

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut," sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata eins ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir," sagði hún önug. „Þér finnast þær örugglega bara skemmtilegar af því að þú ert betri en við í þeim," bætti hún við. „Sko," sagði Lísaloppa. „Það á að taka átta eldspýtur þannig að eftir verði tveir ferhyrningar." Konráð horfði hálf ringlaður á þrautina. Eldspýtnaþrautir voru ekki alveg hanns sterkasta hlið. „Svona nú," sagði Lísaloppa. „Reynið þið að leysa þessa þraut." „Nei," sagði Kata önug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaþrautir." „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?" sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um og mundi að það hafði ekki verið svo erfitt þegar hún loksins lét til leiðast að prófa. „Allt í lagi," tilkynnti hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta."

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut?



Brandarar

Tvær appelsínur gengu yfir brú. Önnur appelsínan datt út í ána. Þá sagði hin: „Fljót, skerðu þig í báta!"

„Af hverju ertu með pylsu á bak við eyrað?"
„Æ, nei, þá hlýt ég að hafa borðað blýantinn!"

„Hvernig kemur þú fíl inn í ísskáp?"
„Það er ekki hægt, nema þú látir sérsmíða risastóran ísskáp."

Dómarinn: „Ertu sekur?"
Sá seki: „Nei, herra dómari."
Dómarinn: „Hefurðu stolið einhverju áður?"
Sá seki: „Nei, þetta var í fyrsta sinn."

Leikurinn

Ólsen ólsen er spil sem spilað er með venjulegum fimmtíu og tveggja spila spilastokki. Markmiðið með leiknum er að losa sig við öll spil á hendi og sá sem gerir það fyrstur vinnur.

Leikendum eru gefin fimm spil hverjum og síðan er bunkinn settur á mitt borðið við hliðina á einu spili sem snýr upp. Sá byrjar sem er á vinstri hönd þess sem gefur og spilað er réttsælis. Sá sem byrjar verður að setja niður spil af sömu sort og snýr upp og aðeins eitt í einu. Tvær leiðir eru til að skipta um sort. Það má breyta með áttu eða ef maður á tvö eða fleiri spil að sömu hæð (til dæmis tvær tíur eða þrjá gosa) má setja þau öll út og verður þá það spil sem er efst nýja sortin.

Ef leikandi getur ekkert gert dregur hann allt að þrisvar og ef hann getur enn þá ekkert gert segir hann pass og þá á hinn að gera. Enn fremur verður að segja **„ólsen"** þegar maður getur lokað, annaðhvort þegar maður er aðeins með eitt spil eftir á hendi eða til dæmis tvö eins (tvær tíur sem dæmi) og **„Ólsen ólsen"** þegar maður leggur niður síðasta spilið (eða spilin) og sigrar.

ATLI SVAVARSSON Atli er framtíðar-fréttamaður og ljósmyndari. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ætla að vera í sjónvarpinu alla daga

Atli Svavarsson er sex ára og því eitt þeirra fjölmörgu barna sem eru að hefja skólagöngu þessa dagana. Hann ætlar að verða sérfræðingur í að skoða dýr og vera í sjónvarpinu alla daga. Þá ætlar hann að heita Atli Bertenborro.

Í hvaða skóla ert þú, Atli? Ég er í 1. bekk í Laugarnesskóla.

Hvað hlakkar þú mest til að læra í skólanum? Ég hlakka mest til að fara í Laugasel.

Er það skóladagheimili? Já.

„Það er alltaf neikvætt þegar öflugur leikmaður dettur út. Alfreð hefur verið að spila frábærlega þannig að eðlilega vil ég hafa hann í liðinu eða til taks á bekknum hið minnsta. Lið eins og það íslenska mun alltaf sakna leikmanns eins og Alfreðs," segir Lagerbäck en hann býst ekki við því að riðla leikkerfi liðsins þó svo Alfreð verði ekki með.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur átt mjög góðar innkomur í íslenska liðið upp á síðkastið. Hans innkoma hefur oftar en ekki lyft spili liðsins upp á annað plan. Kemur til greina að vera með Eið í byrjunarliðinu að þessu sinni?

„Það er enn töframáttur í fótum Eiðs Smára þó svo hann sé að eldast. Þetta er alltaf spurning um jafnvægið í liðinu en Eiður kemur klárlega til greina í byrjunarliðið. Við Heimir [Hallgrímsson aðstoðarþjálfari] erum að fara yfir leikinn og við vonumst til þess að geta komið Svisslendingum á óvart. Ég vil því ekkert segja um það á þessu stigi hvað við ætlum okkur að gera." henry@frettabladid.is

www.reykjavik.is/styrkir

Styrkir Reykjavíkurborgar

Reykjavík City grants
Granty Miasta Reykjavík

Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2014. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinna málaflokka:

- ***félags- og velferðarmála***
- ***skóla- og frístundamála***
- ***íþrótta- og æskulýðsmála***
- ***mannréttindamála***
- ***menningarmála***

Á vefsíðunni **www.reykjavik.is/styrkir** er hægt að sækja um og finna leiðbeiningar um umsóknarferli. Einnig er þar að finna reglur um styrkveitingar og nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum. **Umsóknarfrestur er til 1. október nk.** og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um. Við mat á umsóknum munu reglur Reykjavíkurborgar um styrki og mannréttindastefna Reykjavíkurborgar vera höfð til hliðsjónar. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir alla jafna hvorki veittir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- *markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð*
- *hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf*
- *hvort unnt sé að meta framvindu verksins*
- *hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur*
- *væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi*
- *fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn*

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í ársbyrjun 2014.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið: ***styrkir@reykjavik.is***
More information: ***styrkir@reykjavik.is***
Wiecej informacji: ***styrkir@reykjavik.is***

Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Fyrir konur og karla, CLUB FIT
6-vikna námskeið

ÞOLÞJÁLFUN - LYFTINGAR
STEMNING - ÁRANGUR

Ný námskeið að byrja

HREYFING | BLUE LAGOON ICELAND

STOLTIR STJÓRAR Skotinn David Moyes (til vinstri) og Norður-Írinn Brendan Rodgers hafa farið vel af stað á leiktíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Moyes mætir í risaslag á Anfield

David Moyes gerir sína tólftu tilraun til að leggja Liverpool að velli á útivelli.

FÓTBOLTI David Moyes fær enn eina prófraunina í starfi stjóra Manchester United á sunnudag þegar hann mætir með strákana sína á Anfield í Liverpool. Þá getur hann unnið bug á eigin Liverpool-grýlu, en í ellefu tilraunum tókst honum aldrei að stýra Everton til sigurs á Anfield.

„Ég efast nú um að ég fái betri móttökur sem stjóri Manchester United en stjóri Everton. Það er alltaf erfitt að mæta á Anfield en ég hlakka til leiksins," sagði Moyes á blaðamannafundi í gær.

Liverpool hefur unnið 1-0 sigur í tveimur fyrstu leikjum sínum í deildinni. Daniel Sturridge hefur skorað bæði mörk Rauða hersins, en enski framherjinn hefur skorað tíu mörk í síðustu átta leikjum liðsins og er sjóðandi heitur.

Með sigri getur Liverpool jafnað sína bestu byrjun í ensku úrvalsdeildinni. Liðið vann síðast sigra í fyrstu þremur leikjunum í deildinni undir stjórn Roys Evans haustið 1995.

Gylfi Þór Sigurðsson verður í leikmannahópi Tottenham sem sækir Arsenal heim í Lundúnaslag. Bæði lið unnu góða sigra í Evrópukeppnum í vikunni. Tottenham hefur byrjað tímabilið á sama hátt og Liverpool, unnið tvo 1-0 sigra með mörkum Roberto Soldado úr vítaspyrnum.

Þá reyna Aron Einar Gunnarsson og félagar í Cardiff að fylgja eftir sigrinum á Manchester City um síðustu helgi þegar liðið tekur á móti Everton. - ktd

SPORT HD

11.30 Man. City - Hull
Sport 2
13.00 Metamót Spretts
Sport
14.00 Cardiff - Everton
Sport 2
14.00 Newcastle - Fulham
Sport 3
14.00 West Ham - Stoke
Sport 4
14.00 Norwich - Southampton
Sport 5
14.00 Crystal Palace - Sunderland
Sport 6

Sunnudagur
10.00 Real Madrid - Athletic Bilbao
Sport
12.30 Liverpool - Manchester United
Sport 2
12.30 West Brom - Swansea
Sport 3
13.00 RN Löwen - Wetzlar
Sport 4
13.00 Metamót Spretts
Sport
15.00 Arsenal - Tottenham
Sport 2
18.00 Keflavík - Stjarnan
Sport
19.00 Valencia - Barcelona
Sport 3
22.00 Pepsi-mörkin
Sport og Vísir.is

ÞORKELL MÁNI PÉTURSSON Keflavík hefur náð í 10 stig síðan hann mætti á svæðið í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Máni mætir „sínu" liði

FÓTBOLTI Heil umferð fer fram í Pepsi-deild karla á morgun en eftir hana verða aðeins fjórar umferðir eftir og þær verða allar spilaðar eftir ellefu daga landsleikjahlé.

Topplið KR sækir botnlið ÍA heim, en KR er með fjögurra stiga forskot á FH, sem fær á sama tíma Ólafsvíkinga í heimsókn. Víkingar sitja í næstneðsta sæti deildarinnar, þremur stigum frá öruggu sæti.

Það verða margra augu á sjónvarpsleiknum (Stöð 2 Sport) en Keflavík tekur þá á móti Stjörnunni. Keflvíkingar hafa verið á skriði að undanförnu (sjö stig í þremur leikjum) en einn harðasti stuðningsmaður Stjörnunnar, Þorkell Máni Pétursson, gerðist á dögunum aðstoðarþjálfari Kristjáns Guðmundssonar í Keflavík. Stjörnunni hefur gengið illa á útivelli en verður helst að vinna til að halda sér inni í baráttunni um titilinn.

Hinir þrír leikirnir eru síðan: Þór-Fram (klukkan 17.00), ÍBV-Valur (17.00) og Breiðablik-Fylkir en allir leikir fara fram klukkan 18.00 nema þar sem annað er tekið fram. - óój

Ertu klár í skólann?

www.skor.is

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Kaupfélagið
Kringlan - Smáralind

Kvíði því ekki að þjálfa stelpurnar

Freyr Alexandersson var í gær ráðinn landsliðsþjálfari kvenna til tveggja ára. Hann tekur við liðinu af Sigurði Ragnari Eyjólfssyni, sem náði mögnuðum árangri með liðið. Freyr segir að það sé lítill munur á því að þjálfa stráka og stelpur en hann þjálfar karlalið í dag.

FÓTBOLTI Samningur Freys við KSÍ nær fram yfir lokakeppni HM 2015 sem fram fer í Kanada. Fyrsta verkefni Freys með liðið er leikur í undankeppninni gegn Sviss á Laugardalsvelli þann 26. september.

Freyr er ekki búinn að finna sér aðstoðarþjálfara og líklega verður Heimir Hallgrímsson, aðstoðarþjálfari karlalandsliðsins, við hlið Freys í leiknum gegn Sviss.

„KSÍ hafði samband við Leikni fyrir síðustu helgi en þeir leyfðu mér að klára leikinn á laugardag áður en talað var við mig. Það gerðist ekki fyrr en á sunnudaginn," segir Freyr en hann er þjálfari karlaliðs Leiknis í 1. deildinni.

Hann er ekki ókunnugur kvennaboltanum enda var hann þjálfari kvennaliðs Vals og vann með því fimm stóra titla.

„Það var ýmislegt sem ég þurfti að skoða áður en ég skrifaði undir. Fyrst og fremst með Leikni og svo í vinnunni minni í Steypustöðinni. Svo þurfti að ræða við fjölskylduna og athuga hvort þetta myndi allt ganga upp," segir Freyr en hann mun halda áfram að þjálfa Leiknisliðið.

„Ég varð strax spenntur fyrir starfinu. Mér finnst þetta áhugavert starf og gott tækifæri fyrir mig."

Kvennalandsliðið hefur verið á stöðugri uppleið undir stjórn Sigurðar Ragnars og komst til að mynda í átta liða úrslit á EM. Hvernig sér Freyr fyrir sér framtíð liðsins? „Mér finnst liðið enn vera á fínum aldri. Auðvitað eru þarna leikmenn sem eru búnir að spila í sjö ár og mér finnst þær flestar vera nægilega góðar til þess að spila áfram. Við þurfum að halda áfram að byggja við það sem Siggi og hans fólk gerði mjög vel," segir Freyr.

Nýju fólki fylgja oft breytingar. Hvaða breytingum má búast við hjá Frey?

„Það væri glórulaust að kúvenda liðinu fyrir næsta leik sem er handan við hornið. Að sjálfsögðu munu einhver ný andlit koma inn og svo á ég eftir að ræða við leikmenn. Ég vil breyta um leikstíl að einhverju leyti en hvenær ég get gert það verður að koma í ljós. Ég er hrifinn af góðu kantspili og við eigum leikmenn í það. Ég vil líka spila góðan varnarleik enda vinna lið ekki neitt nema spila almennilegan varnarleik. Liðið verður vel skipulagt og svo erum við með það góða sóknarmenn að við eigum að geta sótt af afli og einfaldur, kraftmikill sóknarleikur á að geta skilað okkur stigum."

Freyr þjálfaði Valsliðið um tíma með Elísabetu Gunnarsdóttur. Elísabet sagði í viðtali á dögunum að það væri erfitt að þjálfa konur þar sem þær kynnu að búa til dramatík.

„Ég er að þjálfa karlalið í Breiðholtinu og þeir eru ekkert skárri. Þar sem kemur saman hópur af kappsömum íþróttamönnum þá verða eðlilega árekstrar en auðvitað koma öðruvísi mál hjá stelpunum. Ég hef þjálfað stelpur áður og veit út í hvað ég er að fara. Ég kvíði því ekki. Að sjálfsögðu þarf samt alltaf að vera á tánum, sama hvort maður er að þjálfa stelpur eða stráka," segir Freyr en er eitthvað sérstaklega erfitt við að þjálfa stelpur?

„Að þjálfa stelpur í þessum gæðaflokki og alvöru íþróttamenn, karlmenn, það er enginn munur. Það koma upp sömu vandamál. Leikmenn eru óánægðir ef þeir fá ekki að spila og það er eðlilegt vandamál. Ég get því ekki bent á neitt sérstakt ef ég á að vera heiðarlegur."

Freyr segist ekki leggja neina sérstaka áherslu á að vera með konu sem aðstoðarmann en hann mun þó nýta sér krafta Elísabetar Gunnarsdóttur.

„Elísabet er eina konan sem kemur til greina. Hvort sem hún verður aðstoðarmaður eða ekki þá mun hún koma á einhvern hátt að liðinu."

henry@frettabladid.is



FIMM TITLAR Á PREMUR ÁRUM Freyr Alexandersson var aðalþjálfari kvennaliðs Vals frá 2008 til 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



ÚTSALA Á GOLFSKÓM

30% AFSLÁTTUR

23. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER

Golf Street - herra
Stærðir: 39 - 47
Vörunr.: 150574-57660
Nú kr. 17.995
Var kr. 24.995

Golf Biom - herra
Stærðir: 40 - 47
Vörunr.: 131004-56393
Nú kr. 24.995
Var kr. 34.995

Golf Street - herra
Stærðir: 39 - 47
Vörunr.: 150564-51707
Nú kr. 18.995
Var kr. 26.995

Biom Golf Hybrid - herra
Stærðir: 40 - 47
Vörunr.: 131524-57870
Nú kr. 20.995
Var kr. 29.995

Golf Street - dömu
Stærðir: 35 - 42
Vörunr.: 121043-57677
Nú kr. 17.995
Var kr. 24.995

Biom Golf Hybrid - dömu
Stærðir: 36 - 42
Vörunr.: 100513 57676
Nú kr. 20.995
Var kr. 29.995

Biom Golf Hybrid - dömu
Stærðir: 36 - 42
Vörunr.: 100513 56528
Nú kr. 20.995
Var kr. 29.995

ecco KRINGLAN Sími 553 8050

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN SMÁRALIND Sími 551 8519

ecco®

Á INNI Valdís varð Íslandsmeistari í höggleik árið 2009 og 2012 og í holukeppni sumarið 2010. Henni hefur hins vegar gengið upp og ofan í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vill upplifa drauminn

Valdís Þóra Jónsdóttir stefnir á atvinnumennskuna.

GOLF „Ég hef stefnt að þessu síðan ég var sautján ára," segir Valdís Þóra Jónsdóttir, kylfingur úr Leyni. Valdís Þóra, sem verður 24 ára þann 4. desember, hefur leik á úrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina degi síðar. Leikið verður í Marokkó þar sem þrjátíu efstu sætin gefa þátttökurétt á mótaröðinni á næsta ári.

Valdís hefur verið við háskólanám í Texas í Bandaríkjunum undanfarin fjögur ár. Hún lagði áherslu á innanhússhönnun og lauk náminu í sumar. Hún segist hafa velt fyrir sér að reyna við mótaröðina vestanhafs sem fram fór í vikunni.

„Þar sem ég var að breyta sveiflunni minni í maí ákvað ég að bíða og reyna frekar við Evrópumótaröðina."

Valdís var nýkomin úr líkamsrækt þegar blaðamaður heyrði í henni hljóðið í gærmorgun. Hún æfir af krafti hér heima út september en heldur svo til Orlando í Bandaríkjunum í byrjun október. Þar mun hún æfa við bestu aðstæður í tvo mánuði.

„Það er erfitt að æfa hérna heima þegar veðrið er ekki að vinna með manni," segir Valdís Þóra sem mun búa í húsi með Alexander Aroni Gylfasyni og Þórði Rafni Gissurarsyni ytra.

„Það verður gott að fá samkeppni frá þeim," segir Valdís sem ætlar að vera komin til Marokkó ekki seinna en 1. desember. Þá fær hún fjóra daga til æfinga fyrir stóru stundina.

„Ég ætla að nýta tímann vel til að jafna mig á tímamismuninum og kynnast grasinu."

Valdís segir mikinn kostnað fylgja æfingaferðinni til Bandaríkjanna og ferðalaginu til Marokkó. Hún stendur því fyrir styrktarmóti í samstarfi við Leyni á Garðsvelli á Akranesi sunnudaginn 8. september. - ktd

Kauptu eina tegund af vítamíni og fáðu aðra með 50% afslætti

Alpha Lipoic Acid 100mg
- Jafnar blóðsykur
- Andoxandi

Super Lactase 375mg
- Við mjólkuróþoli
- Brýtur niður mjólkursykur

Artichoke Extract 350mg
- Hreinsar lifur
- Lækkar kólesteról
- Gegn brjóstsviða

Ashwagandha 300mg
- Bólgueyðandi
- Vinnur gegn slitgigt

Guarana 800mg
- Betri einbeiting
- Meiri orka
- Meiri kynorka

CoEnzyme Q-10 200mg
- Andoxandi
- Orkugefandi
- Lækkar kólesteról

Grapeseed Extract 100mg
- Gegn Candida
- Bólgueyðandi
- Bætir blóðflæði, lækkar kólesteról

Beetroot Extract 900mg
- Eykur úthald
- Andoxandi
- Lækkar blóðþrýsting

Blue Green Algae 500mg
- Styður ónæmiskerfið
- Gott fyrir grænmetisætur
- Hátt hlutfall af B12

Chlorella 500mg
- Styður ónæmiskerfið
- Orkugefandi og næringarríkt
- Losar þungmálma

Turmeric 400mg
- Kemur í veg fyrir bólgumyndun
- Bætir meltingu og hreinsar lifur
- Gott við liðagigt

African Mango 1200mg
- Minnkar matarlyst
- Lækkar kólesteról
- Hitaaukandi og vatnslosandi

Ester-C 500mg
- C vítamín án sýru
- Betri upptaka og nýting
- Styrkir ónæmiskerfið, andoxandi

Lutigold Extra 20mg
- Gegn hrörnun í augnbotnum
- Gegn slæmri sjón

Raspberry Ketones 500mg
- Kemur jafnvægi á hormóna
- Eykur brennslu

Pomegranate 250mg
- Lækkar kólesteról
- Hreinsar æðar
- Bætir blóðflæði

GILDIR FYRIR ÖLL VÍTAMÍN OG BÆTIEFNI Í BÚÐINNI - YFIR ÞÚSUND TEGUNDIR

Þín vellíðan, er okkar hagur!

HOLLAND & BARRETT

Smáralind

heilbrigt líf

Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett - Ísland • Gildistími 31.08-15.09 • Greitt er fyrir dýrari vöruna

DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR

Stöð 2 kl.19.50

Harry's Law

Önnur þáttaröðin um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn (Kathy Bates) sem hætti hjá þekktri lögfræðistofu og stofnaði sína eigin. Ásamt harla óvenjulegum hóp samstarfsfólks tekur hún að sér mál þeirra sem minna mega sín.

Í KVÖLD

Stöð 2 kl. 20.35

RIZZOLI & ISLES Þriðja þáttaröðin um rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninnn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar saman.

TV.COM 7,9 IMDb 7,0

Popptíví kl. 19.20

TWO AND A HALF MEN Áttunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

TV.COM 8,4 IMDb 6,9

SkjárEinn kl. 21.15

LAW & ORDER: SPECIAL VICTIMS UNIT (1:23) Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg. Deildin þarf að eiga við eina viðurstyggilegustu glæpi sem framdir eru í borginni.

TV.COM 7,9 IMDb 7,9

Bylgjan kl. 10.00

Sprengisandur

Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Páttur sem vitnað er í. Stjórnmálamenn, sérfræðingar og spekingar eru tíðir gestir á Sprengisandi.

ÚTSÖLULOK

LOKADAGUR LAUGARDAGINN 30. ÁGÚST

AVIGNON

ÁÐUR kr. 232.400 kr. 185.900

PETRA HORNSÓFI 260X210

ÁÐUR kr. 199.900 kr. 149.900

OVERLAY SÓFABORÐ 120x63

ÁÐUR kr. 73.800 kr. 59.000

76x55

ÁÐUR kr. 49.900

kr. 39.900

JOY STÓLL + SKEMILL

ÁÐUR kr. 271.800 kr. 217.800

PÚÐAR 20-50% AFSLÁTTUR

SÓFAR
STÓLAR
SKÁPAR
SÓFABORÐ
SMÁVARA

MURCIA LAMPI

ÁÐUR kr. 36.400 kr. 27.300

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Hello Kitty
07.35 Villingarnir
07.55 UKI
08.00 Algjör Sveppi
08.30 Doddi litli og Eyrnastór
08.40 Algjör Sveppi
10.05 Grallararnir
10.25 Hundagengið
11.15 Xiaolin Showdown
11.40 Batman: The Brave and the bold
12.00 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 Bara grín *(4:6)*
14.45 Go On *(5:22)*
15.35 Hið blómlega bú
16.10 Mannshvörf á Íslandi *(8:8)*
17.35 60 mínútur
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn *(1:30)*
19.10 Næturvaktin Íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum.
19.50 Harry's Law *(15:22)* Önnur þáttaröðin um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn *(Kathy Bates)* sem hætti hjá þekktri lögfræðistofu og stofnaði sína eigin. Ásamt harla óvenjulegum hóp samstarfsfólks taka þau að sér mál þeirra sem minna mega sín.
20.35 Rizzoli & Isles *(13:15)* Þriðja þáttaröðin um rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninnn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar saman.
21.20 Broadchurch *(4:8)*
23.30 Crossing Lines *(8:10)* Sakamálaþáttaröð sem fjallar um hóp þrautþjálfaðra rannsóknarlögreglumanna sem ferðast um Evrópu og rannsaka dularfull sakamál.
00.15 60 mínútur
01.00 Nashville *(10:21)*
01.45 Suits *(5:16)*
02.30 The Newsroom *(7:9)*
03.20 The Untold History of The United States *(1:10)*
04.20 Vesalingarnir: 25 ára afmælistónleikar

Popptíví

19.00 Friends *(17:23)*
19.20 Two and a Half Men *(10:16)*
19.40 Simpson-fjölskyldan *(4:22)*
20.05 Suburgatory *(9:22)*
20.30 Suburgatory *(10:22)*
20.50 Hart of Dixie *(21:22)*
21.35 Hart of Dixie *(22:22)*
22.20 The Carrie Diaries
23.00 The Carrie Diaries
23.45 The Cleveland Show *(1:22)*
00.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

INN

14.00 Frumkvöðlar **14.30** Golf fyrir alla **15.00** Eldhús meistaranna **15.30** Sædís í Gleym mér ei **16.00** Hrafnaþing **17.00** Eldað með Holta **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur, tækni og kennsla **19.00** Veiðin og Bender **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

SPORT *besta sætið*

09.20 La Liga Report
09.50 Real Madrid - Athletic Bein útsending
13.00 Metamót Spretts Bein útsending
17.15 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
17.45 Keflavík - Stjarnan Bein útsending
20.10 NBA
22.00 Pepsi mörkin 2013
23.15 Valencia - Barcelona
01.20 Keflavík - Stjarnan
03.10 Pepsi mörkin 2013

SPORT 2 *enski boltinn*

08.55 Crystal Palace - Sunderland
10.35 Newcastle - Fulham
12.15 Liverpool - Man. Utd Bein útsending
14.45 Arsenal - Tottenham Bein útsending
17.00 Cardiff - Everton
18.40 Man. City - Hull
20.20 Liverpool - Man. Utd
22.00 Arsenal - Tottenham
23.40 West Ham - Stoke

krakkar

07.00 Latibær *(18:18)* **07.25** Ævintýri Tinna **07.45** Svampur Sveinsson **08.10** Svampur Sveinsson **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.55** Áfram Diego, áfram! **09.20** Dóra könnuður **10.05** Doddi litli og Eyrnastór **10.15** Ævintýraferðin **10.25** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.45** Hello Kitty **10.55** Kalli kanína og félagar **11.00** Kalli kanína og félagar **11.10** Lína langsokkur **11.35** Latibær *(18:18)* **12.00** Ævintýri Tinna **12.25** Svampur Sveinsson **13.15** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.40** Áfram Diego, áfram! **14.05** Dóra könnuður **14.30** Dóra könnuður **14.55** Doddi litli og Eyrnastór **15.05** Ævintýraferðin **15.15** Fjörugi teiknimyndatíminn **15.35** Hello Kitty **15.45** Kalli kanína og félagar **15.50** Kalli kanína og félagar **15.55** Latibær *(18:18)* **16.20** Ævintýri Tinna **16.40** Svampur Sveinsson **17.05** Svampur Sveinsson **17.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.50** Áfram Diego, áfram! **18.15** Dóra könnuður **18.40** Dóra könnuður **19.05** Doddi litli og Eyrnastór **19.15** Ævintýraferðin **19.25** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.45** Hello Kitty **19.55** Kalli kanína og félagar

GULL

20.00 Viltu vinna milljón?
20.45 Men in Trees *(10:19)*
21.30 Grey's Anatomy
22.15 Lois and Clark *(10:22)*
23.00 Viltu vinna milljón?
23.45 Men in Trees *(10:19)*
00.30 Grey's Anatomy
01.15 Lois and Clark *(10:22)*
02.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BÍÓ

09.40 Garfield: The Movie
11.00 African Cats
12.30 Serious Moonlight
13.55 The King's Speech
15.50 Garfield: The Movie
17.10 African Cats
18.40 Serious Moonlight
20.05 The King's Speech
22.00 Water for Elephants
00.00 J. Edgar
02.15 The Goods: Live Hard, Sell Hard

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar **08.01** Kioka **08.08** Með afa í vasanum (**11:14**) **08.20** Stella og Steinn (**22:52**) **08.32** Babar (**17:26**) **08.54** Kúlugúbbar **09.17** Millý spyr (**4:78**) **09.24** Sveppir (**4:26**) **09.31** Undraveröld Gúnda (**13:18**) **09.54** Kafteinn Karl (**7:26**) **10.06** Chaplin (**11:52**) **10.13** Fum og fát (**17:20**)
10.25 Ævintýri Merlíns *(1:13)*
11.15 Nýsköpun - Íslensk vísindi *(12:12)*
11.45 Gengið um garðinn *(3:3)*
12.20 Mótókross
13.00 Sterkasti maður Íslands
13.55 HM íslenska hestsins
14.25 Landsmót UMFÍ
14.55 Pink Floyd og Wish You Were Here
16.00 Af hverju fátækt? - Örbirgð í aldanna rás *(Why Poverty?: Poor Us)*
16.55 Sauðfjárrækt - Í sátt við land og þjóð
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Poppý kisuló *(26:52)*
17.40 Teitur *(37:52)*
17.50 Kóalabræður *(1:13)*
18.00 Stundin okkar *(15:31)*
18.25 Græn gleði *(10:10) (Grønn glede)*
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni *(1:6)* Í þessum þætti kynnumst við knattspyrnulífinu hjá Gylfa Þór Sigurðssyni sem leikur með enska úrvaldsdeildarliðinu Tottenham.
20.10 Hálfbróðirinn *(1:8) (Halvbroren)* Norskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Lars Saabye Christensen sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hana.
21.00 Palme Sænsk heimildarmynd um Olof Palme forsætisráðherra Svíþjóðar sem var myrtur árið 1986.
22.45 Rudo og Cursi *(Rudo y Cursi)* Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.
00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.05 Dr. Phil
12.30 Kitchen Nightmares *(3:17)*
13.20 Last Comic Standing *(10:10)*
14.45 Men at Work *(7:10)*
15.10 Rules of Engagement *(2:13)*
15.35 Happy Endings *(1:22)*
16.00 Parks & Recreation *(1:22)*
16.25 Bachelor Pad *(5:6)*
17.55 Rookie Blue *(3:13)*
18.45 Monroe *(4:6)*
19.35 Judging Amy *(3:24)* Bandarísk þáttaröð um lögmanninn Amy sem gerist dómari í heimabæ sínum.
20.20 Last Chance to Live *(6:6)*
21.15 Law & Order: Special Victims Unit *(1:23)* Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg.
22.00 Leverage *(14:16)*
22.45 Nurse Jackie *(10:10)*
23.15 House of Lies *(10:12)*
23.45 Flashpoint *(11:18)*
00.35 Leverage *(14:16)*
01.20 Excused
01.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **10.30** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(2:4)* **13.05** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(2:4)* **16.05** The Open Championship Official Film **2009** **17.**00 Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(3:4)* **22.00** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(3:4)* **01.00** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

NÝ NÁMSKEIÐ !



Næstu námskeið hefjast
2. og 16. september

Boot cAmp

www.bootcamp.is

Boot cAmp Crossfit STÖÐIN

www.crossfitstodin.is

DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

Reese Witherspoon

„Mér finnst kvikmyndir vera frábærar og finnst gaman að vinna við að búa þær til. En það er ekki það sem heldur á manni hita á nóttunni eða það sem er mikilvægast í lífinu þegar allt kemur til alls. “

Reese Witherspoon fer með eitt aðalhlutverka í myndinni Water for Elephants sem er á dagskrá Bíórásarinnar klukkan 22.00 í kvöld.

Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

GAGGA JÓNSDÓTTIR KVIKMYNDAGERÐARKONA.

Ég horfi frekar lítið á sjónvarp á sumrin en í vetur sem leið voru Borgen og Forbrydelsen í uppáhaldi og ég mátti helst ekki missa af þætti. Ég reyni að horfa ekki á efni sem er stolið af netinu þar sem ég vinn við kvikmyndagerð og trúi á karmalögguna.“

1 **Borgen** Vel skrifaðir og vel gerðir þættir. Það skemmir heldur ekki fyrir að persónurnar eru konur sem takast á við vandamál sem fylgja því að reyna að samræma frama og fjölskyldulíf.

2 **Modern Family** Goði vinur minn kynnti mig fyrir þessum þáttum þegar þeir voru fyrst að byrja og þeir eru í miklu uppáhaldi. Mátulega langir og hrikalega fyndnir.

3 **Downton Abbey** Ég var með fordóma gagnvart þessum þáttum þegar þeir voru að byrja á RÚV. Svo fékk ég seríurnar lánaðar hjá ömmu minni og get nú vart beðið eftir þeirri næstu.

Rás 2 kl. 15.02

Grínistar hringborðsins

Í laugardagsþættinum Grínistar hringborðsins leiða íslenskir grínistar saman hesta sína, ráðast með háði að fáránleika tilverunnar, stinga með atgeirum fíflagangsins á kýlum þjóðfélagsins og senda eitraðar gleðiörvar út í þjóðfélagið. Umsjónarmaður þáttarins er Þorsteinn Guðmundsson.

UPPLIFUM SAMAN EINU SINNI ENN

DÚMBÓ & Steini

14. SEPTEMBER, Í HÖRPU

Miðasala á Harpa.is / Midi.is, sími í miðasölu 528 5050

vinir hallarinnar

midi.is

HARPA www.harpa.is

STÖÐ 2

07.00 **Strumparnir**
07.25 **Villingarnir**
07.50 **Elías**
08.00 **Algjör Sveppi**
09.50 **Scooby-Doo!**
10.15 **Loonatics Unleashed**
10.35 **Mad**
10.45 **Ozzy & Drix**
11.10 **Young Justice**
11.35 **Big Time Rush**
12.00 **Bold and the Beautiful**
12.20 **Bold and the Beautiful**
12.40 **Bold and the Beautiful**
13.00 **Bold and the Beautiful**
13.20 **Bold and the Beautiful**
13.45 **Beint frá býli** *(4:7)*
14.25 **Two and a Half Men** *(4:22)*
14.45 **The Middle** *(4:24)*
15.10 **ET Weekend**
15.55 **Íslenski listinn**
16.25 **Sjáðu**
16.55 **Pepsi mörkin 2013**
18.10 **Latibær**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Íþróttir**
18.55 **Ísland í dag - helgarúrval**
19.10 **Lottó**
19.20 **Næturvaktin** Íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum.
19.50 **Veistu hver ég var?** *(3:8)* Laufléttur og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Sigga Hlö og mun andi níunda áratugarins vera í aðalhlutverki.
20.30 **It's Kind of a Funny Story** Hugljúf og bráðskemmtileg mynd með Zach Galifanakis úr Hangover í aðalhlutverki og fjallar um ungan mann sem er vistaður á geðsjúkrahúsi fyrir fullorðna.
22.10 **Ted**
23.55 **Seeking Justice**
01.40 **Like Minds**
03.25 **Die Hard II**
05.25 **Fréttir**

Popptíví

19.00 **Friends** *(16:23)*
19.20 **Two and a Half Men** *(9:16)*
19.40 **Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
20.05 **Crusoe** *(5:13)*
20.45 **Arrow** *(9:23)*
21.30 **Arrow** *(10:23)*
22.10 **Hellcats** *(9:22)*
22.55 **Hellcats** *(10:22)*
23.35 **Friends** *(16:23)*
00.00 **Two and a Half Men** *(9:16)*
00.20 **Simpson-fjölskyldan** *(3:22)*
00.45 **Crusoe** *(5:13)*
01.30 **Arrow** *(9:23)*
02.15 **Arrow** *(10:23)*
02.55 **Hellcats** *(9:22)*
03.40 **Hellcats** *(10:22)*
04.20 **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

INN

17.00 Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Eldað með Holta **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur, tækni og kennsla **23.00** Veiðin og Bender **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

SPORT *besta sætið*

07.50 **Stjarnan - Valur**
09.30 **Pepsi mörkin 2013**
10.50 **Bayern - Chelsea**
12.30 **La Liga Report**
13.00 **Metamót Spretts** Bein útsending
18.00 **AC Milan - PSV**
19.40 **Liverpool - Notts County**
22.00 **Morecambe - Newcastle**
23.40 **Box - Daniel Geale - Darren Barker**
02.10 **UFC London 2013** Útsending frá Wembley Arena þar sem Gunnar Nelson berst við Jorge Santiago í UFC, meistaradeildinni í blönduðum bardagalistum.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.00 **Man. Utd - Chelsea**
09.40 **Match Pack**
10.10 **Ensku mörkin - úrvalsdeildin** *(2:40)*
11.05 **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
11.35 **Man. City - Hull** Bein útsending
13.45 **Cardiff - Everton** Bein útsending
16.15 **Crystal Palace - Sunderland** Bein útsending
18.30 **Newcastle - Fulham**
20.10 **West Ham - Stoke**
21.50 **Norwich - Southampton**

krakkar

07.00 Latibær (**17:18**) **07.25** Ævintýri Tinna **07.45** Svampur Sveinsson **08.10** Svampur Sveinsson **08.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.25** Dóra könnuður **09.45** Dóra könnuður **10.10** Doddi litli og Eyrnastór **10.20** Ævintýraferðin **10.30** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.55** Hello Kitty **11.05** Kalli kanína og félagar **11.10** Kalli kanína og félagar **11.20** Lína langsokkur **11.45** Latibær (**17:18**) **12.10** Ævintýri Tinna **12.30** Svampur Sveinsson **12.55** Svampur Sveinsson **13.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.40** Áfram Diego, áfram! **14.05** Dóra könnuður **14.30** Dóra könnuður **14.55** Doddi litli og Eyrnastór **15.05** Ævintýraferðin **15.15** Fjörugi teiknimyndatíminn **15.35** Hello Kitty **15.45** Kalli kanína og félagar **15.50** Kalli kanína og félagar **15.55** Latibær (**17:18**) **16.20** Ævintýri Tinna **16.40** Svampur Sveinsson **17.05** Svampur Sveinsson **17.25** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Áfram Diego, áfram! **18.10** Dóra könnuður **18.35** Dóra könnuður **19.00** Doddi litli og Eyrnastór **19.10** Ævintýraferðin **19.20** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.40** Hello Kitty **19.50** Kalli kanína og félagar

GULL

20.00 **KF Nörd**
20.40 **Pressa** *(4:6)*
21.30 **Entourage** *(3:12)*
22.00 **Fringe** *(11:20)*
23.30 **Pressa** *(4:6)*
00.15 **Entourage** *(3:12)*
00.40 **Fringe** *(11:20)*

BÍÓ

10.20 **Astro boy**
11.55 **He's Just Not That Into You**
14.00 **A League of Their Own**
16.05 **Astro boy**
17.40 **He's Just Not That Into You**
19.55 **A League of Their Own**
22.00 **Safe House**
01.40 **The Edge**

RÚV

08.00 **Morgunstundin okkar**
08.01 **Tillý og vinir** *(36:52)*
08.12 **Háværa ljónið Urri** *(11:52)*
08.23 **Sebbi** *(23:52)*
08.34 **Úmísúmí** *(4:20)*
08.57 **Abba-labba-lá** *(4:52)*
09.10 **Litli Prinsinn** *(17:27)*
09.33 **Kung Fu Panda - Goðsagnir frábærleikans** *(20:26)*
09.56 **Grettir** *(45:52)*
10.07 **Nína Pataló** *(38:39)*
10.14 **Skúli skelfir** *(22:26)*
10.25 **360 gráður** *(14:30)*
11.00 **Með okkar augum** *(2:6)*
11.30 **70 lítil hjörtu**
12.00 **Gulli byggir - Í Undirheimum** *(8:8)*
12.30 **Popppunktur 2009** *(11:16)*
13.30 **Sumartónleikar í Schönbrunn 2013**
15.15 **Tónleikar frú Carey**
16.55 **Hvað veistu? - Dönsk geimflaug** *(Viden om: Dansk raket og styr på vejret)*
17.30 **Ástin grípur unglinginn** *(73:85)* *(The Secret Life of the American Teenager V)*
18.15 **Táknmálsfréttir**
18.25 **Golfið**
18.54 **Lottó**
19.00 **Fréttir**
19.30 **Veðurfréttir**
19.40 **Ævintýri Merlíns** *(1:13)* *(The Adventures of Merlin V)*
20.30 **Grunnhyggni Hal** *(Shallow Hal)*
22.25 **Endurskoðun málsins** *(All Good Things)*
00.05 **Leyninafn: Hreinsarinn** *(Code Name: The Cleaner)*
01.35 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

SKJÁREINN

06.00 **Pepsi MAX tónlist**
11.50 **Dr. Phil**
13.15 **Dr. Phil**
13.55 **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(3:20)*
14.25 **Judging Amy** *(2:24)*
15.10 **Psych** *(16:16)*
15.55 **Britain's Next Top Model** *(12:13)*
16.45 **The Office** *(21:24)*
17.10 **Family Guy** *(19:22)*
17.35 **The Biggest Loser** *(10:19)*
19.05 **Last Comic Standing** *(10:10)*
20.30 **Bachelor Pad** *(5:6)*
22.00 **Casino Royale** Í sinni fyrstu sendiför verður James Bond *(Daniel Craig)* að vinna hönd í póker í spilavítinu Casino Royale í Svartfjallalandi í þeim tilgangi að uppræta kaupsýslumann sem tryggir hryðjuverkasamtökum afkomu.
00.25 **Rookie Blue** *(3:13)*
01.15 **NYC 22** *(12:13)*
02.05 **Mad Dogs** *(3:4)*
02.55 **Upstairs Downstairs** *(6:6)*
03.45 **Men at Work** *(7:10)*
04.10 **Excused**
04.35 **Pepsi MAX tónlist**

SKJÁRGOLF

06.00 Eurosport **11.15** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(1:4)* **14.15** Inside the PGA Tour *(35:47)* **14.40** PGA Tour - Highlights *(33:45)* **15.35** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(1:4)* **18.35** Inside the PGA Tour *(35:47)* **19.00** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(2:4)* **22.00** Deutsche Bank Championship - PGA Tour **2013** *(2:4)* **01.00** Eurosport

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

ego dekor

ARMANDO tungusófi
Stærð: 311x173cm
Verð: 249.000.-
Útsöluverð: 199.200,-

-20%

BORÐSTOFUBORÐ Hnota
Stærð: 180x100cm
Verð: 99.900,-
Útsöluverð: 69.930,-



-30%

-30%

TOLEDO 3ja sæta og skemill
Breidd á sófa: 200cm
Verð: 185.000.-
Útsöluverð: 129.500,-

-25%

MALMO Tungusófi
Stærð: 230x158cm. Færanleg tunga
Verð: 185.000.-
Útsöluverð: 138.750,-

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20 - 50% AFSLÁTTUR

-20%

AMBER Tungusófi
Stærð: 290x165cm
Verð: 237.000.-
Útsöluverð: 189.600,-

-30%

ROYAL TV Skenkur
Hvítt háglans
Breidd: 180cm Verð: 109.000.-
Útsöluverð: 76.300,-

-25%

ORION Tungusófi
Stærð: 300x180cm
Verð: 255.000.-
Útsöluverð: 191.250,-

GLENMORE TV skenkur
Hvítt /hnota Breidd: 180cm
Verð: 108.000.-
Útsöluverð: 54.000,-

-50%

-25%

-20%

-25%

LEON Stóll
Útsöluverð: 12.675,-

PEDRO Armstóll
Útsöluverð: 39.920,-

TWIST Stóll
Útsöluverð: 13.425,-

-25%

FLAMINGO Tungusófi
Stærð: 275x191cm
Verð: 253.000.-
Útsöluverð: 189.750,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

„AF ÞVÍ AÐ ÞETTA ER SKÍTAPLEIS“

Umboðsmaður Hjaltalíns, Steinþór Helgi Arnsteinsson, bölvar Icelandair í sand og ösku á Facebook-síðu sinni. Ástæðan er sú að flugfélagið virðist ekki bjóða upp á flug til höfuðborgar Pýskalands, Berlínar, og spyr Steinþór hvers vegna í ósköpunum svo sé. Margir koma Steinþóri til aðstoðar á samskiptavefnum. Pannig bendir einn vinur hans á að hann geti gripið tengiflug í Frankfurt til Berlínar. Andri Freyr Viðarsson útvarpsmaður er þó með einfalt svar við spurningunni: „Af því að þetta er skítapleis“.

„Það er ekki fræðilegur möguleiki. Ég mun aldrei leika Robin í Batman-myndunum, Ég vil miklu frekar leika einhvern klikkaðan kall eins The Riddler.“

LEIK- OG SÖNGVARINN JUSTIN TIMBERLAKE

OMAM Á HEIMASLÓÐUM

Hljómsveitin Of Monsters and Men bjóða lýkur tónleikaferðalagi sínu um heiminn á túninu heima í Garðabæ. Sveitin kemur fram á tónleikum á túninu við Vífilsstaði í Garðabæ í kvöld. Þrír af fimm meðlimum hljómsveitarinnar eru úr Garðabæ og fjórði meðlimurinn, söngkonan Nanna Bryndís, býr nú í bænum. Hljómsveitirnar Moses Hightower og Mugison koma einnig fram á tónleikunum.

- sm

MENDES Í PJÓÐLEIKHÚSIÐ

Leikkonan Eva Mendes bankaði óvænt upp á hjá starfsmönnum Þjóðleikhússins á fimmtudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði leikkonan heillast svo af útliti hússins að hún mátti til með að skoða það að innan. Leikkonunni varð að ósk sinni og eftir að hafa fengið leiðsögn um leikhúsið þakkaði hún fyrir sig og sagði þetta hafa verið hápunkt heimsóknar sinnar til Íslands.

- sm

RAFMAGNS LÚSAKAMBUR

MEDISANA®
made for Life

3ja ára ábyrgð!

Medisana 41010
Vandaður rafmagns lúsakambur sem fjarlægir höfuðlús og egg með því að greiða í gegnum hárið. Innbyggður hreinsibursti. Íslenskur leiðarvísir.

VERÐ
3.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700
• GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380
• **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Miðaldra kennari í augum nemendanna

Dagur Kári Pétursson tók við leikstjóradeild Den Danske Filmskole, þar sem hann stundaði áður nám. Skrítið að vera kominn aftur sem kennari, segir hann.

„Mér bauðst að taka við leikstjóradeildinni við Den Danske Filmskole og eftir nokkra umhugsun ákvað ég að slá til. Fjölskyldan var líka til í smá tilbreytingu. Þetta er vissulega krefjandi og ábyrgðarmikið starf og ég upplifi það sem heiður að vera treyst fyrir því,“ segir leikstjórinn Dagur Kári Pétursson, sem er fluttur til Danmerkur ásamt fjölskyldu sinni og hefur tekið við leikstjóradeild hins virta skóla Den Danske Filmskole.

Dagur Kári stundaði áður leikstjóranám við skólann og viðurkennir að það sé óneitanlega skrítin tilfinning að vera kominn aftur og í þetta sinn sem kennari. „Þetta er frábær skóli og ég kunni ótrúlega vel við mig. Það er samt óneitanlega skrítin tilfinning að vera kominn hinum megin borðsins. Margir af mínum gömlu kennurum eru hérna enn og það tekur smá tíma að venjast því að maður er orðinn einn af þeim. Þegar ég byrjaði stóð ég í þeirri trú að ég væri algert unglamb, en komst fljótt að því að í augum nemendanna er ég bara miðaldra kennari,“ segir leikstjórinn, sem reiknar síður með því að ílengjast í Danmörku. „Ég gerði reynslusamning til eins árs. Ég reikna síður með að vera þarna í fullu starfi lengur en það, því mín bíða ótal verkefni sem ég þarf líka að sinna. En ef þetta gengur vel væri gaman að hafa ítök þarna til langframa. En það verður alltsaman að koma í ljós.“

Elsa María Jokobsdóttir er ein af sex nemendum sem teknir voru inn í leikstjóranámið við skólann og mun hún því sitja tímana hjá Degi Kára. „Hún byrjar núna í haust og hún verður því nemandi minn.“

Dagur Kári er að leggja lokahönd á næstu kvikmynd sína um þessar mundir. Myndin ber titilinn Fúsi og fjallar um fertugan mann sem býr enn hjá móður sinni. Gunnar Jónsson fer með aðalhlutverkið.

sara@365.is

Helstu myndir Dags Kára

2003 **Nói Albinói** | 2005 **Fullorðið fólk** | 2009 **The Good Heart**

ORÐINN KENNARI Dagur Kári Pétursson leikstjóri segir skrítið að vera kominn aftur í sinn gamla skóla, nú sem kennari. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fróðlegt að heimsækja Gylfa Þór

Fyrsti þáttur viðtalsþátta Ragnhildar Steinunnar fer í loftið annað kvöld.

„Ég reyndi að velja fólk sem er á uppleið í sínu fagi og hafa viðmælendurna ólíka þeim sem rætt var við í fyrri þáttaröðum. Ég hef til dæmis aldrei rætt við knattspyrnumann áður,“ segir fjölmiðlakonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir um viðmælendur sína í þáttaröðinni Ísþjóðin. Fyrsti þáttur þriðja þáttaraðar verður sýndur í Sjónvarpinu annað kvöld.

Knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson, er leikur með Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni, er fyrsti viðmælandi Ragnhildar Steinunnar. Hún segist hafa notið liðsinnis sambýlismanns síns, Hauks Inga Guðnasonar, aðstoðarþjálfara Fylkis, er hún setti saman spurningalista fyrir knattspyrnumanninn. „Haukur settist yfir spurningalistann með mér og kom með ýmsar góðar spurningar sem urðu að fylgja með.“

Hún segir að fróðlegt hafi verið að fylgjast með lífi atvinnumannsins, enda sé þeirra líf allt öðruvísi en flestra. „Þetta snýst allt um að halda skrokknum í lagi og ná árangri á vellinum. Það var mjög gaman að heimsækja Gylfa, hann býr yfir ótrúlegum aga og dugnaði.“

Ragnhildur Steinunn gengur með sitt annað barn og átti barnið að fæðast í gær. „Ætli barnið komi ekki á meðan fyrsti þáttur er í loftinu. Það væri alveg týpískt,“ segir hún að lokum og hlær.

- sm

MEÐ GYLFA Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir ásamt knattspyrnumanninum Gylfa Þór Sigurðssyni. MYND/EIRÍKUR INGI

LIFÐU VEL

20 - 50% AFSL. AF VÖLDUM VÖRUM!

Cam Crescent sófar
Stærð: 3ja 228 x 93 cm, 2,5 sæta 198 x 93 cm.
Tilboðsverð í áklæði (-25%): 3ja 498.000,- **nú 373.500,-**, 2,5 sæta 338.000,- **nú 253.500,-**

Chesterfield original leðursófi
Stærð: 3ja sæta 255 x 112 x 74 cm, 2,5 sæta 225 c112 x 74 cm
Litir; dökkbrúnt og brúnt
Verð tilboð (-30%); 3ja 655.000,- **nú 458.500,-**, 2,5 sæta 598.000,-, **nú 412.300,-**

idp Sphera
Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, hvítt og dökkbrúnt.
Verð tilboð (-25%); sófasett 3+1+1 949.000,- **nú 711.750,-**, 3ja sæta sófi 455.000,- **nú 341.250,-**
Hönnuður: Luigi Fumagalli

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

NÆRMYND

Erna Ómarsdóttir

Dansari og danshöfundur

ALDUR 41 árs
MAKI Valdimar Jóhannesson
FORELDRAR Ómar Kristinsson og Kristín Geirsdóttir

Erna Ómarsdóttir er listrænn stjórnandi hátíðarinnar Reykjavík Dance Festival. Hátíðin fer fram dagana 23. ágúst til 1. september.

„Hún er ótrúlega dugleg við að skipuleggja sig, sem er áhugavert því hún virkar kannski svolítið kaótísk. Hún er með allt skipulag hátíðarinnar í hausnum en er ekki mikið að senda tölvupóst. Dugleg og ákveðin í sínu. Skapandi og skemmtileg."

Tinna Lind Gunnarsdóttir *samstarfskona og vinkona*

„Vegna Ernu hætti ég að vinna við löndun og er núna að dansa. Hún henti mér út í listaheiminn. Það er mjög erfitt að vera ekki að skapa þegar maður er ekki í kringum hana. Hún er rosalega dugleg og getur verið að gera marga hluti í einu. Svo er hún sætasta stelpa sem ég hef séð."

Valdimar Jóhannesson *eiginmaður*

„Erna er marglaga manneskja sem hefur mikla sköpunargáfu en frekar slaka skipulagningarhæfni. Hún getur verið að klára danssýningu og eignast barn í sömu viku. Hún er algjör töfrakona. Það sem hún hefur gert fyrir íslenska danslist er stórkostlegt. Hún er stjórstjarna og svo er hún rosalega indæl og yndisleg."

Ólafur Darri Ólafsson *vinur*

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Nýtt

RIFFLA karfa. Bast
Ø32, H20cm **1.790,-**

Nýtt

HENRIKA púðaver. B50×L50cm
Ýmsir litir **1.290,-/stk.**
Innri púði seldur sér

Nýtt

195,-/stk.

UTFÖRA glös. 23cl
H10cm. Marglitt

Nýtt

MARIAM gardínur
B145×L250cm
Ýmsir litir **3.990,-**

Margt fallegt fyrir nýjungagjörn heimili

Nýtt

FLÄRDFULL ilmkerti í glasi
H8cm. Ýmsir litir **595,-**

Nýtt

HINNERUP motta. B133×L195cm
Marglitt **7.990,-**

Nýtt

395,-/30 í pk.

LÅNGVARIG servíettur
B33×L33cm. Margliitt

Nýtt

SAKKUNNIG tesíur. L6,5cm
Blátt/grænt
595,-/2 í pk.

Nýtt

1.690,-

KAJUTA borðlampi. H31cm. Ýmsir litir

Nýtt

HUSET dúkkuhúsgögn **2.490,-/6 í setti**

Nýtt

OFTA kerti. L23cm. Ýmsir litir **595,-/10 í pk.**

Nýtt

Nýtt

1.490,-/stk.

JÄLLVIK rammar. Myndastærð B21×H30cm
Ljósgrátt

Nýtt

GURLI teppi
B120×L180cm
Ýmsir litir **2.490,-**

Nýtt

HEMLIG hitakrús. 35cl
H19cm. Grátt/gegnsætt **1.490,-**

Nýtt

KOSSAN sængurverasett
B150×L200/B60×L50cm
Marglitt **2.990,-**

Nýtt

SAXSKÄR baðmottur. B57×L57cm
Ýmsir litir **895,-/stk.**

VEITINGASTAÐURINN

545,-

Grænmetisbuff
með graslaukssósu,
kúskús og grænmeti

Sultugerð um helgina

Við búum til sultu í versluninni alla helgina milli kl. 13 og 17.
Komdu, lærðu og smakkaðu!

IKEA®

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**